

**SKOÐUN** Forsætisráðherra skrifar um kjaramál og frídag verkalýðsins. 24



**MENNING** Tryggvi Ólafsson velur verkalýðsdaginn til þess að opna sýningu. 32



**LÍFIÐ** Ríkir útlendingar spreða rækilega á börum borgarinnar. 46



**SPORT** Finnur Freyr Stefánsson skráði nafn sitt í sögubækur KR-inga. 42





**VINNAN** tímarit ASÍ fylgir blaðinu í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
1. maí 2015
101. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**LÍFIÐ**



### Þjóðgarðurinn gjöf til komandi kynslóða

Andri Snær Magnason er einn af okkar fremstu rithöfundum og hugmyndasmiðum. Hann segir Lífinu frá ferlinum, framtíðarsýn og óafturkræfum ákvörðunum.

**FRÉTTIR**



### Hugmynd leysir deilur

Samtök ferðaþjónustunnar telja hugmyndir um að uppbygging ferðamannastaða verði fjármögnuð beint af ríkinu afar jákvæðar. Formaðurinn sér engar hættur í því fólgnar og stórt skref í að ná breiðri sátt. 8

**Áminnti ráðherra** Guðrún Einarsdóttir, 92 ára, mætti í velferðarráðuneytið með áminningu til ráðherra um mál sem brenna á öldruðum. 2

**Stjórnsýsluúttekt** Fulltrúar minnihlutans í hafnarstjórn Hafnarfjarðar vilja stjórnsýsluúttekt á vinnubrögðum í máli starfsmanns sem var áminntur eftir að hafa sagt félögum sínum af fundi í ráðhúsi bæjarins. 6





20

**3 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk | Vinnan







**FRÍDAGUR VERKALÝÐSINS** Í dag fer launafólk landsins í kröfugöngu á frídegi verkalýðsins. Hátíðahöld eru haldin í skugga harðra deilna á vinnumarkaði og þúsundir eru í verkföllum. Víða eru hátíðahöld í tilefni dagsins og stóru stéttarfélögin í Reykjavík halda kaffisamsæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þróa meðferð fyrir stórslasaða hermenn

Ísfirska fyrirtækið Kerecis hefur gert þróunarsamning við bandaríska sjóherinn um að nýta vöru sína úr þorskroði til að meðhöndla bráðaáverka. Tækifærin eru mikil ef vísindaleg markmið nást. Um tveir milljarðar króna renna til verkefnisins.

**RANNSÓKNIR** Ísfirska lækningavörufyrirtækið Kerecis hefur gert þróunarsamning við Rannsóknamiðstöð bandaríska sjóhersins (ONR) um að nýta vefjaviðgerðarefni fyrirtækisins sem er úr þorskroði til meðhöndlunar á bráðaáverkum á alvarlega slösuðum hermönnum. Helst er um skot- og sprengjuáverka að ræða.

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis, segir upphæð samningsins vera trúnaðarmál en að ONR hafi tæpa tvo milljarða króna til ráðstöfunar fyrir verkefnið. Nái Kerecis að uppfylla vísindaleg markmið samningsins gæti það falið í sér verulega tekjumöguleika.

Öll vinna við verkefnið fer fram hjá Kerecis á Íslandi og hjá íslenskum og erlendum samstarfsaðilum.

Blake McBride, kapteinn og aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasviðs ONR, sagði við undirritun samningsins að meginmarkmið ONR væri að auka tækniforskot bandaríska sjóhersins og landgönguliðadeilda hersins. „Efni Kerecis er ný tækni sem lofar góðu og við vonum að geti leitt til bættra meðhöndlunarúrræða fyrir alvarlega slasaða hermenn.“

Hilmar Kjartansson, bráðalæknir og yfirmaður klínískrar þróunar Kerecis, segir markmiðið að þróa meðhöndlunarúrræði sem auka bæði lífsgæði og lífslíkur slasaðra hermanna. „Tæknin mun nýtast hermönnum og einnig almennum borgurum í framtíðinni.“

Samningurinn sem nú er í hendi er annar samningurinn sem Kerecis gerir við bandarísk varnarmálayfirvöld en í fyrrahaust gerði fyrirtækið smærri samning við Sárarannsóknasetur bandaríska landhersins. Sá samningur snýst um rannsóknir á tækni Kerecis til að meðhöndla alvarleg brunasár. - shá / sjá síðu 12

Vill að SA beiti sér:

## Lífeyrissjóðir skipti sér ekki af

**FJÁRMÁL** Kristján Loftsson, stjórnarformaður HB Granda, vill að lífeyrissjóðir skipti sér ekki af þeim hlutafélögum sem þeir fjárfesta í.

Kristján kynnti tillögu þess efnis á ársfundi Gildis lífeyrissjóðs í apríl síðastliðinn, en hún var of seint fram komin til að teljast tæk.



KRISTJÁN LOFTSSON

Kristján hyggst vinna þessari skoðun sinni fylgi innan Samtaka atvinnulífsins.

„Þetta á við um alla lífeyrissjóðina að mínu mati. Ég ætla að vinna að því að Samtök atvinnulífsins flytji tillögur í þessa veru á öðrum fundum þannig að lífeyrissjóðirnir komi ekki nálægt því að skipta sér af stjórnarkjörum í félögum sem þeir eiga í,“ segir Kristján. - kóp / sjá síðu 4




25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

AÐEINS Í DAG

OPIÐ FRÁ KL. 10[00] TIL 20[00]

*Nema af vörum frá IITTALA og SKOVBY sem eru með 15% afslætti.

HÚSGAGNAHÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI
www.husgagnahollin.is

## VEÐUR




**Austan og norðaustan 5-13 m/s norðan- og austanlands í dag**, dálítil snjókoma eða él og hiti um frostmark. Hægari vindur og yfirleitt þurrt á Suður- og Vesturlandi, þar fer hitinn í 1 til 7 stig yfir daginn.

SJÁ SÍÐU 30

Lítið þokast í kjaraviðræðum og ríkissáttasemjari segir stöðuna þá erfiðustu síðan hann tók við:

# Gæti stefnt í 100 þúsund manna verkfall

**KJARAMÁL** „Við sjáum svolítið hvað er fram undan í dag. Starfsgreinasambandið komið í verkföll og búið að leggja niður fyrir sér hvernig það ætlar að halda áfram. Flóabandalagið og verslunarmenn hafa slitið viðræðum hér til að undirbúa aðgerðir og ég held að þetta sé grafalvarleg staða sem upp er komin,“ sagði Magnús Pétursson ríkissáttasemjari í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Allsherjarverkfall sextán stéttarfélaga á landsbyggðinni hófst á hádegi í gær og stóð til miðnættis. Ríkissáttasemjari segir að hann hafi ekki séð kjaraviðræður í öðrum eins hnút frá því hann tók við embætti. Ef samningar nást ekki á næstu vikum stefni í að um eitt hundrað þúsund manns verði í verkfalli undir lok maí. Í gær var haldinn málamyndafundur hjá ríkissáttasemjara með fulltrúum Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Þó að jákvæðni hefði gætt eftir fundinn þá er ljóst að langt er í land.

Magnús tók við embætti árið 2008 og lætur af embætti í lok maí. Hann segir stöðuna nú þá erfiðustu sem hann hafi séð. „Já, ég held að það megi segja að þetta sé erfiðasta staðan,“ Þá séu opinberir starfsmenn innan BHM í verkfalli, samningar BSRB hafi runnið út í dag og deilum fjölgi. Brýnt sé að ná samningum. „Ég held að það yrðu margir hugsi ef hér yrðu komin yfir hundrað þúsund manns í verkföll í lok maímánaðar. Ég held að það sé afar alvarleg staða ef svo færi. Ef svo illa færi,“ segir Magnús. - hmp



**Í HNÚT** Illa gengur að semja og ljóst að enn er langt í land. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MARSERAÐ** Mikil hátíðahöld voru í Víetnam í gær þegar 40 ár voru liðin frá Falli Saigon. NORDICPHOTOS/GETTY

Hermenn marseruðu í skrúðgöngu í Ho Chi Minh í Víetnam:

# Fjörutíu ár liðin frá stríðslokum

**VÍETNAM Hermenn marseruðu í skrúðgöngu í gær. Tilefnið var að fjörutíu ár eru liðin frá falli Saigon, þegar norðurvíetnamskar hersveitir ásamt suðurvíetnömskum bandamönnum hertóku Saigon árið 1975. Það markaði endalok Víetnamsstríðsins sem staðið hafði um áratugaskeið.** - vh

Sautján sóttu um stöðuna:

# Jón Pétur ráðinn skólastjóri

**MENNTAMÁL** Jón Pétur Ziemsen hefur var ráðinn skólastjóri Réttarholtsskóla en hann hefur starfað við skólann frá árinu 1998 og sem aðstoðarskólastjóri við skólann síðastliðin 8 ár. Sautján umsækjendur voru um stöðuna.

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að nemendur við skólann hefðu afhent Ragnari Þorsteinssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, stuðningsyfirlýsingu langflestra nemenda skólans sem eru um 300 talsins, þar sem skorað var á sviðið að ráða Jón Pétur sem skólastjóra. - vh

Tveir með minniháttar meiðsl:

# Bílstjóri ók á ljósastaur

**SLYS** Bifreið var ekið á ljósastaur við Miklubraut til móts við Skeifuna á tólfta tímanum í gær. Tveir voru fluttir með sjúkrabíl á slysadeild; fullorðinn einstaklingur og barn en þau hlutu minniháttar áverka.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu var sendur tækjabíll á staðinn þar sem ljósastaurinn lagðist í jörðina en rafmagn var á staurnum.

Fulltrúar frá Orkuveitu Reykjavíkur voru einnig kallaðir til vegna málsins. - ak, vh

# Mætti í ráðuneytið og áminnti ráðherra

Guðrún Einarsdóttir, 92 ára ellilífeyrisþegi, mætti í velferðarráðuneytið með velviljaða áminningu til Eyglóar Harðardóttur ráðherra um mál sem brenna á öldruðum. Vill að aldraðir geti haldið fjárhagslegu sjálfstæði og vasapeningar verði lagðir af.

**SAMFÉLAG** Síðustu vikur hefur Guðrún Einarsdóttir, 92 ára ellilífeyrisþegi, barist fyrir bættum réttindum eldri borgara landsins. Hún mótmælti því að lífeyrisþegar missi lífeyri þegar þeir dvelja langdvölum á sjúkrastofnun eða dvalarheimili og hélt blaðamannafund á heimili sínu þegar það var hlutskipti hennar sjálfrar.

Guðrún heldur baráttu sinni áfram og vill að greiðsluþátttöku aldraða verði breytt þannig að aldraðir haldi fjárhagslegu sjálfstæði og greiðslur vasapeninga lagðar af. Þá vill hún að stofnað verði embætti umboðsmanns aldraðra sem gæti hagsmuna þeirra.

„Nú er ég mætt hingað í ráðuneytið með vinalega áminningu til ráðherra, ég fæ reyndar ekki að hitta hana heldur Matthías, aðstoðarmann hennar,“ segir Guðrún þar sem hún bíður á biðstofu í ráðuneytinu. Með henni í för er Sigrún Huld Þorgrímsdóttir öldrunarhjúkrunarfræðingur, sem hefur ákveðið að veita Guðrúnu liðsinni í baráttunni. „Í gegnum Guðrúnu hef ég kynnst því hvernig stjórnvaldið vinnur og sé þörf á breytingum. Það gengur ekki að hafa málefni aldraða í tveimur ráðuneytum á herðum tveggja ráðherra.“

Þingsályktunartillaga liggur fyrir Alþingi um stofnun embættis umboðsmanns aldraðra og Guðrúnu er umhugað um að tillagan verði tekin alvarlega en hugmyndin er ekki ný af nálinni. Á Alþingi veturinn 1996-1997 flutti Guðmundur Hallvarðsson tillögu um stofnun þessa embættis. Árið 2007 samþykkti Félag eldri borgara ályktun um að eldri borgarar fengju umboðsmann.

„Bág staða aldraðra er auðmýkjandi og hana þarf að leiðrétta og hananú, ég vitna í orð Páls Matthíassonar, forstjóra Landspítala. Það vantar fimm hundruð rými á næstu fimm árum. Við verðum að berjast, því við verðum öll gömul, er það ekki?“ segir Guðrún sem hefur fylgst vel með fréttum af stöðu aldraðra sem geta ekki útskrifast af spítölum vegna úrræðaleysis.

Matthías Imsland opnar hurð til hálfs. „Guðrún,“ kallar hann hvellt og boðar hana til sín. Hún fær aðstoð Sigrúnar Huldar við að komast inn ganginn og í fundarherbergið. Hún hefur ekki enn fengið sérstaka ökklaskó sem hún sótti um að fá fyrir meira en mánuði og þarf því ríkan stuðning.

Á fundinum lagði Guðrún svo fram kröfu sína og áminningu. „Ég bað um að þetta yrði leiðrétt 1. júlí og leiðrétt aftur í tímann það sem hefur verið tekið af.“

kristjanabjorg@frettabladid.is



**FÉKK EKKI AÐ HITTA RÁÐHERRA** Guðrún, sem hefur barist ötullega fyrir málefnum eldri borgara, fékk ekki að hitta ráðherra en bar aðstoðarmanni henni, Matthíasi Imsland, vinsamlega áminningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Bág staða aldraðra er auðmýkjandi og hana þarf að leiðrétta og hananú.**
>
> *Guðrún Einarsdóttir ellilífeyrisþegi*




Minnihluti stjórnskipunarnefndar telur ekki forsendur fyrir frekari skoðun:

# Gerir alvarlegar athugasemdir

**STJÓRNMÁL** Minnihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar telur að afskipti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi innanríkisráðherra, af rannsókn lekamálsins hafi verið alvarleg og í hæsta máta ámælisverð með vísan til laga um ráðherraábyrgð. Minnihlutinn telur ekki forsendur til frekari skoðunar á þeim þætti málsins.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Minnihluti nefndarinnar gerir alvarlegar athugasemdir við upplýsingagjöf Hönnu Birnu, í skriflegum svörum, í þingsal og fyrir nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar var annars vegar að skoða misvísandi upplýsingagjöf Hönnu Birnu meðan á málinu stóð og hins vegar að leggja mat á samskipti hennar við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu.

Minnihlutinn telur að upplýsingagjöf Hönnu Birnu og yfirlýsingar hafi verið til þess fallin að draga mál hennar óþarflega á langinn.

Telur hann að afsögn Hönnu Birnu hljóti að teljast ákveðinn lokapunktur í málinu hvað þinglega ábyrgð og ráðherraábyrgð varðar.

Þá standa eftir þættir í samskiptum hennar við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu. - srs



**ALVARLEGAR ATHUGASEMDIR** Ögmundur Jónasson er formaður nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1. MAÍ 2015

# JÖFNUÐUR BÝR TIL BETRA SAMFÉLAG

Verkalýðshreyfingin berst fyrir mannsæmandi kjörum launafólks og samfélagi jafnréttis og jafnra tækifæra. Þeim samfélögum vegnar best þar sem jöfnuður er mikill. Þar eru lífsgæði almennings mest og mannlífið betra. Staðreyndir sýna einnig að aukinn jöfnuður stuðlar að betri samkeppnishæfni þjóða og meiri hagvexti. Það græða því allir á auknum jöfnuði.

Það er grundvallarkrafa að fólk lifi af dagvinnulaunum. Langur vinnudagur og mikið álag skerða lífsgæði, draga úr framleiðni og auka samfélagslegan kostnað. Þess vegna er krafa almenns launafólks um ríflegar kjarabætur í komandi kjarasamningum bæði réttlát og nauðsynleg. Vinnum sameiginlega að því að bæta kjörin því jöfnuður býr til betra samfélag fyrir okkur öll.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.**

Alþýðusamband Íslands

## SPURNING DAGSINS



Halldór, þarf plan B fyrir A-hlutann?

**„Það er plan D.“**

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, gagnrýnir milljarðahalla á A-hluta borgarsjóðs en fagnar árangri af Planinu svokallaða fyrir Orkuveituna sem tilheyrir B-hluta borgarinnar.

Hæstiréttur þyngdi dóm yfir manni sem var ákærður fyrir fimm líkamsárásir:

# Veittist ítrekað að óléttri konu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir karlmanni sem fundinn var sekur í Héraðsdómi Norðurlands eystra um líkamsárásir og þjófnað á hendur fyrrverandi sambýliskonu sinni í október í fyrra. Var hann dæmdur í fimmtán mánaða skilorðsbundið fangelsi og gert að greiða konunni 800 þúsund krónur.

Maðurinn var ákærður fyrir fimm líkamsárásir gegn konunni, stórfelldar ærumeiðingar í hennar garð og þjófnað með því að hafa í tvígang millifært í heimildarleysi peninga á sinn reikning í gegnum heimabanka hennar.

Dómurinn taldi sannað að maðurinn hefði gerst sekur um líkamsárásirnar gegn konunni, sem hann hafði verið sýknaður af í héraðsdómi. Var hann meðal annars dæmdur fyrir að hafa slegið konuna, tekið hana hálstaki og sett hné í kvið hennar þegar hún var gengin rúma 21 viku með barn sitt og ákærða. - sks, vh



**ÞYNGDUR** Dómur yfir manninum var þyngdur í Hæstarétti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Húsið fer í notkun aftur:

# Nasa opnað á ný við Austurvöll

**FRAMKVÆMDIR** Ásgeir Kolbeinsson verður í forsvari fyrir nýja eigendur sem gert hafa leigusamning um rekstur Nasa við Austurvöll. Skipulagsbreytingar á húsinu verða kynntar á blaðamannafundi í lok maí. Þar segir að hugsanlegt sé að einhverjir viðburðir verði á Nasa í maí, áður en framkvæmdir á húsinu hefjast.

Breytingar á húsinu verði margvíslegar og notkunarmöguleikar þess hámarkaðir. Nasa var lokað í júní 2012. - sks

Staðgengillinn tekur við:

# Forstjóri ÍLS hættir störfum

**ATVINNA** Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, hefur óskað eftir því við stjórn sjóðsins að láta af störfum og hefur stjórnin fallist á beiðni hans. Þetta kemur fram í tilkynningu til Kauphallarinnar.



**SIGURÐUR ERLINGSSON**

Stjórn Íbúðalánasjóðs mun á næstunni auglýsa starf forstjóra laust til umsóknar og mun hann fá það hlutverk að leiða breytingar sem kunna að verða á starfsemi sjóðsins við breytta skipan húsnæðismála.

Þar til gengið hefur verið frá ráðningu nýs forstjóra mun staðgengill forstjóra, Gunnhildur Gunnarsdóttir, gegna störfum forstjóra og mun fráfarandi forstjóri verða henni til ráðgjafar. - jhh

Fyrirspurn um fjarskiptagögn:

# Spyr um símaupplýsingar

**STJÓRNMÁL** Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata, hefur lagt fram fyrirspurn til forseta Alþingis um fjarskiptaupplýsingar alþingismanna.

Þar spyr hún hvernig varðveislu gagna sem snúa að símreikningum alþingismanna sé háttað, hvaða starfsmenn Alþingis hafi aðgang að símreikningum eða fjarskiptaupplýsingum alþingismanna, hvort símreikningar innihaldi upplýsingar um hvaða númer hafi verið hringt í, hve lengi símtöl standi og hvaða númer hafi verið send smsskilaboð í.

Einnig spyr hún hve lengi þessi gögn séu varðveitt hjá þinginu og hvernig þeim sé eytt. - vh

# Vill lífeyrissjóði áhrifalausa

Kristján Loftsson vill að lífeyrissjóðir skipti sér ekkert af aðalfundum félaga sem þeir eiga í. Séu þeir ósáttir geti þeir einfaldlega selt sinn hlut og farið. Sjóðirnir verða að gæta sinna mála, segir formaður Eflingar.

**FJÁRMÁL** „Efnið var það að lífeyrissjóðirnir skipti sér ekki af aðalfundum í félögum sem þeir fjárfesta í,“ segir Kristján Loftsson, einn eigenda HB Granda, um tillögu sem hann lagði fram á ársfundi Gildis lífeyrissjóðs 15. apríl. Tillaga Kristjáns var of seint fram komin til að teljast tæk á fundinum, en hann hyggst vinna þessari skoðun fylgi innan Samtaka atvinnulífsins (SA) og vill að þau leggi fram álíka tillögur í fleiri sjóðum.

„Aðalmálið er það að lífeyrissjóðir eiga að fjárfesta. Þeir eiga að hugsa um hag fjárfesta og það er ekki þeirra hlutverk að skipta sér af hlutafélögum sem þeir fjárfesta í. Ef þeir eru óánægðir með félögin eiga þeir bara að selja hlut sinn í þeim.“

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, er algjörlega andsnúinn þessari nálgun, en verkalýðshreyfingin á sína fulltrúa í stjórnum lífeyrissjóða.

„Ég benti á það að ég tel þetta vera algjörlega ranga nálgun og það hefur sýnt sig að það er mjög eðlilegt að lífeyrissjóðirnir reyni að gæta sinna mála. Þeir eiga náttúrulega að gera það á öllum vígstöðvum,“ segir Sigurður.

Hann segir að þvert á móti eigi lífeyrissjóðirnir að beita sér fyrir góðum málum innan félaganna sem þeir eiga hlut í.

„Ég tel að það geri þeir sem fulltrúar þess fjár sem er inni í lífeyrissjóðunum og stjórnir lífeyrissjóðanna eigi ævinlega að hafa skoðun á því sem gerist inni í fyrirtækjum, bæði hvað varðar tillögur sem liggja fyrir og síðan að koma með góðar tillögur inn á ársfundi sem geta verið gagnlegar.“

Kristján segir hins vegar að lífeyrissjóðirnir eigi ekki að vera með puttana í rekstri fyrirtækja.

„Þessir gæjar ætla að gína yfir öllu. Við kynntumst því á fundum í gamla daga þegar Lífeyrissjóður verslunarmanna sagðist styðja mann sem er í púra samkeppni í útflutningi á sjávarafurðum við HB Granda.“

Hann segist munu beita sér fyrir því að SA flytji álíka tillögur í fleiri lífeyrissjóðum og mun endurflytja tillöguna að ári hjá Gildi ef með þarf. En hefur hann stuðning innan SA?

„Flestir sem ég tala við eru inni á þessari línu, það þorir bara enginn að segja frá því.“

kolbeinn@frettabladid.is



**LÍFEYRISÞEGAR** Nái tillaga Kristjáns hljómgrunni verða fulltrúar lífeyrisþega áhrifalausir í stjórnum þeirra fyrirtækja sem sjóðirnir eiga í. Kristján vill að sjóðirnir hugsi fyrst og fremst um hag fjárfesta og arð af fjárfestingum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Skoðanaleysi ekki heppilegt



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir samtökin fyrst og fremst vilja beina því til fulltrúa í stjórnum lífeyrissjóða að þeir marki sér skýra stefnu um það hvernig þeir beiti sér og það sé með skýrum og fyrirsjáanlegum hætti hvernig þeir séu virkir sem hluthafar. Pegar lífeyrissjóðirnir eigi upp í 40 til 50 prósenta hlut í skráðum fyrirtækjum sé mikilvægt að þeir hafi skoðun.

„Ég held að það væri ekki sérlega heppilegt að sjóðirnir væru algjörlega skoðanalausir þegar eignarhlutur þeirra er orðinn jafn mikill og raun ber vitni. Það gæti þýtt að í einhverjum tilvikum yrðu smáir hluthafar of áhrifamiklir í stefnumótun fyrirtækja. Einn af þeim lærdómum sem sjóðirnir drógu af hruninu er að þeir þyrftu að fylgjast vel með og beita sér með virkum hætti í hluthafahópi fyrirtækjanna, en gæti þess þó að vera fyrirsjáanlegir og faglegir í aðkomu sinni.“

> **Flestir sem ég tala við eru inni á þessari línu, það þorir bara enginn að segja frá því.**
>
> *Kristján Loftsson, stjórnarformaður HB Granda*




Nígeríski herinn hefur eyðilagt þréttán herbúðir samtakanna Boko Haram:

# Frelsuðu fleiri fanga úr haldi

**NÍGERÍA** Hermálayfirvöld í Nígeríu segjast hafa frelsað fleiri fanga úr herbúðum Boko Haram síðastliðinn miðvikudag.

Talsmaður hersins segir að níu herbúðir samtakanna hafi verið eyðilagðar í áhlaupi hersins og 160 manns voru frelsaðir úr haldi á miðvikudaginn.

Úr hópi borgara lét ein kona lífið og átta særðust í aðgerðunum. Einn stjórnarhermaður lést í átökunum og nokkrir úr liði Boko Haram.

Fyrr í vikunni frelsaði herinn 300 konur og börn úr haldi samtakanna en engin kvennanna var úr hópi skólastúlknanna sem samtökin námu á brott í apríl í fyrra. Alls hafa 13 herbúðir verið eyðilagðar vikunni.

Þúsundir manna hafa látið lífið eftir að hersveitir Boko Haram hófu skærur sínar í norðausturhluta Nígeríu árið 2009.

Markmið hreyfingarinnar er að stofna íslamskt ríki í Nígeríu. Á undanförnum mánuðum hefur nígeríski herinn ásamt herafla nágrannaþjóða tekið aftur mikið landflæmi sem samtökin höfðu áður sölsað undir sig. - srs



**FAGNAÐ** Stjórnarhermenn fagna því að hafa eyðilagt herbúðir fyrr í mánuðinum. AFP/NICHOLE SOBECKI

# Findus kanilsnúðar

## Hvað er betra en að vakna upp við angan af ilmandi bakkelsi?



## SVONA ERUM VIÐ



**18** samkynhneigð pör voru gefin saman í hjónaband árið 2011. Það eru tvöfalt fleiri en árið 2002 þegar hjónavígslurnar voru níu.

*Heimild Hagstofa Íslands*

Framlegð tryggingafélaganna af tryggingastarfsemi er neikvæð. Fjárfestingatekjur vega á móti:

# Óveðrið hefur áhrif á tryggingafélögin

**VIÐSKIPTI** Óveðrið í vetur hefur haft áhrif á afkomu tryggingafélaganna. Þannig var heildarhagnaður Tryggingamiðstöðvarinnar 700 milljónir á fyrsta ársfjórðungi í fyrra en 72 milljónir nú. Framlegð af vátryggingastarfsemi var neikvæð um 756 milljónir króna nú en jákvæð um 39 milljónir í fyrra.

„Veturinn hefur verið einstaklega tjónaþungur, aðallega vegna tíðra óveðra. Fjárfestingatekjur voru á hinn bóginn vel umfram væntingar og vega að einhverju leyti upp tapið af vátryggingastarfseminni,“ segir Sigurður Viðarsson, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar.

Afkoma Vátryggingafélags Íslands var umfram væntingar og segir Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, að það skýrist aðallega af mjög góðri ávöxtun af fjárfestingaeignum félagsins, en hún nam 3,2 prósentum.

„Afkoma VÍS af vátryggingastarfsemi var ágæt ef litið er fram hjá áhrifum óveðursins þann 14. mars síðastliðinn,“ segir hún jafnframt. Framlegð VÍS af vátryggingarekstri var neikvæð um 165 milljónir króna. Framlegð af vátryggingarekstri á sama tímabili í fyrra var neikvæð um 66 milljónir króna.

Hagnaður VÍS eftir skatta nam 733 milljónum króna á fjórðungnum samanborið við 14 milljóna króna tap á sama tímabili í fyrra.

- jhh



**FORSTJÓRI TM** Mikið tap af vátryggingastarfsemi skýrist meðal annars af fjölgun tjóna þar sem slæmt tíðarfar skiptir mestu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Ársfundur**

Vina Vatnajökuls - hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs

VINIR VATNAJÖKULS

Ársfundur Vina Vatnajökuls verður haldinn,
**mánudaginn 27. apríl 2015 kl. 16:00**
**á hótel Natura, Nauthólsvegi 52, Reykjavík.**
Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.
***Stjórnin***


# Ráðuneyti rannsaki mál hafnarstjórnar

Fulltrúar minnihlutans í hafnarstjórn Hafnarfjarðar vilja að innanríkisráðuneytið geri stjórnsýsluúttekt á vinnubrögðum meirihlutans og bæjarstjórans í máli starfsmanns sem var áminntur eftir að hafa sagt félögum sínu af fundi í ráðhúsi bæjarins.

**STJÓRNSÝSLA** Fulltrúar Samfylkingarinnar og VG í hafnarstjórn Hafnarfjarðar segjast gera alvarlega athugasemd við vinnubrögð meirihlutans í máli starfsmanns hafnarinnar sem veitt var áminning og vilja úttekt innanríkisráðuneytisins á starfi meirihlutans og aðkomu bæjarstjórans að málinu.

„Allt ferlið í þessu máli stenst ekki stjórnsýslulög. Það er ekki hægt að senda bréf í nafni hafnarstjórnar þegar hafnarstjórn hefur aldrei fjallað um þau,“ segir Gylfi Ingvarsson, fulltrúi Samfylkingar í hafnarstjórn.

Málið á upphaf í að Unnur Lára Bryde, fulltrúi Sjálfstæðisflokks og formaður hafnarstjórnar, áminnti hafnarstarfsmann sem sagði starfsfélögum sínum frá því að hann hefði verið kallaður á fund í ráðhúsi bæjarins og verið þar spurður um launamál og stjórnendur hjá höfninni. Taldi starfsmaðurinn sig þar hafa rætt við bæjarstjóra en síðar kom í ljós að svo var ekki. Áminningin var dregin til baka skömmu eftir að hún var veitt.

„Það hefur alltaf verið dregið í efa að þetta viðtal hafi átt sér stað og sagt að bæjarstjórinn hafi ekki vitað af því. Samt er hann í húsinu á sama tíma og viðtalið fór fram fyrir framan skrifstofuna hans. Síðan hefur maður fengið þær upplýsingar að það var ráðgjafi bæjarstjórans sem átti þetta viðtal við hafnarstarfsmanninn,“ segir Gylfi sem vísar þar til starfsmanns fyrirtækisins R3-ráðgjafar.

„Þetta mál er búið að fara fyrir bæjarráð svo ég veit ekki af hverju verið er að halda því á lífi,“ segir Unnur Lára Bryde, fulltrúi Sjálfstæðisflokks og formaður hafnarstjórnar.

Unnur hafnar því að nokkuð sé athugavert við vinnubrögð meirihlutans í máli hafnarstarfsmannsins. „Við teljum svo ekki vera. Þetta mál var algerlega unnið með lögmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga og við studdumst við ráðleggingar þeirra. Í bæjarráði hefur verið lagt fram bréf frá lögmanninum þar sem farið er vandlega yfir vinnubrögðin.“

Ósk minnihlutans sem sett var fram í hafnarstjórn í gær verður tekin fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar. „Það hefur þegar verið samþykkt í bæjarstjórn allsherjar úttekt á stjórnsýslu og rekstri allra sviða bæjarins og þetta fellur undir það,“ bendir Unnur Lára á aðspurð um hver afdrif málsins gætu orðið.

gar@frettabladid.is



> **Síðan hefur maður fengið þær upplýsingar að það var ráðgjafi bæjarstjórans sem átti þetta viðtal við hafnarstarfsmanninn.**

**GYLFI INGVARSSON** Parna var farið offari í að ræða við starfsmann um stjórnendur og launakjör. Síðan var reynt að láta líta þannig út að þetta hefði í reynd aldrei gerst, segir meðlimur hafnarstjórnar Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Þetta mál er búið að fara fyrir bæjarráð svo ég veit ekki af hverju verið er að halda því á lífi.**
>
> *Unnur Lára Bryde, formaður hafnarstjórnar Hafnarfjarðar.*





Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

SAFT


Fitch telur Íslandsbanka vera vel undirbúinn undir afnám gjaldeyrishafta:

# Íslandsbanki upp úr ruslflokki

**EFNAHAGSMÁL** Íslandsbanki er fyrstur banka á Íslandi frá árinu 2008 til að komast í fjárfestingarflokk hjá lánshæfismatsfyrirtækjunum.

Fitch Ratings birti í gær mat á lánshæfi bankans og er hann metinn í fjárfestingarflokki með einkunnina BBB-/F3 með stöðugum horfum.

Bankinn telur að lánshæfismatið endurspegli sterka stöðu bankans á innlendum markaði og góða eiginfjárstöðu hans.

Í lánshæfismati Fitch kemur fram að endurskipulagning stórs hluta lánasafnsins frá árinu 2008 sé nú lokið og að bankinn hafi verið varfærinn í mati á greiðslugetu viðskiptavina niðurfærðra lána. Fitch telur Íslandsbanka jafnframt vel undirbúinn undir afléttingu gjaldeyrishafta.

„Við erum mjög stolt af því að Íslandsbanki, fyrstur banka á Íslandi frá árinu 2008, sé nú kominn í fjárfestingarflokk. Þetta mun auka aðgengi okkar að fjármögnun bæði hér á landi og ekki síst erlendis,“ segir Birna Einarsdóttir bankastjóri.

Hún segir breytinguna fela í sér að mun fleiri fjárfestar geti nú keypt skuldabréf bankans sem getur svo haft áhrif á bæði eftirspurn og verðlagningu bréfanna.

- jhh



**BANKASTJÓRINN** Birna Einarsdóttir segist stolt af því að bankinn sé kominn í fjárfestingarflokk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# 1. MAÍ

## ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR LAUNAFÓLKS

**Fjölmennum** í kröfugöngur
og krefjumst **bættra kjara!**

**1. maí kaffi BSRB**
verður að Grettisgötu 89, kl. 15:15
að loknum baráttufundi á Ingólfstorgi.
Félagsmenn velkomnir

STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

SFR

## STÖNDUM ÞÉTT SAMAN

STÖNDUM SAMAN



STÖNDUM SAMAN

## ÞÉTT SAMAN 1. MAÍ 2015

ATARNA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað vantar mörg hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu fimm árum?
**2.** Hvaða framhaldsskóli reynir að fá undanþágu vegna þriggja ára náms?
**3.** Hvað eru mörg fasteignafélög komin í Kauphöllina?

**SVÖR:**
1. Fimm hundruð. 2. MR. 3. Þrjú.

Katrín Jakobsdóttir telur sjálfsagt að setja uppbyggingu á fjárlög:

# Lágt gistináttagjald má hækka

**UMHVERFISMÁL** „Mér finnst í raun sjálfsagt að uppbygging ferðamannastaða og vernd friðlýstra svæða sé á fjárlögum,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, um hugmyndir stjórnvalda um að taka fjármuni til uppbyggingar ferðamannastaða af fjárlögum og leggja af hugmyndir um samræmda gjaldtöku. Hún segir ferðaþjónustuna orðna risastóran atvinnuveg sem eðlilegt sé að stjórnvöld fjárfesti í.

„Ég er hins vegar enn þeirrar skoðunar að það megi styrkja þennan málaflokk enn frekar, til dæmis með hækkun gistináttagjalds, sem er lágt á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd og hefur hvergi annars staðar reynst ógerlegt í innheimtu eins og gefið hefur verið í skyn. Ég tel engan veginn að það sé fullreifað og sama má segja um aðrar leiðir,“ segir Katrín en hnykkir á því að mikilvægast sé þó að staðið verði af myndarskap að því mikilvæga verkefni að vernda náttúruna og tryggja að ferðamenn geti notið hennar án þess að hún láti á sjá. **- shá**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Hækkun gistináttagjalds vel fær leið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Páll Árnason:

# „Getuleysi ráðherra æpandi“

**UMHVERFISMÁL** „Það er sorgleg afleiðing verkleysis ríkisstjórnarinnar að við séum að missa af tækifærum til að láta erlenda ferðamenn greiða kostnað af nauðsynlegri uppbyggingu,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um að setja uppbyggingu ferðamannastaða á fjárlög.

„Það er enginn vandi að leggja gjöld á ferðamenn í góðri sátt og getuleysi ráðherra ferðamála er æpandi,“ segir Árni Páll. **- shá**

Atvinnuþátttaka orðin meiri:

# Aukning á vinnumarkaði

**ATVINNULÍF** Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands er atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 16-74 ára 81 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2015. Rúmlega 187 þúsund manns eru á vinnumarkaðinum, en þeim hefur fjölgað um rúm fimm þúsund milli ára og hefur því orðið 1,6 prósenta aukning á vinnumarkaði.

Atvinnuþátttaka kvenna var tæp 80 prósent en karla 84 prósent. Á vinnumarkaði teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir. Á fyrsta ársfjórðungi 2015 voru um átta þúsund atvinnulausir, eða 4,3 prósent vinnuaflsins. Hlutfall milli kvenna og karla var nokkuð jafnt. **- ag**



**Á ÞINGVÖLLUM** Þjóðgarðurinn er títt nefnt dæmi um aðkallandi uppbyggingu. MYND/BERGLIND SIGMUNDSDÓTTIR

# Hugmyndin leysir ágreining

Samtök ferðaþjónustunnar telja hugmyndir um að uppbygging ferðamannastaða verði fjármögnuð beint af ríkinu afar jákvæðar. Formaður SAF sér engar hættur í því fólgnar og stórt skref í að ná breiðri sátt um málið.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hugmyndir um að uppbygging ferðamannastaða verði sett á fjárlög og því ekki fjármögnuð með sérstakri gjaldtöku stjórnvalda á næstu misserum falla í góðan jarðveg hjá Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF).

Grímur Sæmundsen, formaður SAF, segir að þetta útspil stjórnvalda eigi samhljóm með tillögum samtakanna í umsögn við frumvarp um náttúrupassa, en eins og kunnugt er mætti málið mikilli andstöðu hagsmunaaðila jafnt sem stjórnarþingmanna og stjórnarandstöðu. Náttúrupassinn virðist því úr sögunni.

„Ef það skref verður stigið núna að ríkið fjárfestir beint í innviðum en jafnframt að fyrirtækin geti haft tekjur af þjónustu á svæðunum þá sýnist mér þetta vera stórt skref í þá átt að leysa málið í breiðri sátt. Að okkar mati er þetta útspil stórt skref fram á við,“ segir Grímur.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, viðraði þessar hugmyndir í viðtali við Fréttablaðið í gær og sagði að með nokkurri vissu þyrfti milljarð árlega á næstu árum. Með þá tölu væri unnið í fjórum ráðuneytum sem væru með nýja áætlun um uppbyggingu ferðamannastaða á teikniborðinu. Jafnframt að þá stæðu einkaaðilar og sveitarfélögin eftir fyrst heildarlausnin, náttúrupassinn, varð ekki ofan á og því yrðu allir að axla sína ábyrgð; ríkið, sveitarfélögin, einkaaðilar og ferðaþjónustan sjálf.

Grímur telur engar hættur í þessu fólgnar og vísar aftur til hugmynda um að gera aðilum kleift að bjóða virðisaukandi þjónustu á grundvelli þeirra fjárfestinga sem ráðist hefur verið í á vegum ríkisins og þeirra innviða sem verða byggðir upp. Hann óttast heldur ekki að málaflokkurinn verði fjársveltur af Alþingi í samkeppni við önnur mikilvæg mál sem samfélagið þarf að sinna. Beinn fjárhagslegur ávinningur við uppbygginguna sé einfaldlega meiri en svo, og snerti ekki aðra mikilvæga málaflokka beint.

Ragnheiður sagði jafnframt að ferðaþjónustan skilaði sífellt meiri tekjum sem séu rök fyrir því að fé renni beint úr ríkissjóði til að byggja upp og vernda þær náttúruperlur sem eru helsta aðdráttarafl sífellt fleiri ferðamanna sem hingað koma.

Grímur segist fagna þessum orðum ráðherra og þeirri viðurkenningu sem í orðum hennar felst. **svavar@frettabladid.is**



**Að okkar mati er þetta útspil stórt skref fram á við**

*Grímur Sæmundsen, formaður SAF*



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** Oddviti Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tillaga Sjálfstæðismanna:

# Afturkalli leyfi til Valsmanna

**REYKJAVÍKURBORG** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu til í borgarráði í gær að framkvæmdaleyfi á svæði Valsmanna við Hlíðarenda yrði dregið til baka tímabundið.

„Bent er á að uppbygging á Valssvæðinu sé óheimil með vísan til laga um loftferðir,“ vitnuðu sjálfstæðismenn til bréfs innanríkisráðuneytisins. Lögðu þeir til að leyfið yrði dregið til baka þar til Samgöngustofa hefur lokið umfjöllun um möguleg áhrif lokunar flugbrautar 06/24 og svokölluð Rögnunefnd hefur lokið störfum. Afgreiðslu málsins var frestað. **- gar**

Framhaldsskólinn á Húsavík
Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki

**Viltu taka stúdentspróf í fjarnámi?**

**Frá og með haustönn 2015 verður boðið upp á fjarnám í öllum áföngum stúdentsbrauta.**

Framhaldsskólinn á Húsavík býður upp á nám til stúdentsprófs af félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opinni námsbraut.

Námið er 200 framhaldsskólaeiningar og unnt er að ljúka því á 3 árum.
**Skólinn leggur áherslu á góðan undirbúning fyrir háskólanám og persónulega þjónustu við alla nemendur.**

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, http://www.fsh.is einnig í s. 464-1344 eða með því að senda aðstoðarskólameistara póst á netfangið herdis@fsh.is



Forstjóri Landspítalans segir það sameiginlegt verkefni að tryggja öryggi:

# Ábyrgðin alltaf Landspítalans

**HEILBRIGÐISMÁL** „Að sjálfsögðu er öryggi okkar sjúklinga á okkar ábyrgð og eitthvað sem við kappkostum að sinna,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, um ummæli yfirlæknis krabbameinslækninga á Landspítalanum, Gunnars Bjarna Ragnarssonar, sem sagðist ekki geta tryggt að sjúklingar yrðu ekki fyrir skaða vegna verkfalls Bandalags háskólamanna á spítalanum.

Sjúklingar á Landspítalanum finna í sífellt meiri mæli fyrir áhrifum verkfallsaðgerða BHM. Rúmar þrjár vikur eru nú síðan ríflega fimm hundruð starfsmenn á spítalanum fóru í verkfall.

„Það er reynt að koma í veg fyrir það að lyfjameðferð rofni en það hefur gerst í nokkrum tilvikum,“ sagði Gunnar Bjarni og sagði ástæðuna þá að sjúklingar hefðu ekki komist í myndgreiningarrannsókn. Þá hefðu miklar tafir orðið víða á starfseminni, bið eftir meðferð á geisladeild væri til að mynda afar löng. Verkfallið nú sagði hann að auki hafa meiri áhrif á krabbameinssjúka en læknaverkfallið.

Páll sagði ábyrgð á öryggi sjúklinga sameiginlega. „Það er hins vegar sameiginlegt verkefni okkar og þeirra sem eru í verkfalli að tryggja að aðgerðir eins og verkföll raski öryggi okkar og þjónustu sem minnst.“ **- kbg**



**SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ** Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segist kappkosta að öryggi sé tryggt.

# Við viljum jöfnuð!

Það er staðreynd að þeim samfélögum vegnar best þar sem jöfnuður er mikill. Á Íslandi fer jöfnuður nú minnkandi og standast kjör hérlendis illa samanburð við hin Norðurlöndin.

Við viljum jöfnuð! Það er allra hagur – launafólks, atvinnurekenda og ríkisvalds – að lág- og meðallaun séu hækkuð myndarlega í komandi kjarasamningum. Vinnum saman að því að bæta kjör.

**Mætum í 1. maí kröfugönguna kl. 13 á Hlemmi og leggjum áherslu á okkar kröfur.**

Upphitun hefst með skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna í **Fjölskylduhlaupi VR** á Klambratúni kl. 11. Jón Jónsson, Friðrik Dór, Sirkus Íslands, pylsur og gos og margt fleira. Minnum líka á hefðbundið **verkalýðskaffi VR** í Laugardalshöll að loknum útifundi.

**Til hamingju með daginn!**




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

Samtök sjálfstæðra skóla:

# Áslaug kjörin formaður SSSK

**MENNTAMÁL** Áslaug Hulda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, var kjörin formaður SSSK, Samtaka sjálfstæðra skóla á aðalfundi sem haldinn var í gær.

Áslaug Hulda tekur við embættinu af Sigríði Önnu Guðjónsdóttur, skólastjóra Skóla Ísaks Jónssonar, sem sinnt hefur formennsku og varaformennsku fyrir samtökin síðastliðin sex ár. Varaformaður var kjörin Ólöf K. Sívertsen, fagstjóri Skóla ehf. - aí

Margir sterkustu skákmenn heims eru væntanlegir á Evrópumót landsliða:

# Ríkisstjórnin styrkir skákmót

**SAMFÉLAGSMÁL** Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gærmorgun að styrkja Skáksamband Íslands um 25 milljónir króna af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar.

Skáksamband Íslands kemur til með að halda Evrópumót landsliða í skák næstkomandi nóvember og mun styrkféð nýtast til þess.

Margir sterkustu skákmenn heims verða líklega meðal þátttakenda. Þar má nefna Norðmanninn Magnus Carlsen, Armenann Levon Aronian og Ítalann Fabiano Caruana, sem eru líklegir til að tefla fyrir hönd þjóða sinna.

„Við gerum ráð fyrir því að það verði um 500 manns sem sækja mótið og hver um sig verði í ellefu nætur,“ segir Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Ísland.

Mót af þessari stærðargráðu kallar á sérstök skákborð og sett svo hægt sé að senda beint út frá mótinu á netinu. „Stærstur hluti þessa styrks fer líklega í að útvega græjurnar sem þarf.“ Að auki er unnið að því hörðum höndum að RÚV verði með dagskrá í kringum mótið.

„Það er klárt mál að styrkurinn mun koma að góðum notum og við erum þakklát stjórnvöldum fyrir hann. Vonandi verður mótið lyftistöng fyrir skákina hér á landi,“ segir Gunnar. - jóe



**Á SKÁKDEGINUM** Vonast er til að mótið verði lyftistöng fyrir skákina hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SAMHENT** Borgarstjóri og nemendur Klettaskóla hófu framkvæmdir í gær. MYND/RVK

Ráðist í 2,6 milljarða króna umbætur á skólanum í gær:

# Klettaskóli fær betra húsnæði

**MENNTAMÁL Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og nemendur úr Klettaskóla tóku fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu við skólann í gær.**

**Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Klettaskóla, segir að framkvæmdirnar muni gjörbylta starfi skólans til batnaðar og skapa nýja möguleika. Með nýbyggingu og endurbótum á núverandi húsnæði verða meiriháttar breytingar á aðstöðu, aðgengi og þjónustu við nemendur.**

**Að loknum jarðvegsframkvæmdum í sumar taka byggingaframkvæmdir við með haustinu. Þeim verður að fullu lokið haustið 2018.**

**Heildarkostnaður framkvæmda er um 2,6 milljarðar króna.** - shá



**CARBON RECYCLING** Stjórnarformaður fyrirtækisins segir algengt að fólk geti ekki fjárfest. MYND/CRI

Seðlabanki svarar ekki beiðni krónueiganda:

# Fær ekki að fjárfesta

**VIÐSKIPTI** Charles E. Cobb, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, getur ekki fjárfest í sprotafyrirtækinu Carbon Recycling International hér á landi þar sem Seðlabanki Íslands veitir honum ekki leyfi til þess vegna gjaldeyrishafta.

Sendiherrann fyrrverandi á töluverða fjárhæð fasta í skuldabréfum í íslenskum krónum. Sem erlendur eigandi krónueigna þarf hann heimild Seðlabankans til að skipta þeim í gjaldeyri eða færa á milli fjárfestingarflokka.

Heimildir fréttastofu herma að Cobb hafi ritað Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra bréf þar sem hann kvartar undan seinagangi við meðferð umsóknar sinnar hjá Seðlabankanum. Honum hafa ekki borist svör í heilt ár.

Cobb undrast seinaganginn en hann hefur einungis hug á að styðja við upprennandi sprotafyrirtæki á Íslandi og taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins.

Sindri Sindrason, stjórnarformaður Carbon Recycling International, segist ekki getað tjáð sig um einstök mál en segir það oft gerast að erlendir krónueigendur geti ekki fjárfest á Íslandi þar sem ekki hafi fengist heimild frá Seðlabankanum.

Charles E. Cobb var sendiherra á Íslandi frá árinu 1989 til 1991. - þþ, srs



VILJA ÚTRÝMA SÝKINGU Á Landspítalanum stendur yfir umfangsmikið hreinsunarstarf, en upp er komin sjúkrahússýking á skurðdeild. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Sjúkrahússýking á tveimur deildum

Aðeins ein skurðdeild á Landspítalanum er opin. Hinum tveimur hefur verið lokað vegna sjúkrahússýkingar af völdum ónæmra enterókokka. Hreinsun stendur yfir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkrahússýking af völdum Vancomycin-ónæmra enterókokka er komin upp á Landspítalanum. Tveimur skurðdeildum af þremur hefur verið lokað, samtals 36 rúmum, og öllum aðgerðum nema bráðaaðgerðum frestað. Mjög ónæmisbældir einstaklingar, til að mynda á gjörgæslu og krabbameinsdeildum spítalans, eru sérstaklega viðkvæmir gagnvart sýkingunni.

Átta sjúklingar eru enn inni á annarri sýktu deildinni og komast ekki af henni fyrr en meðferð þeirra er lokið. Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs, segir erfiðleika vegna sjúkrahússýkingar bætast við álag vegna yfirstandandi verkfalls. „Deildirnar verða hreinsaðar og sýni ræktuð. Við vitum ekki hver staðan er fyrr en um og upp úr helgi.

Sýkingin bætist ofan á verkfallsaðgerðir, þetta er vissulega erfitt ástand. Við höfum verið svo lánsöm að við höfum fengið forgang á þessa vinnu í samvinnu við Félag lífeindafræðinga sem er í verkfalli, þetta er gríðarlegt álag á þá, jafnt og sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga, ræstingarfólk, svo ekki sé talað um sjúklinga.“

Markmiðið er að uppræta sýkingar af þessu tagi. „Hér á Íslandi höfum við ákveðið að uppræta sýkingar sem þessar úr umhverfi sjúklinga. Það eru ekki öll lönd sem hafa ákveðið að gera það. Þær valda hraustu og heilbrigðu fólki engum vandræðum, en sjúklingum sem eru verulega ónæmisbældir eða langtímaveikir er hætt við að sýkjast af þessum bakteríum.“

Lilja segir allt reynt til að lágmarka truflun af sýkingunni. „Við á skurðlæknasviði höfum lagað okkar flæði að því sem við erum að gera. Við reynum að færa starfsfólk til og höfum sett fleiri rúm á þessa einu deild sem er opin. Við höfum hent öllu aukalegu út af þeirri deild sem er opin og setjum rúm alls staðar þar sem er hægt. Við erum líka búin að opna sex rúm á dagdeild sem sólarhringsrúm.“

Umfangsmikið hreinsunarstarf fer nú fram á Landspítalanum. Þar er allt þrifið og mörgu þarf að henda, húsgögnum sem ekki er hægt að þrífa, áteknum vörum og skrifborðsvörum svo dæmi séu tekin. „Hreinsunarferlið er afar víðtækt. Deildirnar eru þrifnar með sérstöku hreinsiefni. Allt er þrifið, þá meina ég bókstaflega allt sem ekki er hent. Það þarf að henda áteknum vörum og öllu sem er ekki gerlegt að þrífa, skrifborðsmottum, húsgögnum og slitnum dýnum.“ kristjanabjorg@frettabladid.is

## Enterókokkar og sjúkrahússýkingar

Enterókokkar eru bakteríur sem eru mikilvægur hluti af eðlilegri örveruflóru ristils. Þær geta einnig verið í fæðingarvegi hjá konum og finnast oft í umhverfi. Þessar bakteríur geta valdið sýkingum og sýklalyfið Vancomycin er oft notað til að meðhöndla sýkingar af völdum enterókokka. Í sumum tilfellum hefur bakterían myndað ónæmi gegn Vancomycini og kallast þá Vancomycin-ónæmar enterókokkur eða VÓE (VRE=vancomycin resistant enterococci). Sýkingar af völdum VÓE verða oftast hjá sjúklingum á sjúkrahúsum.

Á Íslandi er ekki algengt að fólk fái VÓE en erlendis er það vel þekkt. Skv. sóttvarnastofnun Bandaríkjanna (CDC) var ein af hverjum átta sýkingum á sjúkrahúsum af völdum enterókokka og 30 prósent af þeim voru af völdum VÓE.

**Hvers konar sýkingar getur VÓE orsakað?**

VÓE getur lifað í meltingarfærum einstaklinga og í fæðingarvegi kvenna án þess að valda sýkingu/sjúkdómum, þ.e. einstaklingur er sýklaður en ekki sýktur. VÓE getur þó stundum valdið sýkingum í þvagfærum, blóðsýkingum og sárasýkingum.



**Eru einhverjir í sérstakri áhættu á að fá VÓE?**

Einstaklingar sem eru í aukinni áhættu á að sýkjast af VÓE:

- Mjög ónæmisbældir einstaklingar (gjörgæsludeildir, krabbameinsdeildir)
- Einstaklingar sem hafa verið meðhöndlaðir með Vancomycini eða öðrum sýklalyfjum um lengri tíma
- Einstaklingar sem eru sýklaðir af VÓE


ALLT KLÁRT FYRIR VORIÐ?
VIÐ EIGUM ALLT SEM ÞARF!
TRAMPÓLÍN MEÐ NETI 366 CM
44.999
SPARIÐ 15.000
VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
HELGAR VERÐ!
SPARIÐ 25%
af öllum trampólínum!
Frá föstudegi til sunnudags í 18.–20. viku
Toys"R"Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Stofnar ráðgjafarfyrirtæki:

## Lars hættir hjá Danske Bank

**VIÐSKIPTI** Lars Christensen, aðalhagfræðingur Danske Bank, er hættur störfum hjá bankanum. Í færslu á Facebook segist hana hafa ákveðið að hefja rekstur eigin ráðgjafarfyrirtækis.



**LARS CHRISTENSEN**

„Þessi ákvörðun hefur átt sér þó nokkurn aðdraganda. Ég hef átt dásamlegan tíma hjá bankanum og bankinn verður alltaf „bankinn minn“. Allir sem þekkja mig vita hvað ég samsama mig bankanum mikið, en það er líka tilefni til þess að halda áfram að lifa,“ segir Lars Christensen. - jhh

Sanders gefur kost á sér:

## Sósíalisti vill í Hvíta húsið

**BANDARÍKIN** Bernie Sanders, öldungadeildarþingmaður á bandaríska þinginu, mun tilkynna í dag að hann hyggist óska eftir tilnefningu Demókrataflokksins til að verða forsetaframbjóðandi flokksins í forsetakosningunum 2016. Sanders hefur verið óháður öldungadeildarþingmaður Vermontríkis frá árinu 2007.

Sanders, sem lýsir sér gjarnan sem sósíalista eða jafnaðarmanni, hefur iðulega unnið náið með Demókrataflokknum en er nokkuð lengra til vinstri en flokkurinn. - srs

# Þróa meðferð fyrir slasaða hermenn Bandaríkjahers

Kerecis hefur gert þróunarsamning við bandaríska sjóherinn um að nýta vefjaviðgerðarefni úr þorskroði við meðhöndlun á skot- og sprengjuáverkum. Náist vísindaleg markmið felur það í sér mikla tekjumöguleika.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ísfirska lækningavörufyrirtækið Kerecis hefur gert þróunarsamning við Rannsóknamiðstöð bandaríska sjóhersins (ONR) um að nýta vefjaviðgerðarefni fyrirtækisins úr þorskroði til meðhöndlunar á bráðaáverkum á alvarlega slösuðum hermönnum. Helst er um skot- og sprengjuáverka að ræða.

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis, segir upphæð samningsins vera trúnaðarmál en ONR hafi tæpa tvo milljarða króna til ráðstöfunar fyrir verkefnið. „Samningurinn er einnig háður því að Kerecis nái að sýna fram á ákveðin vísindaleg markmið en að því gefnu að við náum þeim markmiðum sem stefnt er að mun samningurinn færa fyrirtækinu verulegar tekjur á næstu árum,“ segir Guðmundur. Hann bætir við að öll vinna við verkefnið fari fram hjá Kerecis á Íslandi og hjá íslenskum og erlendum samstarfsaðilum.

Hingað til hafa sárarannsóknir Kerecis aðallega snúið að sárum vegna sykursýki og öðrum þrálátum sárum sem eru alvarlegt heilbrigðisvandamál um heim allan. Með samningnum við ONR útvíkkar Kerecis rannsóknasvið sitt og vöruþróun yfir í úrræði til að meðhöndla bráðaáverka.

Baldur Tumi Baldursson,



**GUÐMUNDUR FERTRAM SIGURJÓNSSON**

húðlæknir og læknisfræðilegur stjórnandi Kerecis, segir að undanfarin fimm ár hafi fyrirtækið byggt upp sterkan vísindalegan grunn fyrir sárameðhöndlunartækni fyrirtækisins þar sem einblínt hefur verið á meðhöndlun á þrálátum sárum, ekki síst vegna sykursýki. „Þetta verkefni útvíkkar þennan vísindalega grunn yfir í bráðasár með það að markmiði að fækka dauðsföllum vegna slíkra áverka,“ segir Baldur Tumi.

Samningurinn sem nú er í hendi er annar samningurinn sem Kerecis gerir við bandarísk varnarmálayfirvöld en í fyrrahaust gerði fyrirtækið smærri samning við Sárarannsóknasetur bandaríska landhersins (INR). Sá samningur snýst um rannsóknir á tækni Kerecis til að meðhöndla alvarleg brunasár.

Kerecis stefnir á að útvíkka enn samstarfið við bandarísk varnarmálayfirvöld á næstu misserum, en skrifstofa Kerecis í Washington DC, sem var opnuð fyrr á þessu ári, er liður í þeim áætlunum.

svavar@frettabladid.is



**Á VÍGVELLINUM** Meðferð við skot- og sprengjuáverkum er viðfangsefni Kerecis. NORDICPHOTOS/AFP

### Stefna á að endurskapa flóknari líffæri

- Vefjaviðgerðarefni Kerecis er affrumað þorskroð ríkt af ómega-3.
- Kerecis hefur fengið einkaleyfi í yfir 20 löndum á tækni til viðgerða á líkamsvef.
- Skaði á líkamsvef getur verið af ýmsum toga, allt frá sárum í kjölfar sykursýki, blóðrásarsjúkdóma og slysa yfir í skaða á líffærum.
- Fyrstu vörur fyrirtækisins sem ætlaðar eru til viðgerðar og meðhöndlunar á húð og sárum hafa hlotið samþykki bandarískra og evrópskra yfirvalda og hefur fyrirtækið nýverið hafið markaðssetningu.
- Fyrirtækið vinnur jafnframt að þróun á vörum til viðgerða á heilabasti, tannholdi og kviðsliti, ásamt efnum sem nota má til enduruppbyggingar á brjóstum eftir krabbamein og til nota við magaminnkun.
- Markmið fyrirtækisins er að í framtíðinni verði hægt að nota tækni fyrirtækisins til að gera við eða jafnvel endurskapa flóknari líffæri líkamans.

KIA | Ábyrgð fylgir!
Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




Kia Sportage EX
Árgerð 10/2012, ekinn 91 þús. km, bensín, 1.998 cc, 168 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 8,2 l/100 km.
3.890.000 kr.

Bílafjármögnun Landsbankans
Afborgun aðeins 36.769 kr. á mánuði m.v. 1.945.000 kr. útborgun og 50% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,26% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.




Kia cee'd EX SW
Árgerð 5/2014, ekinn 28 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,6 l/100 km.
3.990.000 kr.




Kia cee'd GT
Árgerð 8/2014, ekinn 3 þús. km, bensín, 1.591 cc, 205 hö, beinskiptur, eyðsla 7,4 l/100 km.
4.590.000 kr.




Kia cee'd EX Sport
Árgerð 9/2012, ekinn 18 þús. km, dísil, 1.582 cc, 115 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,6 l/100 km.
2.990.000 kr.




Kia Carens EX
Árgerð 4/2014, ekinn 20 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0 l/100 km.
4.590.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartími:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# „ÉG MÆTI

# 1. maí



OLGA GUNNARSDÓTTIR, NÆRINGARREKSTRARFRÆÐINGUR

„Ég mæti vegna þess að ég vil að menntun sé metin til launa."

JAKOB TRYGGAVASON, TÆKNIRÁÐGJAFI

„Ég mæti vegna þess að það þarf að verja sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar."

ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR, ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

„Ég mæti vegna þess að lífeyrismálin skipta máli."

ÞORSTEINN EINARSSON, DEILDARSTJÓRI Í FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

„Ég mæti vegna þess að laun eru of lág miðað við lágmarksframfærslu."

INGÓLFUR BJÖRGVIN JÓNSSON, ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

„Ég ætla að mæta – en þú!"

BÓEL GUÐLAUGARDÓTTIR, VERSLUNARSTJÓRI

„Ég mæti vegna þess að jöfnuður býr til betra samfélag."

FJÓLA ÞORVALDSDÓTTIR, SÉRKENNARI

„Ég mæti vegna þess að það þarf að standa vörð um réttindi okkar launafólksins."

HARALDUR HARALDSSON, BÓKBINDARI

„Ég mæti vegna þess að samstaðan er okkar styrkur."

# - EN ÞÚ?"

**SÝNUM STYRK OKKAR OG STÖNDUM SAMAN ÖLL SEM EITT!**

**ALLT LAUNAFÓLK Á SAMEIGINLEGRA HAGSMUNA AÐ GÆTA ÓHÁÐ ÞVÍ VIÐ HVAÐ VIÐ STÖRFUM FRÁ DEGI TIL DAGS.**

# 1. maí
## DAGSKRÁ

**Kl. 13.00 Safnast saman á Hlemmi**

**Kl. 13.30 Gangan leggur af stað**

Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur spila í göngunni og á Ingólfstorgi

**Kl. 14.10 Fundarstjóri Þórarinn Eyfjörð setur fundinn**

Gradualekór Langholtskirkju syngur

Árni Stefán Jónsson formaður SFR heldur ræðu

Ljótikór syngur

Hilmar Harðarson formaður Samiðnar heldur ræðu

Reykjavíkurdætur syngja

Kórar og fundarmenn syngja Maístjörnuna

„Internationalinn" sunginn og leikinn

Ræður eru táknmálstúlkaðar

Hulda Halldórsdóttir syngur á táknmáli með kórunum

**Kl. 15.00 Hvatningarorð fundarstjóra frá aðstandendum fundarins**

**MUNIÐ BARÁTTUKAFFI STÉTTARFÉLAGA AÐ FUNDI LOKNUM**

BSRB

Bandalag háskólamanna

**JÖFNUÐUR BÝR TIL BETRA SAMFÉLAG**

**MÆTUM Í KRÖFUGÖNGUNA OG Á 1. MAÍ HÁTÍÐARHÖLDIN – JÖFNUÐUR BÝR TIL BETRA SAMFÉLAG FYRIR OKKUR ÖLL!**



# OPIÐ Í DAG
# 1. MAÍ FRÁ KL.
# 10$^{00}$ TIL 20$^{00}$

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | BORÐSTOFUSTÓLAR | ELDHÚS



HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OG Dalsbraut 1 • Akureyri




# 25% AFSLÁTTUR

AÐEINS Í DAG

## AF ÖLLUM VÖRUM*

S BORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | ALLSKONAR FALLEG SMÁVARA







**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI

*Nema af vörum frá IITTALA og SKOVBY sem eru með 15% afslætti.

OPIÐ Frá 10⁰⁰ til 20⁰⁰ í dag EITT SÍMANÚMER 558 1100

Tjaldbúðir reistar:

## Flóttamaður eldar til góðs

**HJÁLPARSTARF** Þann 11. júní verður tjald reist á lóð Norræna hússins þar sem seldur verður sambærilegur matur og borinn er fram í flóttamannabúðum SÞ í Sýrlandi.

Hver seld máltíð borgar fyrir eina „auka“ í Sýrlandi og markmiðið er að sýna fram á að milljónir manna í flóttamannabúðum ala alla sína ævi þar við bágan kost.

Jamil Kouwatli, flóttamaður frá Sýrlandi, mun sjá um matseldina ásamt Sveini Kjartanssyni, kokki á Aalto Bistro í Norræna húsinu. - kbg

Árslaun framkvæmdastjóra KEA hækkuðu um 450 þúsund krónur á mánuði í fyrra:

# 30% launahækkun framkvæmdastjórans

**AKUREYRI** Árslaun Halldórs Jóhannssonar, framkvæmdastjóra KEA, hækkuðu á síðasta ári um fjórðung. Heildarlaun hans námu 23,6 milljónum króna og hækkuðu um 450 þúsund krónur á mánuði. Sóley Björk Stefánsdóttir, formaður Akureyrardeildar KEA, undrast þessa launahækkun.

„Þetta eru gríðarlega há laun og vanhugsaður tími fyrir svo mikla launahækkun. Hafa ber í huga að KEA er í eigu þúsunda félagsmanna og eðlilegt að stjórn KEA rökstyðji svo mikla hækkun launa framkvæmdastjóra.“

Birgir Guðmundsson, formaður stjórnar KEA, segir þessa hækkun launa eiga sér eðlilegar skýringar. Framkvæmdastjórinn hafi setið eftir í kjörum og félagið verði að borga samkeppnishæf laun fyrir lykilstarfsmann eins og Halldór er. „Samningur við framkvæmdastjóra var tekinn upp í ársbyrjun 2014 og endursamið um launakjör. Tekið var mið af þróun launavísitölu og launum og kjörum í svipuðum störfum. Þetta leiddi til þess að laun hans hækkuðu talsvert,“ segir Birgir. „Ástæða hækkunarinnar var sú að langt var liðið frá því að grundvallarráðningarkjör framkvæmdastjóra voru síðast endurskoðuð, en það var gert árið 2007. Hann hafði því í raun setið talsvert eftir í kjörum. Félagið verður einfaldlega að greiða samkeppnishæf laun, ekki síst þegar um verðmætan lykilstarfsmann er að ræða.“ - sa


SÓLEY BJÖRK STEFÁNSDÓTTIR


**LÍFSTÍÐARFANGELSI** Skipstjóri dæmdur fyrir morð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Dómur skipstjóra þyngdur:

## Skipstjóri í lífstíðarfangelsi

**SUÐUR-KÓREA** Áfrýjunardómstóll í Suður-Kóreu hefur þyngt dóm yfir Lee Joon-Seok, skipstjóra Sewol-ferjunnar sem sökk undan strönd Suður-Kóreu í apríl í fyrra. Undirdómstóll sýknaði skipstjórann af ákæru fyrir morð í nóvember síðastliðnum. Þá var hann dæmdur í 36 ára fangelsi fyrir alvarlega vanrækslu í starfi. Nú hefur skipstjórinn þó verið dæmdur fyrir morð þeirra 304 sem fórust í slysinu.

Saksóknarar kröfðust þess að Lee yrði tekinn af lífi en hann yfirgaf ferjuna, vitandi að farþegarnir myndu allir farast. Lee er 69 ára gamall. - þea

OR rannsakar Þingvallavatn:

## Veiðileyfi beint í rannsóknir

**NÁTTÚRA** Orkuveita Reykjavíkur mun verja öllum tekjum sínum af sölu veiðileyfa í Þingvallavatni frá 2015 til 2017 til rannsókna.

Þrjú verkefni hafa hlotið styrk samkvæmt þessari ákvörðun. Jóhannes Sturlaugsson, hjá Laxfiskum ehf., fær 8,1 milljón króna til rannsókna á lífsháttum urriða sem nýta sunnanvert Þingvallavatn. Jóhannes hefur sinnt þessum rannsóknum um árabil. Veiðimálastofnun fær 4,1 milljón króna til rannsókna á urriðastofni Ölfusvatnsár og Gunnar Steinn Jónsson líffræðingur fær 1,8 milljónir króna til rannsókna á svifþörungum í Þingvallavatni. - shá

# Mennirnir sem réðust á Malölu í lífstíðarfangelsi

Tíu menn sem talið er að hafi skipulagt árás á Malölu Yousafzai árið 2012 voru í gær dæmdir í lífstíðarfangelsi. Höfuðpaur árásarinnar gengur þó enn laus. Malala heldur áfram baráttu sinni fyrir réttindum barna og aðgengi allra að menntun en hún er yngsti verðlaunahafi friðarverðlauna Nóbels frá upphafi.

**PAKISTAN** Hryðjuverkadómstóll í Swat-héraðinu í Pakistan hefur dæmt tíu menn í lífstíðarfangelsi sem eru grunaðir um að eiga aðild að árásinni á Malölu Yousafzai.

Árið 2012 varð Malala fyrir fólskulegri árás af hálfu talibana. Hún var fimmtán ára þegar nokkrir liðsmenn hreyfingarinnar réðust inn í skólarútu hennar í Swat-héraðinu og skutu hana í höfuðið. Tveir skólafélagar hennar særðust einnig í árásinni. Hún lifði árásina af eftir að hafa fengið aðhlynningu á sjúkrahúsi í Birmingham í Bretlandi.

Meintur höfuðpaur árásarinnar, Ataullah Khan, sem lögreglumenn náðu að bera kennsl á þegar á árásinni stóð, var ekki á meðal mannanna tíu sem voru dæmdir.

Þá herma heimildir Reuters að þeir sem hleyptu af byssunum hafi heldur ekki verið á meðal dæmdra. Dómshaldið fór fram fyrir luktum dyrum og smáatriði á bak við kærurnar liggja ekki fyrir.

Malala og fjölskylda hennar hafa þótt þyrnir í augum talibanahreyfingarinnar eftir að hún kom fram í sjónvarpsviðtölum sem nafnlaus pistlahöfundur á vefsíðu BBC. Í pistlum sínum hafði hún skrifað um hvernig lífið væri undir ógnarstjórn talibana í Swat-dalnum.

Hún gerðist ötul baráttukona fyrir menntun kvenna en fjölskylda hennar rak keðju af skólum í dalnum.

Talibanahreyfingin réð lögum og lofum í dalnum frá 2007 til 2009 þar til pakistanski stjórnarherinn kom þeim frá völdum. Eftir að talibanar misstu tökin hófu þeir árásir á stúlknaskóla og stúlkur sem sóttu menntun.

Yfirvöld í Pakistan telja að á þeim tíma hafi Mullah Fazlullah, leiðtogi talibana, fyrirskipað árás á Malölu þar sem hún var orðin helsta talskona menntunar kvenna í Pakistan.

Malala býr nú með fjölskyldu sinni í Birmingham, en þau geta ekki snúið aftur til Pakistan vegna morðhótana talibana. Hún hefur unnið að því að breiða út sama boðskap og hún hóf fyrir árásina, um aðgang allra að menntun.

Á sextánda afmælisdaginn sinn, 12. júlí 2013, ávarpaði hún allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Dagurinn var tileinkaður henni og kallaður Malala-dagurinn. „Malala-dagurinn er ekki minn dagur,“ sagði hún í ávarpinu. „Dagurinn í dag er dagur allra kvenna, drengja og stúlkna sem hafa staðið upp fyrir réttindum sínum,“ sagði hún.

„Hryðjuverkamennirnir héldu að þeir væru að stöðva markmið mín og metnað,“ sagði hún enn fremur. „Ekkert breyttist í lífi mínu nema að veikleiki, ótti og vonleysi dó. Styrkur, orka og hugrekki fæddist.“ Ósk hennar er að börn þeirra sem réðust á hana muni einn daginn hljóta tækifæri til að mennta sig.

Ári síðar var hún yngsta manneskjan til að hljóta friðarverðlaun Nóbels. Hún hlaut verðlaunin ásamt Kailash Satyarthi, indverskum baráttumanni fyrir réttindum barna.

Í apríl á þessu ári ákvað geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, að nefna nýuppgötvað smástirni eftir henni.

stefanrafn@frettabladid.is


**MALALA YOUSAFZAI** Við afhendingu Shakarov-verðlaunanna á Evrópuþinginu. AFP/PATRICK HERTZOG

### BARÁTTA MALÖLU YOUSAFZAI

- **1997** Malala fæðist í Swat-dalnum í Pakistan.
- **2009** Skrifaði nafnlausan pistil á BBC um lífið undir stjórn talibana.
- **2009** Kemur fram í viðtali sem pistlahöfundurinn nafnlausi.
- **2011** Tilnefnd til friðarverðlauna barna.
- **2012** Skotin í höfuðið af talibönum á leið sinni til skóla.
- **2012** Nær bata á sjúkrahúsi í Birmingham á Englandi.
- **2013** Ávarpar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.
- **2014** Verður yngsti Nóbelsverðlaunahafi sögunnar.
- **2015** Smástirni er nefnt í höfuðið á henni.

1995 | 2003 | 2006 | 2009 | 2012 | 2015


**SKÓLASTÚLKUR** Malala hefur barist fyrir menntun kvenna í Pakistan. AFP/A MAJEED

Lögregla gefur Gunnari kost á að gefa sig fram:

# Grunaður um smygl

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður, Sigurjón Árni Jensson, var í janúar dæmdur í fjögurra ára og þriggja mánaða fangelsi í Svíþjóð fyrir umfangsmikið smygl.

Grunur liggur á að hann hafi ætlað að koma fíkniefnunum til Íslands en hann var handtekinn í miðborg Stokkhólms með fjögur kíló af amfetamíni sem hann hafði komið með frá Hollandi.

Nokkrir grunaðir vitorðsmenn Sigurjóns hafa setið í gæsluvarðhaldi á Íslandi síðan í október en einn þeirra, Gunnar Þór Grétarsson, er eftirlýstur af alþjóðalögreglunni Interpol.

Hann er talinn hafast við í Taílandi. Lögreglan á Íslandi hefur gefið honum tækifæri til að gefa sig fram. Gunnar er talinn hafa skipulagt smyglið. - srs


GUNNAR ÞÓR GRÉTARSSON

Kjósverjar andvígir sameiningu Reynivalla- og Mosfellsprestakalls:

# Óttast um afdrif prestssetursins

**FÉLAGSMÁL** Þjóðkirkjan hyggst sameina Reynivallaprestakall og Mosfellsprestakall er Gunnar Kristjánsson lætur af embætti sóknarprests Reynivallasóknar í vor. Á vef Kjósarhrepps segir að á fjölmennum fundi í Ásgarði hafi verið einhugur um að verja framtíð Reynivalla sem prestsseturs.

„Kjósverjar telja það mikinn missi að fá ekki prest að Reynivöllum og að sóknarbörn í Reynivallaprestakalli muni bera skarðan hlut frá borði með umræddri sameiningu,“ segir á kjos.is. „Hætta er á að leiðin fyrir prest úr Mosfellsbæ upp í Kjós verði mun lengri en leiðin úr Kjósinni í Mosfellsbæ.“

Aðalsafnaðarfundur sem haldinn var í kjölfarið mótmælti sameiningunni. „Fundurinn lýsir yfir miklum áhyggjum af fyrirhugaðri sameiningu þar sem það myndi leiða til þess að þjónusta við sóknarbörn í Reynivallaprestakalli myndi minnka verulega og einnig að hið sögufræga prestssetur að Reynivöllum yrði lagt niður.“ - gar


**SÉRA GUNNAR KRISTJÁNSSON** Hættir vegna aldurs í vor. Hér er Reynivallapresturinn við Brautarholtskirkju á árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## LAUGARDAGINN 2. MAÍ OPNUM VIÐ NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR FYRIR NOTAÐA BÍLA MEÐ POMPI OG PRAKT KL. 12

Komdu á opnunarhátíðina í Kauptúni 6 og sjáðu ævintýralegt úrval Toyota og Lexus bíla á einum stað. Við höfum sameinað Betri notaða bíla og umboðssölu Toyota þar sem sérfræðingar veita framúrskarandi Toyota-þjónustu. Skráðu bílinn þinn í sölu og njóttu þess að eiga örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

**Þú getur alltaf selt okkur Toyota bílinn þinn aftur!**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

VIÐ TÖKUM GAMLA BÍLINN UPPÍ NÝJAN OG BETRI NOTAÐAN



**BJÖRGUNARSTÖRF** Björgunarmenn í Katmandú í Nepal björguðu fimmtán ára dreng úr rústum hótels í höfuðborginni. Sælustundin var ein af fáum en staðfest er að um 6.000 hafa látist en tala látinna hækkar enn. AFP/STR



**BÍLAR Á FLOTI** Öflugur hitabeltisstormur skall á Kúbu síðastliðinn miðvikudag. Stormurinn olli miklum flóðum og töluverðum skemmdum í höfuðborginni Havana. AFP/YAMIL LAGE



**KENNARAR KLJÁST VIÐ LÖGREGLU** Kennari hylur andlit sitt með gasgrímu eftir að lögregla beitir táragasi. Kennarar í Brasilíu mótmæla lágum launakjörum. AFP/LEONARDO SALOMAO

# ÁSTAND HEIMSINS





**ÁTÖK VESTANHAFS** Lögregla handtekur mótmælanda í New York. Mótmælendur hafa komið saman víða um Bandaríkin til að sýna stuðning mótmælendum í Baltimore sem krefjast réttlætis fyrir Freddie Gray sem lést í varðhaldi lögreglu. EDUARDO MUNOZ/ ALVAREZAFP PHOTO



**TEKIÐ TIL Á TORGINU** Rússar fagna því 9. maí næstkomandi að 70 ár eru frá sigri Sovétríkjanna á Þýskalandi nasismans í seinni heimsstyrjöldinni. AFP/KIRILL KUDRYAVTSEV



# GRILL SPRENGJA!

## LÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM

LAMBALÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM Í DAG!
OPIÐ Í SKÚTUVOGI, GRAFARHOLTI OG HAFNARFIRÐI.




KJARA KLÚBBUR
**29.900 kr**
FULLT VERÐ: 39.900
LÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM

OUTBACK
### Sunset Solo 3
Grillflötur: 628x406mm
3 ryðfríir brennarar
Hitamælir, 9,67 kW
3000393



Broil King
**39.890 kr**
FULLT VERÐ: 45.900
LÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM

### GEM
8,8 kW/h brennari.
Hlíf yfir brennara. Rafstýrður kveikjari.
Postulínshúðuð grillgrind. Grillflötur: 32,5 x 49 cm.
Hitamælir í loki. Fellanlegar hliðarhillur.
3000605



Broil King
**59.900 kr**
FULLT VERÐ: 65.900
LÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM

### ROYAL 320
3 ryðfríir brennarar:
Dual Tube 8,8 kW/h. Rafstýrður kveikjari.
Grillgrind úr pottjárni.Postulínshúðuð vermigrind.
Grillflötur: 38 x 67 cm. Hitamælir í loki.
3000604



Broil King
**74.900 kr**
FULLT VERÐ: 79.990
LÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM

### BARON 320
3 ryðfríir brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h.
Rafstýrður kveikjari. Grillgrind úr pottjárni.
Postulínshúðuð vermigrind.
Grillflötur: 2129 cm2. Hitamælir í loki.
3000611



Broil King
**99.900 kr**
FULLT VERÐ: 113.990
LÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM

### BARON 440
4 ryðfríir brennarar: Dual Tube 11,4 kW/h
Rafstýrður kveikjari. Grillgrind úr pottjárni.
Postulínshúðuð vermigrind. 2,7 kW/h Hliðarhella.
Grillflötur: 2865 cm2. Hitamælir í loki
3000610



**34.900 kr**
FULLT VERÐ: 38.990
LÆRI FYLGIR ÖLLUM GRILLUM

### PORTA CHEF 120
Ferðagrill, 4,1 kW/h brennari
Postulínshúðuð grillgrind
Grillflötur: 46 x 31 cm
3000607

## 20-50% AFSLÁTTUR AF POTTAPLÖNTUM

RÝMUM FYRIR SUMARBLÓMUNUM!

## KRYDDPLÖNTUR - MIKIÐ ÚRVAL!
## VERÐ FRÁ 499 kr.
STÓRAR OG FLOTTAR KRYDDPLÖNTUR
1.590 kr.!





**1.690 kr**
TÓMATPLANTA

## STÓRAR RÓSIR
**1.990 kr**
10 STK.



blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Hví eru sjálfsagðar kröfur ekki sjálfsagðar?

# Maístjörnuvæðum vinnulaunin

Fyrir þér ber ég fána þessa framtíðarlands. Svo lýkur einu ástsælasta kvæði okkar sem þetta land byggja og þau eru ófá sem hafa sungið það í gegnum tíðina. Það er orðið svo samgróið okkur að langflest höfum við gleymt tilurð þess. Það birtist fyrst á þessum degi árið 1937 og var ort til verkalýðsins, sem þekkti tungutakið vel. Einingarband samstöðunnar, vetur hins vinnandi manns er að baki, maísólin – sól verkalýðsins sem rís hæst á 1. maí – er á næsta leiti og fáni framtíðarlands verkalýðsins blaktir við hún. Uppruni kvæðisins er okkur svo fjarri að þessi sósíalíski söngur ómar á samkundum fólks sem mundi aldrei kalla sig sósíalískt og það heyrist í jarðarförum frjálshyggjumanna. Kvæðið er orðið svo sjálfsagður hluti okkar vitundar að tilefni yrkingar þess, og raunar sjálft efni þess, skiptir ekki máli.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Það er kannski verið að teygja sig í yfirfærslum en það er erfitt að velta því ekki fyrir sér hvers vegna svo sjálfsagðar kröfur eins og það að fá nægilega há laun fyrir vinnu sína til að hægt sé, með góðu móti, að lifa af eru ekki jafn sjálfsagður hluti af vitund okkar og kvæðið góða. Hvernig stendur á því að það þarf að velta sér mikið upp úr því hvort fólk eigi að fá mannsæmandi laun?

Jú, segir einhver, verðbólgan, maður minn, verðbólgan. Og já, verðbólgudrauginn er erfitt að kveða niður og eins og Pétur Gunnarsson orti um fyrir Hrekkjusvín þá étur verðbólgan litlu börnin sín. En ef það er ekki hægt að hanna samfélagsgerð þannig að það að fólk fái laun sem hægt er að lifa af setji ekki allt á hliðina – tja, þá erum við í frekar vondum málum. Kannski er reyndin sú að það er hægt, við höfum bara aldrei gert það.

Er óeðlilegt að velta því fyrir sér hvort það ætti ekki einfaldlega að vera fyrsta hugsun allra sem að stjórnmálum koma að allir, sama í hvaða stétt þeir eru, geti lifað sómasamlegu lífi? Það ætti að ríma jafnt við sósíalíska jafnaðarstefnu, sem og hreinræktuðustu frjálshyggju, því þeir sem geta séð um sig sjálfir verða jú sjálfstæðir, meiri peningar komast í umferð og hvað það er nú sem hagfræðin segir okkur að sé gott. Fyrir nú utan það, sem er reyndar aðalatriðið, að velferð fólks er þannig betur borgið.

Fjármálaráðherra hefur nýverið sagt að kannski sé kominn of mikill jöfnuður í íslenskt samfélag. Um það má eflaust deila, eins og allt á milli himins og jarðar, en það eru ekki nema um 40 ár síðan lagt var til á Alþingi Íslendinga að hæstu laun í landinu mættu ekki vera hærri en svo að þau væru tvöföld lægstu launin.

Kannski er það ekki leiðin heldur. En eitthvað þarf að gera til þess að á hverju ári sé ekki sú sjálfsagða krafa höfð uppi sem útópískt baráttumál að fólk geti lifað af laununum sínum. Sú krafa þarf að verða eins og Maístjarnan, eitthvað sem eitt sinn var þrungið pólitískri merkingu en er sjálfsagður hlutur í dag.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gagnrýnin hugsun

Niðurstöður könnunar MMR um álit almennings á persónueiginleikum stjórnmálaleiðtoga hafa farið illa í Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra. Hann kom enda nokkuð illa út úr könnuninni, til að mynda töldu aðeins 5% hann í tengslum við almenning og 10% töldu hann heiðarlegan. Bjarni spurði á Facebook hvort hægt væri að mæla heiðarleika fólks í könnunum. Hann segir könnunina tilvalda auglýsingu fyrir fyrirtækið sem framleiðir hana en spyr einnig hvort enginn telji þörf á að beita gagnrýninni hugsun þegar svona lagað sé birt.



### Mæling upplifunar

Bjarna og öðrum þeim sem komu illa út úr könnuninni er vorkunn. Það hlýtur að vera leiðinlegt að heyra að fólk telji persónueiginleika manns takmarkaða. Bjarni virðist þó vera örlítið úti á þekju þegar hann spyr hvort hægt sé að mæla heiðarleika fólks. Augljóslega var ekki verið að mæla raunverulega hversu heiðarlegur Bjarni er. Það var verið að mæla skoðanir fólks. Þá tilfinningu sem það fær fyrir honum. Upplifun þeirra af honum. Bjarni hefði kannski átt að beita þessari gagnrýnu hugsun á könnunina.

### Niðurlægingin

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, segir fáheyrt að formaður stjórnmálaflokks gangi gegn utanríkisstefnu eigin lands á erlendum vettvangi eins og hann telur Árna Pál Árnason, formann Samfylkingarinnar, hafa gert með því að biðja um að þrýst verði á framkvæmdastjórn ESB að líta áfram á Ísland sem umsóknarríki. Þetta gerði hann á Twitter-síðu Jafnaðarmanna og demókrata á ESB-þinginu. Björn sagði niðurlægingu Samfylkingarinnar meiri nú en áður. Ef til vill eru þessi tíst betri til heimabrúks. Það hlýtur þó að hafa farið fram hjá Birni svarið við bréfi utanríksiráðherra frá ESB sem skildi ekkert hvað hann var að meina þegar hann bað sambandið að „laga verklag sitt“ að því að ríkisstjórnin vill ekki ganga í ESB. Bréf Gunnars Braga var svipuð ef ekki meiri „niðurlæging“ á erlendum vettvangi en tístið. fanney@frettabladid.is



## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@365.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




Magnaðar gönguleiðir um Kerlingarfjöll og Þjórsárver
halendisferdir.is / info@halendisferdir.is / s: 6914212

# Jöfnuður er síst of mikill

KJARAMÁL



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Baráttudagur verkalýðsins er að þessu sinni haldinn hátíðlegur í skugga alvarlegustu deilna á vinnumarkaði í áraraðir. Með kjarasamningum á síðasta ári var tækifæri skapað fyrir stjórnvöld og launagreiðendur að ávinna sér traust og sýna í verki að þau hefðu hagsmuni heildarinnar í huga. En í stað þess að leggjast á eitt með almenningi og vinna sameiginlega að bættum hag fjöldans var haldið inn á braut sérhagsmuna.

Laun afmarkaðra hópa hækkuðu langt umfram það sem fjölmennustu og lægst launuðu hóparnir fengu. Ríkisstjórnin gaf eftir tekjustofna á þá efnamestu. Áfram var skorið niður á flestum sviðum opinberrar þjónustu, skattar á matvæli voru hækkaðir og réttur til atvinnuleysisbóta skertur.

Með aðgerðum sínum hafa stjórnvöld og atvinnurekendur hafnað því að vinna sameiginlega á grunni stöðugleika og samstöðu. Þeir hæst launuðu skammta sér enn hærri laun, bónusa og milljarða arðgreiðslur. Á meðan eru hóflegar hækkanir lægstu launa sagðar ógna efnahagslífinu í heild. Horfið var frá jafnaðarhugsjóninni. Þess vegna er staðan á vinnumarkaði eins og hún er nú.

Undanfarna daga hafa ráðamenn ítrekað vegið að verkfallsrétti launafólks og fjármálaráðherra veltir því upp í alvöru hvort gengið hafi verið of langt í að jafna kjör fólks. Ummælin eru látin falla skömmu eftir lækkun auðlindagjalda á útgerðir, afnám auðlegðarskatts á þá efnamestu og hækkun matarskatts.

**➜ Með aðgerðum sínum hafa stjórnvöld og atvinnurekendur hafnað því að vinna sameiginlega á grunni stöðugleika og samstöðu.**

Fjöldi fólks hefur ekki efni á að kaupa sér húsnæði og ástandið á leigumarkaði er afleitt. Þrátt fyrir það gera stjórnvöld lítið sem ekkert í húsnæðismálunum. Er nema von að launafólk upplifi mikinn ójöfnuð og óréttlæti þegar framkoman er með þessum hætti? Krafa launafólks er að stjórnvöld búi svo um að fólk sjái hag sínum best borgið á Íslandi. Hér þarf að hækka launin, auka kaupmáttinn og tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi verði. Við þurfum að koma á fjölskylduvænna samfélagi svo að ungt fólk öðlist trú á að hér sé best að vera.

Ég vona að ríkisstjórnin, sveitarstjórnir landsins og launagreiðendur allir hlýði á kall launafólks á baráttudegi verkalýðsins. Kall um réttlátara þjóðfélag þar sem jöfnuður allra er hafður að leiðarljósi.

Launafólki um land allt óska ég til hamingju með daginn um leið og ég vonast til sem flestir taki þátt í hátíðarhöldum dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Eðlisfræði læknar ástarsorg

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



Hómer (ekki Simpson heldur hinn) kallaði það heilagt efni. Plató sagði það guðunum sérstaklega hjartfólgið. Við getum ekki lifað án þess. En það getur líka verið banvænt.

Sex þúsund manns létust á síðustu fjórum árum í Bretlandi vegna ákvörðunar þarlendra stjórnvalda um að hætta að krefjast þess að matvælafyrirtæki minnkuðu magn salts í vörum sínum. „Þetta er harmleikur," sagði Graham MacGregor, hjartalæknir hjá Queen Mary-háskólanum í London, í grein sem birtist í British Medical Journal í vikunni. „Allt þetta fólk væri á lífi í dag ef við hefðum staðið við áætlanir um að minnka salt í mat."

Árið 2006 var bresku matvælastofnuninni falið að skera upp herör gegn salti í matvælum. Árangurinn þótti aðdáunarverður. Neysla salts minnkaði um 15% á árunum 2003 til 2011. Hjartaáföllum og heilablóðföllum fækkaði í kjölfarið en talið er að allt að 9.000 mannslíf hafi bjargast vegna aðgerðarinnar.

En svo tók ný ríkisstjórn við. Átakinu var hætt og var fyrirtækjum í sjálfsvald sett hve mikið salt þau settu í matvælin sem þau seldu. „Það er eins og þeim hjá heilbrigðisráðuneytinu sé meira umhugað um hagsmuni matvælaiðnaðarins en hins almenna neytanda," sagði MacGregor.

**„Nei, ekkert taka upp veskið"**

Íslensk stjórnvöld eru engir eftirbátar þeirra bresku þegar kemur að því að vinna gegn almannahag. Frumvarp sjávarútvegsráðherra um makrílveiðar ber þess skýrt vitni. Virðist frumvarpið vera einhvers konar sumargjöf til útgerðarinnar. „Gjörðu svo vel. Já, nei, vertu ekkert að taka upp veskið, þú þarft ekki að borga. Bara ekki gleyma að bjóða mér í næstu galaveislu. Og þegar ég er ekki lengur stjórnmálamaður fæ ég kannski að gerast ritstjóri á dagblaðinu þínu."

Í hvaða heimi það telst íslenskum almenningi til hagsbóta að svo gott sem gefa auðlindir landsins útvöldum er erfitt að segja. Líklega engum. Svo kann hins vegar að vera að til sé sá heimur þar sem íslensk stjórnvöld selja, einmitt á þessari stundu, makrílkvóta hæstbjóðanda og landsmenn njóti góðs af.

**Eðlisfræðin og strákabandið**

Eðlisfræðingurinn Stephen Hawking sat fyrir svörum á ráðstefnu í Ástralíu á dögunum. Hawking er þekktastur fyrir að tjá sig um fræðilegar kenningar um upphaf alheimsins. En í Ástralíu brá hann út af vananum.

Í mars síðastliðnum bárust heimsbyggðinni átakanlegar fréttir. Zayn Malik, söngvari í strákabandinu One Direction, var hættur í hljómsveitinni. Unglingsstúlkur veraldar voru harmi slegnar.

Stephen Hawking réð stúlkunum heilt eins og eðlisfræðingi einum er lagið. „Ráð mín til þessara ungu kvenna í ástarsorg er að fylgjast vel með nýjustu rannsóknum á sviði kennilegrar eðlisfræði." Og hvernig getur eðlisfræði verið bót slíkra meina? „Einn góðan veðurdag gætum við fundið sannanir þess að til eru margir samhliða heimar. Líkindi eru til þess að í einhverjum þeirra sé Zayn enn þá í hljómsveitinni."

**Fólkið í landinu í forgang**

Könnun MMR á áliti fólks á persónueiginleikum stjórnmálaleiðtoga sem kynnt var í vikunni sýndi að aðeins 11 prósent fólks töldu Sigmund Davíð Gunnlaugsson standa vörð um hagsmuni almennings. Átta prósent töldu Bjarna Benediktsson standa vörð um hagsmuni almennings.

Ekki ríkir því mikil bjartsýni um að senn snúi stjórnmálamenn við blaðinu og setji fólkið í landinu í forgang. Fáum virðist það koma á óvart að áfram eigi að gefa sameiginlegar auðlindir okkar útvöldum.

Makrílfrumvarpið er skandall. Í aðsendri grein í Fréttablaðinu sagði hagfræðingurinn Jón Steinsson að með frumvarpinu væri stigið „risastórt skref í þá átt að festa varanlega í sessi það fyrirkomulag að útgerðarmenn þurfi ekki að greiða eðlilegt leigugjald til þjóðarinnar fyrir afnot af sameign þjóðarinnar". Hann spurði jafnframt: „Er ekki tími til kominn að landsmenn segi hingað og ekki lengra?"

Hægt er að bregðast við því hneyksli sem makrílfrumvarpið er á tvo vegu: Við getum tekið ráð eðlisfræðingsins Stephen Hawking til unglingsstúlkna heimsins til okkar; við getum fylgst með nýjustu rannsóknum á sviði kennilegrar eðlisfræði og yljað okkur við þá tilhugsun að einhvers staðar, í öðrum heimi, er eyja í Atlantshafi sem kallast Ísland þar sem veðrið er gott, lóan er friðsamleg, makríllinn arðvænlegur og stjórnmálamennirnir heiðarlegir. Eða: Við getum farið að ráðum hagfræðingsins Jóns Steinssonar, stappað niður fæti og hrópað: „Hingað og ekki lengra."

> En svo tók ný ríkisstjórn við. Átakinu var hætt og var fyrirtækjum í sjálfsvald sett hve mikið salt þau settu í matvælin sem þau seldu.










# Veljum réttlæti

KJARAMÁL



Katrín Jakobsdóttir
formaður VG

Í dag fögnum við baráttudegi verkalýðsins, göngum fylktu liði og látum kröfuna um réttlátt samfélag enduróma um landið allt. Þessi dagur hefur sérstaka merkingu nú þegar ástandið á vinnumarkaði er alvarlegra en um langt skeið. En kröfugöngur dagsins snúast ekki einungis um kröfur samtímans. Þær snúast einnig um vaxandi misrétti í heiminum öllum á undanförnum árum og áratugum, bæði milli ólíkra heimshluta og innan einstakra samfélaga.

Þessi þróun tengist uppgangi nýfrjálshyggjunnar á níunda áratugnum þegar Reagan og Thatcher og aðrir í kjölfar þeirra innleiddu kreddur hennar af miklum móð með skattkerfisbreytingum og einkavæðingu í þágu hinna ríku. Eins og ýmsir fræðimenn hafa vakið athygli á í seinni tíð leiddu þessar pólitísku aðgerðir af sér stóraukinn ójöfnuð í vestrænum samfélögum sem veldur ólgu og ógnar tilvist þeirra og heimsins alls; eins mun aukinn jöfnuður eingöngu nást með pólitískum aðgerðum.

### Jöfnuður er góður fyrir samfélagið

Þeim samfélögum sem hafa grundvallast á jafnaðarhugsjón hefur vegnað best í heiminum í öllum alþjóðlegum samanburði, meðal annars vegna þess að jöfnuðurinn sjálfur hefur verið mikilvægur þáttur í samfélagsgerðinni og almennur skilningur hefur verið sá að samfélagið sé eitt fyrir alla. Því miður hefur sá skilningur dvínað að undanförnu þó að þessi samfélög standi enn fremst allra þegar kemur að lífsgæðum.

Jöfnuður er góður fyrir samfélagið sem heild og fyrir alla – og það eru mikil öfugmæli þegar ólga á hérlendum vinnumarkaði er sögð vegna þess að jöfnuður sé hreinlega orðinn of mikill eins og ráðamenn láta nú hafa eftir sér.

Eftir hrun varð tekjudreifing á Íslandi jafnari en áður. Bæði vegna þess að hæstu tekjur lækkuðu en líka vegna þess að síðasta ríkisstjórn reyndi að dreifa byrðunum jafnt; meðal annars með þrepaskiptu skattkerfi að norrænni fyrirmynd þannig að þeir sem lægstar tekjur hafa greiði lægri skatta en þeir sem hafa hærri tekjur. Núverandi ríkisstjórn vill það jafnaðarkerfi feigt og stefnir að því að fækka þrepum sem myndi hafa slæm áhrif á lágtekjufólk. Þær skattabreytingar sem núverandi ríkisstjórn hefur þegar ráðist í hafa allar beinst gegn lágtekjufólki – þar á meðal hækkun á matarskatti sem hefur hlutfallslega meiri áhrif á tekjuminna fólk en hina sem hafa meira á milli handanna. Það er því hætta á að ójöfnuður í tekjum aukist á nýjan leik enda beinlínis að því stefnt. Á sama tíma hefur ójöfnuður í eignum vaxið jafnt og þétt, fyrir og eftir hrun. Ríkustu tíu prósent íslenskra heimila áttu 56% heildareigna árið 1997 en árið 2013 áttu þau um 71%. Líklega er það hlutfall hærra því að ekki er fullnægjandi yfirsýn til yfir erlendar eignir. Þessi samþjöppun eigna er sama þróun og þekkt er um heim allan. Henni verður að breyta með pólitískum aðgerðum. Eins og franski hagfræðingurinn Thomas Piketty hefur bent á er hægt að breyta henni með breyttri skattastefnu, auknu alþjóðlegu samstarfi um skattamál og öflugu velferðar- og menntakerfi þar sem allir eiga jafnan aðgang. Því miður er það ekki sú pólitík sem núverandi ríkisstjórn stendur fyrir. Hennar helsta áhyggjuefni er of mikill jöfnuður í samfélaginu og því miður bendir ekkert til þess að lát verði á því verkefni hennar að gera hina ríku ríkari en hina fátæku fátækari. Einungis kjósendur geta snúið þeirri þróun við.

*Til hamingju með daginn.*
*Veljum réttlæti.*

**➜ Á sama tíma hefur ójöfnuður í eignum vaxið jafnt og þétt, fyrir og eftir hrun.**

# Byggjum réttlátt þjóðfélag

KJARAMÁL



Sóley Tómasdóttir
forseti borgarstjórnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar var lagður fram í vikunni. Þótt rekstrarniðurstaða samstæðunnar hafi komið ljómandi vel út var niðurstaða A-hlutans neikvæð um 2,8 milljarða króna. Niðurstaðan á sér margar og misflóknar skýringar sem ekki verða raktar hér en að sjálfsögðu verðum við að skoða færar leiðir til aukins aðhalds í framhaldinu.

Þótt niðurstaðan sé ekkert sérstakt fagnaðarefni var árið 2014 gott fyrir margra hluta sakir. Hluti framúrkeyrslunnar er auðveldlega réttlætanlegur og jafnvel fagnaðarefni á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks, enda hækkuðu laun borgarstarfsfólks umtalsvert á árinu. Hækkun launa og lífeyrisskuldbindinga skýra um 2 milljarða af neikvæðri rekstrarniðurstöðu borgarinnar.

### Bætt lífskjör

Aukinn launakostnaður borgarinnar á síðasta ári var sanngjarn. Leik- og grunnskólakennarar fengu sjálfsagða launaleiðréttingu og starfsmat borgarinnar var endurskoðað með sanngirni að leiðarljósi. Í kjölfarið fengu meðal annars þroskaþjálfar, bókasafnsfræðingar og félagsráðgjafar umtalsverðar og löngu tímabærar kjarabætur.

Árið 2014 hófst jafnframt vinna við tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar, styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar. Tveir starfsstaðir borgarinnar taka þátt í verkefninu sem leiðir vonandi til bættra lífsgæða þeirra sem taka þátt í verkefninu, minni streitu og aukins frítíma, auk þess sem það ætti að stuðla að jafnari ábyrgð karla og kvenna á heimilum og þar með jafnari tækifærum á vinnumarkaði.

Fyrirsjáanlegar tilraunir borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks í kjölfar ársreikningsins til að styrkja mýtuna um fjármálaóreiðu vinstriflokkanna ganga auðvitað ekki upp. Reynslan hefur ítrekað sýnt að jöfnuður og samfélagsleg ábyrgð er bæði hagkvæmari og farsælli en markaðsvæðing og einstaklingshyggja. Það væri óskandi að ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks horfðist í augu við það nú þegar verkföll eru hafin og fleiri blasa við.

Krafan um 300 þúsund króna lágmarkslaun og að fólk geti lifað sómasamlegu lífi af dagvinnulaunum er sanngjörn. Hún er krafa um réttlátt samfélag þar sem græðgi atvinnurekenda víkur fyrir hagsmunum heildarinnar. Að þessu sögðu óska ég verkalýðshreyfingunni velfarnaðar í samningunum fram undan og okkur öllum til hamingju með baráttudag verkalýðsins!

**➜ Krafan um 300 þúsund króna lágmarkslaun og að fólk geti lifað sómasamlegu lífi af dagvinnulaunum er sanngjörn.**

# Grundartangi og Hvalfjörður

UMHVERFISMÁL



Bubbi Morthens
tónlistarmaður

Hvalfjörðurinn þótti fagur og þykir sumum enn. Þó er sá ljóður á að þar blasir ævinlega við, hvort sem sól skín í heiði eða ekki, stór verksmiðja sem spýr eitruðum lofttegundum út í andrúmsloftið. Á veturna er ljósadýrðin slík að það mætti halda að í firðinum væri risið lítið fallegt þorp þar sem farsældin ein réði ríkjum. En láttu ekki blekkjast. Þetta er í raun jólaþorp frá helvíti.

Nú hafa Faxaflóahafnir girt sig í brók og Dagur B. Eggertsson skrifað undir samning við hið dásamlega græna fyrirtæki Silicor sem ætlar sér að vera með, að manni skilst, lífræna framleiðslu í Hvalfirði við hliðina á jólaþorpinu úr neðra. Þannig að þá verða tvær mengandi eiturspúandi verksmiðjur sem sjá til þess að börnin okkar, sem kjósa að leika sér utandyra hér í Kjósinni og líka í henni Reykjavík, fái eitthvað hollt ofan í lungnabelgina sína smáu. Að ég tali nú ekki um dýrin í sveitinni, þau munu og hafa auðvitað lengi verið að safna í kjötið sitt og mjólkina bætiefnum sem gerir afurðina einstaklega græna og eftirsóknarverða.

Það má minna á að dásamlegu grænu verksmiðjurnar tvær á Grundartanga, sem eru þar nú þegar, störfuðu lengi á undanþágu með samþykki Umhverfisstofnunar, en það þýðir mengun eftir „þörfum“ fyrirtækisins. Hafa stjórnendur Faxaflóahafna hugsað sér að Silicor Materials starfi á svipaðri undanþágu? Gaman væri að vita það.

Reykjavík er umkringd mengandi verksmiðjum. Nægir að nefna Straumsvík og Hellisheiðarvirkjun, sem er svo mengandi að nú heyrast raddir um möguleg dauðsföll af þeim völdum. Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar heilluðust af hugmyndinni um tækni við Hellisheiðarvirkjun á sínum tíma. VSÓ var ráðgjafi Reykjavíkurborgar varðandi virkjunina en þar fer fram afar umdeild tilraunastarfsemi sem nú veldur gríðarlegum vandræðum. YFIR BORGINNI LIGGJA HVAÐ EFTIR ANNAÐ MENGANDI LOFTTEGUNDIR frá þessum verksmiðjum.

### Menguð ruslakista

Er það þetta sem ungir foreldrar kjósa börnum sínum? Verksmiðjur sem fá að mæla sína mengun sjálfar? Okkur er talin trú um að allt sé þetta frábært og í besta lagi en við sem búum við hliðina á þeim höfum séð á næturnar þegar þeir sleppa viðbjóðnum út. Það að Dagur B. Eggertsson og Faxafólahafnir – já, þú last þetta rétt, fóla – hafi tekið þá ákvörðun að gera Hvalfjörð að mengaðri ruslakistu er með ólíkindum. Að fólk skuli telja sig þess umkomið að taka ákvörðun sem þessa og hleypa einu umdeildasta fyrirtæki heims með frjálsar hendur í Hvalfjörðinn er í besta falli heimska, en því miður þá liggur eitthvað annað en heimska að baki, að ég tel.

Í upphafi kynningar á Silicor Materials var ekki minnst á flúormengun frá iðjuverinu, aðeins talað um „óverulega mengun“ sbr. ummæli efnaverkfræðings hjá VSÓ sem hafði einnig unnið fyrir Silicor og forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar. Sem tryggir auðvitað fullkomið hlutleysi. Báðir þessir aðilar virðast annaðhvort ekki hafa séð þennan veigamikla þátt eða talið að hann skipti ekki máli. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hafði þá þegar ákveðið að ekki skyldi aukið við flúormengun frá Grundartangasvæðinu og hvikaði ekki frá þeirri ákvörðun. Silicor Materials tók þá til við að breyta vinnsluferlinu til að koma í veg fyrir losun flúors, að sögn forsvarsmanna. Fyrst ekki var sagt satt og rétt frá í upphafi má velta fyrir sér hverju við megum eiga von á síðar. Við álbræðslu er flúor nauðsynlegur og við hreinsun kísils er notað bræitt ál. Geta Faxaflóahafnir og borgarstjóri Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson – ég vil halda honum inni, hann skrifaði undir samninginn – lagt á borðið fullnægjandi sannanir fyrir því að Silicor Materials muni ekki losa flúor út í andrúmsloftið?

Ég hvet alla, ekki bara íbúa í Hvalfirði og Kjós heldur alla íbúa Stór-Reykjavíkursvæðisins, til að rísa upp og mótmæla. Börnin okkar eiga betra skilið en að búa í borg umkringdri mengandi verksmiðjum. Við getum stöðvað þetta en til þess þarf gríðarlegur fjöldi að rísa upp og segja nei: Þetta snýst um framtíð barnanna okkar.

**➜ Fyrst ekki var sagt satt og rétt frá í upphafi má velta fyrir sér hverju við megum eiga von á síðar.**

# Þjóðaratkvæðagreiðsla um rýniskýrslu?

SJÁVARÚTVEGUR



Ágúst Þór Árnason
höfundur Viðauka I í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ

Með þingsályktun 16. júlí 2009 fól Alþingi ríkisstjórninni að „leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“ Í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar um tillögu til ályktunar Alþingis segir m.a.: „Með aðildarviðræðum skýrist á ítarlegan hátt hvaða samningsgrundvelli Ísland getur náð svo þjóðin geti tekið ákvörðun um þessa stóra ágreiningsmál samtímans með allar forsendur þess ljósar.“

Í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem tók við völdum eftir kosningar til Alþingis 27. apríl 2013 kom fram að gera ætti úttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan ESB. Var Hagfræðistofnun HÍ falið að annast umrædda úttekt og skila um hana skýrslu. Í niðurstöðukafla skýrslunnar, sem gerð var opinber 17. feb. 2014, kemur m.a. fram að rýniskýrsla framkvæmdastjórnar ESB um sjávarútvegsmál hafi ekki legið fyrir þegar íslensk stjórnvöld ákváðu að fresta frekari viðræðum við ESB en þá var liðið vel á annað ár frá því að seinni rýnifundi samningsaðila um þetta efni lauk. Hvað sem líður stöðu Íslands sem umsóknarríkis verður þessi afstaða vart túlkuð á annan hátt en að viðræður hafi í reynd verið lagðar af.

### Lítil umræða um skýrsluna

Nokkrum dögum eftir að Hagfræðistofnun skilaði af sér áðurnefndri skýrslu samþykkti ríkisstjórnin að leggja fram tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að ESB. Við þetta færðist aukinn kraftur í kröfuna um að örlög viðræðnanna yrðu lögð í dóm þjóðarinnar. Lítil umræða varð á þingi um skýrslu Hagfræðistofnunar en þeim mun meiri um kröfuna um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna. Þegar þingstörfum lauk vorið 2014 lá tillaga utanríkisráðherra um að draga ESB-umsókn Íslands til baka enn óafgreidd í nefnd og dagaði þar uppi.

Á liðnum vikum hefur aftur lifnað yfir umræðunni um stöðu aðildarviðræðna Íslands og ESB. Þriðjudaginn 14. apríl mælti Katrín Jakobsdóttir (í fjarveru 1. flutningsmanns málsins, Árna Páls Árnasonar) fyrir þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Auk Katrínar og Árna Páls standa Guðmundur Steingrímsson og Birgitta Jónsdóttir að tillögunni en þannig hafa stjórnarandstöðuflokkarnir sameinast um tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu sem yrði haldin 26. sept. nk. Málavextir eru þó augljóslega með þeim hætti að erfitt er að sjá að flutningsmönnum sé full alvara með tillögu sinni. Samkvæmt henni á að bera eftirfarandi spurningu undir þjóðaratkvæðagreiðslu:

„Vilt þú að Ísland taki upp þráðinn í viðræðum við Evrópusambandið með það að markmiði að gera aðildarsamning sem borinn yrði undir þjóðina til samþykktar eða synjunar?“

Einhverjum kann að þykja sérstætt að stjórnmálaflokkar, sem stóðu að samþykkt um að hefja aðildarviðræður við ESB árið 2009, telji nú brýnt að þjóðin ákveði það í sérstakri atkvæðagreiðslu hvort „taka eigi upp þráðinn“ í viðræðum sem stofnað var til án þess að sú ákvörðun væri með nokkrum hætti borin undir þjóðina. Hér blasir enn fremur við að tillagan tekur að engum hætti mið af raunverulegri stöðu aðildarviðræðnanna. Spurningin sem leggja á fyrir þjóðina er orðuð þannig að ætla má að það sé á valdi Íslands að taka upp þráðinn í viðræðunum við ESB og þá væntanlega þar sem frá var horfið í kjölfar seinni rýnifundar um sjávarútvegskaflann sem lauk í mars 2011. Nú má að sjálfsögðu velta því fyrir sér fram og til baka hvers vegna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi ekki birt Íslendingum rýniskýrslu um sjávarútvegskaflann. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að framkvæmdastjórnin lét ekki verða af birtingu skýrslunnar og bjó því þannig um hnútana að viðræður um þennan mikilvægasta kafla aðildarviðræðnanna gátu ekki farið fram.

### Merkingarlaus spurning

Nú er ekkert athugavert við að þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, leggi til við Alþingi að það samþykki tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðið mál. Í ljósi þess hve kröfunni um aukna möguleika þjóðarinnar á aðkomu að mikilvægum málum samfélagsins hefur vaxið fiskur um hrygg er dapurlegt að verða vitni að því að forystulið íslenskra stjórnmála skuli, að því er virðist, gera sér að leik að leggja til við aðra alþingismenn að þeir samþykki ályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um spurningu sem er, eftir því sem best verður séð, fullkomlega merkingarlaus.

**➜ Hvað sem líður stöðu Íslands sem umsóknarríkis verður þessi afstaða vart túlkuð á annan hátt en að viðræður hafi í reynd verið lagðar af.**

# ATVINNA FYRIR ALLA!

Í dag fylkir félagsfólk ÖBÍ sér á bak við kröfu samtakanna um jafnan rétt á vinnumarkaði. Við hvetjum alla aðildarfélaga til að sýna samstöðu og taka þátt í kröfugöngu og hátíðahöldum í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins 1. maí. **Farið verður frá Hlemmi kl. 13.30** og einnig verður hægt að sameinast göngunni á leiðinni eða við Ingólfstorg, þar sem henni lýkur.

**Mætum öll og krefjumst réttar okkar!**

## SKORUM Á STJÓRNVÖLD!

Við ætlum að gefa göngufólki buff og safna undirskriftum til stuðnings áskorun til stjórnvalda um að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eigi síðar en á haustþingi 2015. Ísland er eitt af fjórum Evrópuríkjum sem eiga eftir að fullgilda samninginn.

Við hvetjum alla til að kynna sér samninginn og skora á stjórnvöld á **www.obi.is**



# Stöðugleiki tryggir aukna velferð

Alþjóðlegur baráttudagur verkafólks hefur verið haldinn hátíðlegur á Íslandi í yfir 90 ár. Dagurinn er helgaður baráttu og samstöðu verkafólks fyrir bættum kjörum og réttlátara samfélagi. Þessi barátta hefur skilað verkafólki og raunar öllu launafólki miklum ávinningi í gegnum tíðina og átt drjúgan þátt í því að tekist hefur að skapa gott samfélag.

KJARAMÁL



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

Þó lífskjör séu hér almennt góð og alþjóðlegur samanburður sýni mjög sterka stöðu Íslands á nær öllum sviðum hefur gengið erfiðlega að skapa hér stöðugt efnahagsumhverfi til lengri tíma. Mikil orka hefur farið í deilur á vinnumarkaði, stundum til að ræða skiptingu á því sem ekki hefur verið til. Þeirri orku væri betur varið í það að skapa meira til skiptanna. Samtökum á vinnumarkaði og ríkinu hefur ekki tekist að sameinast um aðgerðir til framleiðniaukningar til að ná því markmiði. Þar getum við tekið aðrar Norðurlandaþjóðir okkur til fyrirmyndar.

**Innistæðulausir tékkar**
Aukin velferð almennings er stærsta verkefni stjórnmálanna á hverjum tíma. Um nokkurt skeið hefur staða þjóðarbúsins verið að batna og kjaraviðræður taka mið af því. Sem betur fer er nú eitthvað til skiptanna og kaupmáttur hefur vaxið óvenju hratt. Verkefni samningsaðila er að skipta með sér ávinningi með réttlátum hætti, en ekki að gefa út innstæðulausa tékka sem færa okkur aftur í tímann og rýra lífskjör. Ríkisstjórnin vill forðast samninga sem geta leitt til verðbólgu og trúir því að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur séu sama sinnis.

Hátíðahöldin í dag eru haldin við óvenjulegar aðstæður. Verðbólga er lág, kaupmáttur hefur aukist, hagvöxtur er umtalsverður og atvinnuleysi lítið. Á hinn bóginn hvílir yfir deginum skuggi vinnudeilna og verkfalla. Þau eru nú þegar skollin á og í undirbúningi eru frekari verkföll sem lamað geta þjóðfélagið undir lok mánaðarins. Mikil ábyrgð hvílir því á atvinnurekendum, verkalýðshreyfingunni og stjórnvöldum. Allir ættu að vera meðvitaðir um afleiðingar þess fyrir samfélagið ef gerðir verða samningar sem leiða til víxlverkunar launa og verðlags. Aðilar vinnumarkaðarins þurfa að finna lausn sem skapar réttláta dreifingu þeirra auknu verðmæta sem eru að verða til. Ríkisstjórnin ítrekar vilja sinn til að liðka fyrir gerð slíkra samninga.

**➜ Hátíðahöldin í dag eru haldin við óvenjulegar aðstæður. Verðbólga er lág, kaupmáttur hefur aukist, hagvöxtur er umtalsverður og atvinnuleysi lítið.**

Ég sendi öllu launafólki í landinu góðar kveðjur á baráttudegi verkafólks.

# Lífhagkerfið, leið til sjálfbærni

Lífhagkerfi (e. Bioeconomy) er sá hluti hagkerfisins sem byggir á lífrænum, sjálfbærum og endurnýtanlegum auðlindum sem finna má í hafi, fersku vatni, á landbúnaðarsvæðum, í skóglendi eða í óbyggðum. Grunnatvinnugreinar eins og sjávarútvegur og landbúnaður eru þannig hluti af lífhagkerfinu en ofan á þær byggjast afleiddar atvinnu- og þjónustugreinar eins og t.d. matvælavinnsla, framleiðsla sem byggir á líftækni, skapandi greinar, dreifikerfi og rannsóknir.

AUÐLINDIR



Sigrún Elsa Smáradóttir
fagstjóri hjá Matís

**➜ Olíuauðlindir eru endanlegar auðlindir sem munu klárast auk þess sem notkun þeirra hefur neikvæð umhverfisáhrif.**

**Efling lífhagkerfisins**
Til að stuðla að eflingu lífhagkerfisins er mikilvægt að unnið sé þvert á mismunandi atvinnugreinar og að horft sé á hliðarafurðir úr einni atvinnugrein sem mögulegan hráefnastraum inn í aðra. Einnig þurfa ákveðnar grunnstoðir að vera fyrir hendi í samfélaginu, nýtingin þarf að vera sjálfbær þannig að auðlindirnar séu í raun endurnýtanlegar, mikilvægt er að framboð á menntun sé við hæfi auk þess sem tryggja þarf nýsköpunarhæfni samfélagsins, ekki hvað síst þeirra svæða sem liggja að lífauðlindum. Í dag byggir hagkerfi heimsins í ríkum mæli á olíuvinnslu, ekki bara til jarðefnaeldsneytisframleiðslu heldur er olíuvinnsla einnig undirstaða efnaiðnaðar. Olíuauðlindir eru endanlegar auðlindir sem munu klárast auk þess sem notkun þeirra hefur neikvæð umhverfisáhrif. Litið er til lífhagkerfisins til að leysa af hólmi hagkerfi sem byggir á olíuvinnslu og færast þannig í átt til hagkerfis sem byggir á sjálfbærri nýtingu endurnýtanlegra auðlinda.

**Rannsókna- og nýsköpunaráherslur**
Á Íslandi spilar nýting lífrænna auðlinda, einkum sjávartengdra auðlinda, stærra hlutverk í hagkerfinu en víða annars staðar. Þegar litið er til norrænna, evrópskra og annarra svæðisbundinna eða alþjóðlegra rannsókna- og nýsköpunaráætlana er ljóst að sífellt aukin áhersla er á lífhagkerfið. Þessi aukna alþjóðlega áhersla á lífhagkerfið opnar tækifæri fyrir Ísland til breiðrar þátttöku í rannsóknum og nýsköpun með það að markmiði að auka verðmætasköpun og efla íslenska lífhagkerfið. Mikilvægt er því að nýta tækifærið og að íslenskar rannsókna- og nýsköpunaráherslur styðji þessa þróun svo að sem mest samlegðaráhrif náist á þessu sviði.

**Stórar áskoranir**
Ástæða þess að lífhagkerfið og efling þess er svo áberandi í alþjóðlegum áætlunum er að viðgangur, styrking og framþróun í lífhagkerfinu er eitt helsta svar mannkyns við þeim stóru áskorunum sem það sendur frammi fyrir. Þetta á við um fæðu- og matvælaöryggi fyrir sífellt fleiri jarðarbúa. Einnig til að sporna við og aðlagast hlýnun jarðar, útskiptingu jarðefnaeldsneytis og útskiptingu efna sem unnin eru úr olíu í dag. Einnig má segja að efling lífhagkerfisins geti spilað stórt hlutverk þegar kemur að byggðaþróun og íbúasamsetningu í dreifðum byggðum sem liggja að lífauðlindum. Auk þess að vera lykillinn að því að auka viðnámsþrótt vistkerfa við áföllum hvort sem um er að ræða eldgos, flóð eða fellibyli og við skipulag land- og hafsvæða.

**Aukin verðmætasköpun**
Nýsköpun í lífhagkerfinu felst í verðmætaaukningu og nýtingu alls hráefnis sem til fellur við vinnslu þvert á geira, með framleiðslu á hliðarafurðum og/eða verðmætari vörum úr þegar nýttu hráefni. Hún getur falist í bættum vinnslu-, kæli- og flutningsferlum sem auka nýtingu og gæði vöru.

Nýsköpunin getur einnig falist í beitingu og þróun nýrrar tækni til að einangra og vinna ýmis efni til iðnaðarframleiðslu úr lífrænum hráefnum í stað olíu. Í þessu sambandi er sérstaklega horft til nýtingar lífrænns úrgangs, vannýttra auðlinda eins og t.d. þangs og þara og aukinnar ræktunar til dæmis á þörungum, bakteríum eða sveppum. Auk þess geta veruleg tækifæri falist í erfðafræðilegri sérstöðu lífvera á tilteknum svæðum, þar eru hitakærar bakteríur í íslenskum hverum gott dæmi en þær má m.a. nýta til framleiðslu á hitaþolnum ensímum sem nýtast í ýmsum iðnaði.

**Drifkraftar**
Þó verðmætaaukning sé dregin hér sérstaklega fram sem mikilvægur drifkraftur eru einnig aðrir mikilvægir þættir sem hvetja til framþróunar í lífhagkerfinu. Þar má nefna svæðisbundið fæðuöryggi sem byggir ekki einungis á nægri matvælaframleiðslu heldur einnig á því að svæði séu sjálfbjarga um nauðsynleg hráefni til matvælaframleiðslu eins og fóður og áburð. Einnig má líta á jákvæð áhrif á byggðarþróun sem drifkraft, þar sem t.d uppbygging líftækniiðnaðar sem kallar á nálægð við lífauðlindir getur aukið framboð starfa fyrir menntað fólk í dreifðum byggðum. Umhverfisáhrif og sjálfbær nýting til að tryggja varanleika lífrænna auðlinda verður að sjálfsögðu alltaf útgangspunktur við framþróun lífhagkerfisins. Lífauðlindir eru og verða íslensku samfélagi mikilvægar, efling lífhagkerfisins hefur verið og mun verða einn mikilvægast þátturinn í að viðhalda og auka hagsæld á Íslandi til framtíðar.

# Af stríðsástandinu í miðborginni

Kæri Hjálmar Sveinsson. Nokkrir mánuðir eru nú liðnir síðan ég skrifaði þér síðast og bauð þér í rúnt um Reykjavík svo þú gætir séð og kynnst ófremdarástandinu í umferðarmálum í borginni. Þú komst með og það var fínt en ekkert hefur frést af því hvort og þá hvernig þið hjá borginni ætlið að bregðast við því ófremdarástandi sem er í umferðarmálum borgarinnar hvað ferðaþjónustuna varðar. Mig langar því til að hnykkja á nokkrum atriðum.

BORGARMÁL



Guðrún Helga Sigurðardóttir
blaðamaður og ökuleiðsögumaður

Ferðamenn lenda á öllum tímum sólarhringsins og koma um miðja nótt eða snemma morguns á hótel í Reykjavík. Það er sem stríðsástand sé í miðborginni á nóttunni og morgnana um helgar á sumrin þegar háannatími er í ferðaþjónustunni. Ferðamönnum dauðbregður að sjá dauðadrukkna Íslendinga valsandi um göturnar hrópandi og kallandi, jafnvel ryskingar og ofbeldi. Auðvitað hrýs þeim hugur við að taka ferðatöskurnar sínar og ösla glerbrotin upp í ökkla með áfengisfnykinn og hlandlyktina í nösunum. Það er nefnilega ekkert venjulegt rusl sem þekur götur og stéttar. Og það virðist ekkert þrifið fyrr en með morgninum eftir að ferðamennirnir eru lagðir af stað í ferðirnar sínar.

Okkur mörgum sem vinnum í ferðaþjónustunni líst ekkert á að senda ferðamennina út á göturnar með ferðatöskurnar sínar í eftirdragi við þessar aðstæður fyrir nú utan hvað það er leiðinlegt að ferðamennirnir sjái höfuðborgina svona enda súpa þeir margir hveljur þegar þeir sjá ástandið. Kollegar mínir hafa sumir lagt og lokað bílunum sínum og veitt ferðamönnunum fylgd á hótelið þó að það sé alls ekki í þeirra verkahring en hvað gerir maður ekki fyrir öryggið þegar skelkað fólk er annars vegar.

Veðrið á Íslandi getur verið vont. Í vetur liðu varla þrír sólarhringar milli snjóstorma. Oft var ófært á götum, bæði í borginni og úti á landi. Enginn veit hvernig næsti vetur verður. Íslendingar sjálfir, hvort sem þeir búa í miðborginni eða úthverfunum, draga ekki ferðatöskur á eftir sér hálfan, einn, tvo eða fleiri kílómetra í slabbi, stormi, stórhríð eða beljandi rigningu til að komast í rútu á alþjóða- eða innanlandsflugvöllinn. Af hverju að ætlast til þess af erlendum ferðamönnum? Ferðamennirnir okkar eru í fríi. Þeir eru að heiðra okkur með heimsókn sinni. Þeir koma til landsins forvitnir að kynnast menningu okkar og náttúru. Þeir eru að hjálpa Íslandi að rísa upp úr rústum hrunsins og eyða miklum peningum til að njóta verunnar hér. Þess vegna eiga þeir rétt á því að geta keypt sér far á flugvöll eða til baka með smárútum. Ekkert er hins vegar gert til að auðvelda þessa þjónustu og frekar reynt að auka skipulagsleysið og hamla því að hún sé veitt ef eitthvað er.

**Gæti skilað borginni tekjum**
Gistihúsum og hótelum hefur verið dritað út um alla borg, sérstaklega miðborgina, alltaf án þess að nokkurt tillit sé tekið til samgönguþjónustu við ferðamenna. Það er gríðarlegt vandamál og til skammar að ekki séu stæði fyrir rútur í grennd við gististaði. Ég legg því til að borgin skyldi alla gististaði til að leigja átta metra rútustæði við alla gististaði allt árið þannig að rútur geti sótt gesti þangað eða skilað þeim. Þannig væri því stýrt hvar rútur, litlar sem stórar, mega stoppa til að taka fólk eða skila af sér. Þessi leiga gæti skilað borginni ágætis tekjum á ársgrundvelli og þessar tekjur mætti nota til að bæta og laga gatnakerfið og koma upp rútustæðum á helstu umferðaræðum eins og við Hverfisgötuna þar sem bráðvantar að koma upp nokkrum rútustæðum. Þá legg ég til að borgin taki öll bílastæðin sunnan megin við Hallgrímskirkju undir rútustæði því að þangað fara ferðamenn og skila kirkjunni háum tekjum.

**➜ Auðvitað hrýs þeim hugur við að taka ferðatöskurnar sínar og ösla glerbrotin upp í ökkla með áfengisfnykinn og hlandlyktina í nösunum.**

Ég vona Hjálmar að þú hafir lesið þessa grein og skiljir hvað ég er að fara. Landsmenn allir – rétt eins og starfsmenn ferðaþjónustunnar – eiga rétt á því að vita hvað er að gerast í höfuðborginni. Þess vegna óska ég eftir svörum um það hver stefnan sé varðandi stæðamál við gististaði, hvaða ákvarðanir hafi verið teknar eða stefnt sé að því að taka til við að bæta úr vandanum og hvernig framtíðarsýnin sé varðandi stæðamál í miðborginni og við gististaði. Einnig óska ég eftir upplýsingum um þær úttektir og eða greinargerðir sem þið byggið stefnumótun ykkar og ákvarðanir á. Það skiptir nefnilega máli að vita hvert maður stefnir og hvers vegna.

# Þingmál: Engar raflínur í jörð

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að koma rafmagnslínum í jörð til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum þeirra. Á liðnum vetri lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fram tvö þingmál um raforkumál. Verði málin að veruleika munu umhverfissjónarmið fara mjög halloka og lagning jarðstrengja á hárri spennu verður nær útilokuð í fyrirsjáanlegri framtíð.

UMHVERFISMÁL



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri Landverndar

**Tröllvaxnar loftlínur framtíðarsýnin**
Í frumvarpi um breytingu á raforkulögum er gert ráð fyrir að þegar Landsnet reiknar út þörf á nýjum raflínum í kerfisáætlun sinni geti fyrirtækið miðað við orkuflutning frá öllum virkjanahugmyndum í orkunýtingar- og biðflokki rammaáætlunar. Þetta myndi þýða stórar og tröllslegar loftlínur um allt land eins og við m.a. þekkjum af Hellisheiðinni og frá Fljótsdalsstöð niður á Reyðarfjörð. Þar sem að orkunýtingarflokkur jafngildir ekki ákvörðun um að virkja, hvað þá biðflokkur, yrði með þessu lögfest að Landsnet tæki mið af óraunhæfum eða fölskum forsendum við áætlanagerð sína. Það má ekki verða.

**Völd frá sveitarstjórnum til Landsnets**
Með frumvarpinu er lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum gert skylt að samræma skipulagsáætlanir sínar við verkefni í tíu ára kerfisáætlun Landsnets. Þá bæri þeim að passa að skipulagsmál hindri ekki framgang verkefna fyrirtækisins í þriggja ára framkvæmdaáætlun þess. Sveitarfélag hefði því lítið um það að segja hvort loftlína eða jarðstrengur lægi í gegnum viðkvæm svæði þess.

**➜ Þetta myndi þýða stórar og tröllslegar loftlínur um allt land eins og við m.a. þekkjum af Hellisheiðinni og frá Fljótsdalsstöð niður á Reyðarfjörð.**

**Stefna um engar raflínur í jörð?**
Hin tillaga ráðherra gengur út á stefnu um lagningu raflína. Sett eru fram viðmið um við hvaða aðstæður megi leggja jarðstrengi þrátt fyrir að þeir kosti meira en loftlínur. En þau viðmið ná ekki einu sinni til allra náttúruverndarsvæða og, ótrúlegt en satt, ekki til víðerna, einmitt þar sem sjónræn áhrif loftlína eru afar neikvæð. Í ofanálag má kostnaðarmunur ekki fara yfir ákveðið þak til að viðmiðin eigi við, nema fyrir einstöku landgerð. Með þessu er í reynd verið að útiloka lagningu stórra 220kV jarðstrengja á Íslandi, en stefna Landsnets er einmitt að byggja meginflutningskerfið upp á 220kV. Landsnet hefði því frítt spil fyrir loftlínuskóga út um allt land, þ.m.t. á Sprengisandi, í Skagafirði, Öxnadal, á Reykjanesskaga og víðar.



**Húðflúr til frægðar** Rokkabillígoðsögnin Smutty Smiff fékk fyrsta tattúið fjórtán ára. SÍÐA 2



**Breytt tattúmenning** Konur fá sér nú æ stærri húðflúr segja Svanur og Sessa á Tattoo og skarti. SÍÐA 3








**SÍÐASTI BIKARINN** Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði Snæfells, fagnar fimmta og síðasta íslandsmeistaratitlinum fyrr í vikunni. Fram undan er nýr kafli í lífi hennar. MYND/ÓSKARÓ

# GÓÐAR MINNINGAR

**TÍMAMÓT** *Eftir langan og farsælan feril leggur Hildur Sigurðardóttir, leikmaður Snæfells, skóna á hilluna. Hún ætlar að njóta lífsins í sumar og slaka á.*

Kvennalið Snæfells í körfubolta tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn fyrr í vikunni, annað árið í röð. Leikurinn var einnig sögulegur fyrir fyrirliða liðsins, Hildi Sigurðardóttur, sem um leið spilaði sinn síðasta leik eftir nær aldarfjórðungs farsælan feril. Hún segir margt standa upp úr í minningunni. „Allir Íslandsmeistaratitlarnir fimm standa upp úr, sérstaklega tveir síðustu með uppeldisfélagi mínu Snæfelli. Þegar ég flutti héðan 17 ára gömul gat ég ekki séð fyrir mér þetta ævintýri sem ég hef upplifað í Hólminum. Ég á ótal minningar tengdar körfuboltanum, margir þjálfarar, stjórnarmenn og fólk í kringum starfið sem mér þykir virkilega vænt um.“

Hún var lengi búin að velta fyrir sér þeirri ákvörðun að hætta í körfubolta og segist ekki sjá eftir neinu. „Ég vil gera vel það sem ég tek mér fyrir hendur og hef metnað í að ná árangri. Það er svolítið síðan ég fór að finna fyrir að ég hafði ekki lengur sömu orku og vilja til að gera þetta 100% og þá finnst mér rétt að hætta og njóta mín á öðrum sviðum.“

Eftir nokkurra ára búsetu í Stykkishólmi ætlar Hildur að flytja til höfuðborgarinnar í sumar. „Ég er að skipuleggja sumarið þessa dagana. Þar sem ég er einnig að leita að góðu starfi er sumarið aðeins í lausu lofti en ég ætla þó pottþétt að njóta lífsins. Ætli ég byrji ekki á að taka áskorun frá aðstoðarþjálfaranum Baldri Þorleifssyni. Hann er búinn að skora á mig í jökulmíluna, sem er hjólreiðakeppni um Snæfellsnesið.“

Hildur segist hafa mikinn áhuga á eldamennsku en vilji þó einblína á hollan mat og hún segist vera lítið fyrir brasaðan mat. „Þar sem æfingar og leikir eru yfirleitt á matmálstíma eða þegar leikir fara fram situr eldamennskan oft á hakanum, sérstaklega þegar álagið er mikið. Áhuginn er þó vissulega til staðar og nú sé ég að minnsta kosti fram á að sinna betur þessu áhugamáli.“



**LJÚFFENGUR** Einfaldur og góður kjúklingaréttur sem eldaður var fyrir lokaleik körfuboltaferils Hildar Sigurðardóttur. MYND/ÚR EINKASAFNI

**KJÚKLINGARÉTTUR MEÐ PESTÓI, FETAOSTI OG DÖÐLUM.**

„Í úrslitakeppninni hittumst við stelpurnar og þjálfarar í liðinu kvöldið fyrir leiki og borðuðum saman. Þar sem æfingar eru yfirleitt á matartíma þá tók móðir mín það að sér að elda fyrir okkur. Þessi réttur var matreiddur kvöldið fyrir úrslitaleikinn og sló í gegn enda bæði afar einfaldur og mjög bragðgóður.“

4 stk. kjúklingabringur, skornar í bita
1 krukka rautt pestó
1 krukka fetaostur
20 stk. döðlur

Öllu hráefni blandað saman í eldfast form og látið malla í ofninum á 180°C í 30-40 mín (eða þar til kjúklingurinn er eldaður). Gott er að bera fram með kjúklingnum ferskt salat, hrísgrjón og naanbrauð.







# MAMMA VARÐ ALVEG BRJÁLUÐ

**ROKKABILLÍGOÐSÖGN** *Stephen Dennis Smith, betur þekktur sem rokkabillítónlistarmaðurinn, bassaleikarinn og útvarpsmaðurinn Smutty Smiff, er sannfærður um að að tattúin hafi fleytt honum áfram í tónlistarheimi New York-borgar á áttunda áratugnum.*

Fjórtán ára gamall, árið 1973, sat Stephen Dennis Smith við eldhúsborðið heima hjá sér ásamt félaga sínum. Mamma hans var ekki heima. Vinurinn hafði verið að æfa sig að tattúera Mikka mús á kartöflu og þóttist orðinn nokkuð sleipur og spurði Stephen hvort hann mætti ekki teikna á höndina á honum. Ekkert var sjálfsagðara og þannig fékk Stephen Smith sitt fyrsta tattú.

„Mamma varð alveg brjáluð og ég laug því að henni að þetta færi af. Hún vissi auðvitað betur og sagði: „Við skulum sjá til með það," dró mig að vaskinum, greip skrúbb og fór að skrúbba Mikka mús. Ég öskraði en hún sagði rólega: „Skrítið, þetta næst ekki af, ha?" Þannig lýsir tónlistarmaðurinn Smutty Smiff fyrstu reynslu sinni af húðflúri en ófá hafa bæst við síðan þá.

Þegar hann er spurður hvað tattúin séu orðin mörg svara hann eins og skot: „237 og hálft." Þegar blaðamaður hváir skellir Smutty upp úr. „Nei, ég hef ekki hugmynd um hvað þau eru mörg," segir hann glettinn og rífur sig um leið úr skyrtunni til að sýna húðflúrin sem þekja efri hluta líkamans. Þau eru af ýmsum toga, stór sem smá og Smutty bendir sérstaklega á Krist á krossinum sem hann ber á bakinu. „Þetta er eftir málverki Salvadors Dalí," útskýrir hann.



**SALVADOR DALÍ** Þessi mynd var tekin í Los Angeles árið 1983 af stjörnuljósmyndaranum Greg Gorman. MYND/GREG GORMAN



**ALLTAF TÖFF** Smutty hefur ekki tölu á þeim tattúum sem hann ber. Í dag lætur hann tattúera sig hjá Mark Mahoney í Hollywood. MYND/VALLI

### TATTÚ VAR TABÚ

Smutty fæddist í Essex á Englandi og á unglingsárunum var hann svokallaður Teddy Boy, sem var mjög vinsæll stíll á áttunda áratugnum sem dró dám af spjátrungum á tímum Játvarðs konungs. „Þeir sem aðhylltust Teddy Boy-stílinn voru allir með tattú og því fylgdi ég með. Svo hafa tattú alltaf verið vinsæl á Englandi og hafa tengsl við fótbolta og verkamenn," lýsir Smutty sem stakk af til Bandaríkjanna með hljómsveit sinni á áttunda áratugnum. „Þar var enginn með tattú. Eina fólkið sem var húðflúrað voru fangar, Vítisenglar og sjóliðar. Fólk varð því mjög hissa að sjá mig og var oft hrætt við mig. Sumir stoppuðu bílana sína til að taka myndir af mér því ég þótti svo skrítinn. Að auki var ég málaður með uppgreitt hár sem bætti ekki úr skák," segir hann og hlær.

### MIÐI AÐ VELGENGNI

Greiddu tattúin leið þína í tónlistarbransanum? „Algjörlega. Ég skar mig úr og þess vegna var ég tekinn inn í samfélag þeirra sem bar mest á í tísku- og listaheiminum á þessum tíma," segir Smutty sem telur sig vera heppinn að hafa kynnst umboðsmanni sínum, Leee Black Childers, þegar hann var sautján ára. „Hann var gömul drottning, sýningarstjóri Andy Warhol, fjölmiðlafulltrúi Davids Bowie og umboðsmaður Iggy Pop. Hann kom mér í hljómsveit og kynnti mig fyrir öllu svalasta fólki þess tíma. Þar sem ég var svona skrítinn, tattúeraður og myndarlegur strákur vildu margir taka af mér myndir. Þannig tók Robert Mapplethorpe af mér myndir tvisvar sinnum og hangir ein þeirra uppi í Tate Modern-listasafninu í London," segir Smutty sem varð einnig góður vinur Andy Warhol.

Fleiri frægir ljósmyndarar hafa spreytt sig á að mynda Smutty, til dæmis Mick Rock sem hefur myndað David Bowie en auk þess hefur hann verið á forsíðum allra helstu tattútímarita heims og í Rolling Stone.

### SKUGGAMYND Í UPPÁHALDI

Af öllum húðflúrum Smuttys eru nokkur í uppáhaldi. „Til dæmis það sem ég fékk í afmælisgjöf árið 1980. Vinur minn gerði skuggamynd af mér að spila á bassann en konan mín er með sams konar tattú. Þá er ég líka með hlébarða á öxlinni sem er lógó hljómsveitar minnar, Rockats. Og svo eru það hjarirnar," segir hann og beygir og réttir hendurnar svo glittir í myndir af hjörum í báðum olnbogabótum.

En sérðu eftir einhverjum tattúum? „Já, mörgum. Svipað og ég sé eftir fjölmörgum hjásvæfum," segir hann og skellihlær. „Þegar ég byrjaði var listin komin svo stutt á veg. Fyrstu tattúin fékk ég hjá Vítisenglum í bakhúsi í London. Þar notuðu þeir sömu nálina allan daginn og skoluðu af henni í skítugum bolla."

### HJÁ TATTÚMEISTARA STJARNANNA

Mörg húðflúra Smuttys eru eftir sanna listamenn. „Ég er með einhver eftir Bob Roberts sem er guðfaðir húðflúrsins í Bandaríkjunum," segir hann en sá flúrari sem Smutty fer til núna er Mark Mahoney í Hollywood. Sá er mjög vinsæll meðal stjarnanna og hefur til dæmis flúrað á Johnny Depp, Rihönnu og Beyoncé.

Smutty er mikið á ferðinni um heiminn. „Ég var að koma frá Las Vegas þar sem hljómsveitin mín Rockats spilaði á heiðurstónleikum á 30 þúsund manna tattú-, bíla- og rokkabillíráðstefnu," segir Smutty.



**Á FORSÍÐU** Hér er Smutty á forsíðu bókarinnar „Twenty years of „Rolling Stone". MYND/E.J.KEMP

### NÝ ÚTVARPSSTÖÐ OG NÝ BÓK

Lífið er óútreiknanlegt og fyrir sex árum leiddi ástin Smutty til Íslands. Hann hafði kynnst stúlku á rokkabillíklúbbi í London sem gat rúllað sígarettu með annarri og drukkið fullvaxta karlmenn undir borðið. Þar með voru örlögin ráðin. Smutty vann í nokkur ár sem útvarpsmaður á Xinu en hefur nú söðlað um og tekið til starfa á glænýrri útvarpsstöð, Radio Iceland, sem ætluð er sívaxandi fjölda ferðamanna á Íslandi. Dagskráin fer öll fram á ensku sem hentar Smutty auðvitað vel. „Ég fæ mikið frjálsræði og get spilað hvað sem ég vil. Ég ætla að leggja áherslu á íslensk bönd, jaðartónlist og ungar hljómsveitir. Ég vil kynna þessar hljómsveitir fyrir ferðamönnum enda er áhuginn á íslenskri tónlist mjög mikill í kjölfar vinsælda Of Monsters and Men og Kaleo," en Smutty hefur unnið talsvert með strákunum í Kaleo og komið þeim á framfæri í London.

Smutty vinnur einnig að bók um fyrstu árin sín í tónlistarbransanum, frá því hann var unglingur í Essex til tíma hans í stúdíói Andy Warhol, The Factory, í New York. Þeir sem vilja skoða söguna nánar geta farið á unbound.co.uk/books/smutty.



**BASSALEIKARI** Smutty er mjög líflegur kontrabassaleikari eins og sést á þessari mynd sem tekin var í London árið 1980. MYND/JANETTE BECKMAN

### AFINN VAR FYRIRMYND

Smutty segir afa sinn hafa haft mikil áhrif á sig. „Afi minn var alsettur tattúum og þar sem ég átti ekki pabba varð hann fyrirmynd mín í lífinu. Hann var í sjóhernum, drakk flösku af gini og reykti tvo pakka á dag. Ég skoðaði tattúin hans þegar hann var orðinn mjög gamall og þau höfðu enst ótrúlega vel en flest voru gerð í heimsstyrjöldinni síðari. Mín hafa líka enst nokkuð vel, rauði liturinn endist þó best."

Muntu fá þér ný tattú þar til yfir lýkur? „Af hverju ekki? Þú ert aðeins jafn gamall og þér líður."

solveig@365.is

# Lífið

FÖSTUDAGUR
1. MAÍ 2015


Nanna Árnadóttir íþróttafræðingur
**GÓÐAR VENJUR LYKILL AÐ BETRI ÁRANGRI 4**

Eva Laufey Matarvísir
**ÓMÓTSTÆÐILEGAR ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR 8**

Tíska og trend í fatnaði
**STUTTBUXUR ALLAN ÁRSINS HRING 10**




Andri Snær Magnason

## NÁTTÚRA ÍSLANDS ER AUÐÆFI FRAMTÍÐARINNAR


FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## LAGALISTI ÞINGKONUNNAR



Björt Ólafsdóttir er kraftmikil þingkona Bjartrar framtíðar sem er einnig menntaður sálfræðingur. Hér deilir hún með lesendum Lífsins lögunum sem eru í uppáhaldi hjá henni.

- **JOHN AND MARY**
  *TODD TERJE, BRYAN FERRY*
- **CHERRY-COLOURED FUNK**
  *COCTEAU TWINS*
- **CONTINENTAL SHELF**
  *VIET CONG*
- **EASY**
  *SON LUX*
- **PATIENCE**
  *ÓLÖF ARNALDS*
- **FOURTH OF JULY**
  *SUFJAN STEVENS*
- **NEVERTHELESS**
  *THE BRIAN JONESTOWN MASSACRE*
- **SHUGGIE**
  *FOXYGEN*
- **LET IT HAPPEN**
  *TAME IMPALA*

# KÁTUST, STERKUST, SÆTUST

**Þeir sem fróðari eru um næringarfræðin en þverskurður þjóðarinnar mæla með því að neytt sé fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á dag. En skiptir máli hvort við njótum þeirra í fljótandi eða föstu formi? Kemur þetta ekki allt á sama stað niður hvort sem er, eða hvað?**



**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is



Allra best reynist að borða sitt lítið af hverju

Það er flestum ljóst að við Íslendingar innbyrðum allt of mikið af sykri. Talið er að hver einstaklingur innbyrði að meðaltali eitt kíló af sykri vikulega, sem verða þá 52 kíló á ársgrundvelli. Ef skoðaðar eru upplýsingar úr rannsóknum á sykurneyslu fyrri ára virðist ekkert lát vera á neyslunni, þvert á móti er hún að aukast. Við Íslendingar höfum státað okkur af því að eiga sterkustu karlmennina, fallegustu konurnar og nýlega lentum við í öðru sæti yfir hamingjusömustu þjóðir í heiminum en metin eru ekki upptalin því við getum státað okkur af því, eða ekki, að eiga Norðurlandamet í sykurneyslu.

## Hvað er sykur?

Hvítur sykur eða súkrósi er tvísykra samsett úr frúktósa eða ávaxtasykri og glúkósa eða þrúgusykri. Líkaminn nýtir glúkósa sem orkugjafa líkt og bíll þarf bensín eða rafmagn, ef því er að skipta, en lifrin þarf að breyta ávaxtasykrinum í glúkósa til þess að líkaminn geti nýtt hann sem skyldi. Ef sykurs, og þá sérstaklega ávaxtasykurs, er neytt í óhófi veldur það töluverðu álagi á lifrina sem getur leitt til offitu, kransæðasjúkdóma og sykursýki.

## Ávextir á bannlista?

Nú gætu margir talið að allir ávextir væru komnir á bannlista vegna ávaxtasykursins en svo er hreint alls ekki raunin. Tökum til dæmis fyrir eitt gott dæmi, lega safaríkt epli. Það inniheldur fyrrnefndan ávaxtasykur en einnig trefjar og önnur næringarefni. Trefjar gera líkamanum gott og hægja meðal annars á upptöku sykurs í blóðrásinni og hafa jákvæð áhrif á meltinguna svo fátt eitt sé nefnt. Ávextir eru því að þessu leyti ekki á bannlista en það er eins með þá og aðrar fæðutegundir að þeirra ber að njóta í hófi og í sem fjölbreyttustu formi.

> „Við höfum státað okkur af því að eiga sterkustu karlmennina og fallegustu konurnar."

## Hvað með ávaxtasafa?

Þá komum við að ávaxtasöfunum. Höldum okkur við eplið góða sem dæmi. Þegar búið er að flysja eplið og skutla því í gegnum safapressu, hvað er þá eftir? Ávaxtasykurinn fór ekki neitt en trefjarnar fóru í ruslið. Hver er þá hollustan við að drekka ávaxtasafa út í eitt? Maður spyr sig.







**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** erlabjorg@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Valgarður Gíslason**

**Nú er loksins hægt að panta Omaggio silfur vasann frá Kåhler. Hann kemur til landsins 8. maí og verður til afhendingar í Epal Kringlunni frá 9. maí.**

Með hverjum pöntuðum vasa fylgir afsláttarkóði sem gefur 15% afslátt í vefverslun Epal. Afsláttarkóðinn gildir til 1. júlí 2015.

KÄHLER

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / www.epal.is

epal 40 ÁRA

**Omaggio** Silfur. Hæð 20cm.

**kr. 8.450.-**



Heilsuvísir

# VENDU ÞIG Á VENJURNAR

**Í síðasta pistli skrifaði ég um brot af þeim venjum sem ég hef tileinkað mér varðandi heilsusamlegan lífsstíl og langar mig að deila með ykkur fleiri ráðum í von um að hvetja ykkur til dáða í áttina að betri heilsu og heilbrigðu hugarfari.**



**Nanna Árnadóttir**
íþróttafræðingur

Lífið sjálft snýst oft og tíðum mikið um venjur. Foreldrar okkar vöndu okkur á það að bursta tennur kvölds og morgna og við venjum krakkana okkar á það. Við venjum okkur á það að þvo hendurnar eftir salernisnotkun og að ganga frá eftir matinn. Það að koma sér upp nýjum venjum getur þó verið meira en að segja það. Maður þarf virkilega að leggja sig allan fram við að búa til nýjar venjur og halda þeim gangandi því það reynir svo sannarlega á þolinmæðina. Það er oft talað um að það taki að minnsta kosti 30 daga að koma upp nýjum venjum. Prófaðu því að skrifa það sem þú stefnir að á blað og hengdu upp á ísskápinn eða hafðu í dagbókinni svo þú sjáir það á hverjum degi. Ef markmiðið er til dæmis að drekka fleiri vatnsglös á dag þá eru allar líkur á því að það þurfi að minna á það með einhverjum hætti, til dæmis áminningu í símanum. Ef þú gleymir því sem þú ætlaðir að venja þig á einn daginn, ekki gefast upp. Haltu áfram næsta dag og reyndu að gera enn betur.

## Einblíndu á eitt í einu

Málshátturinn segir: Róm var ekki byggð að einum degi. Það að taka sér upp hollari venjur gerist heldur ekki á einum degi. Byrjaðu rólega og á einhverjum einum hlut, eins og til dæmis að borða tvo ávexti á dag. Þegar það er orðið að venju bættu þá einhverju öðru við, eins og til dæmis að hreyfa þig á hverjum degi. Maður getur ekki búist við því að geta allt í einu hætt öllu sukki, borðað eins og Solla á Gló í öll mál og æft eins og Jón Páll á hverjum degi. Góðir hlutir gerast hægt!

## Finndu það sem hentar

Það að borða hollt og hreyfa sig verður að vera skemmtilegt, annars mun þetta ekki verða að lífsstíl. Prófaðu þig áfram og finndu þér hollt fæði sem þér líkar við. Það eru til ótal vefsíður, bækur og miðlar sem deila skemmtilegum, hollum uppskriftum. Það sama gildir um hreyfinguna. Ef þér finnst líkamsræktin leiðinleg eru allar líkur á því að þú gefist upp. Ef þér finnst ekki gaman að mæta í líkamsræktarsal prófaðu þá hóptímana, finndu þér skokkhóp í nágrenninu, farðu í sund og syntu eða finndu þér einhverja íþrótt að þínu skapi. Möguleikarnir eru endalausir!

## Jákvæð hugsun

Reyndu að fara af stað alla daga með tilhlökkun fyrir komandi verkefnum. Að skapa sér nýjar, hollar venjur er ekkert annað en verkefni sem þarf að takast á við með bros á vör. Það er staðreynd að öllum líður vel við það að hreyfa sig og fá holla og góða næringu. Endorfínið flæðir um líkamann að hreyfingu lokinni. Stoppaðu í augnablik eftir æfinguna og njóttu þess að finna fyrir þessari góðu tilfinningu sem þú færð eftir átökin. Ef þú átt svo einhvern tíma erfitt með að rífa þig upp til að fara á æfingu, leitaðu þá að þessari tilfinningu í minninu og drífu þig svo af stað. Launaðu líkamanum svo erfiðið með hollri og góðri næringu sem byggir líkamann enn frekar upp.

Ég vona að þessi ráð hjálpi einhverjum sem reynir að koma sér upp nýjum og hollum venjum í átt að heilbrigðum lífsstíl. Þetta tekur tíma en þegar venjurnar eru orðnar að daglegum athöfnum er ekkert betra en að njóta þess að hlakka til þess að hreyfa sig á hverjum degi og borða hollan og góðan mat.



Góðar venjur skila árangri.

„Maður þarf virkilega að leggja sig allan fram við að búa til nýjar venjur og halda þeim gangandi því það reynir svo sannarlega á þolinmæðina. Það er oft talað um að það taki þrjátíu daga að koma upp nýjum venjum.“




# ER MAKI MINN KYNLÍFSFÍKILL?

Lesendur Lífsins geta alltaf sent inn fyrirspurnir um kynlíf og fengið svarið birt hér í þessum dálki.

**?** Ég er með spurningu um meðaltal í samlífi hjóna á fertugsaldri. Er það eðlilegt að ætlast til þess að maki stundi kynlíf 3-4 sinnum í viku? Getur það verið merki um að annar aðilinn sé kynlífsfíkill eða er þetta bara það sem hjón almennt gera?



**SVAR** Kærar þakkir fyrir spurninguna, þetta er málefni sem brennur á mörgum pörum og er eitt algengasta deiluefni para hvað kynlíf viðkemur. Mismunandi kynlöngun getur haft virkilega slæm áhrif á sambönd þar sem endalaus togstreita í kynlífi og ólík löngun einstaklinga fer að hafa áhrif á aðra þætti sambandsins. Það er ómögulegt fyrir mig að segja hvort maki þinn sé haldinn kynlífsfíkn og er það hugtak út af fyrir sig umdeilt. Þegar talað er um fíkn þá lýtur það þeim lögmálum að það valdi viðkomandi mikilli truflun í lífinu og þá í raun væri kynlíf með maka aðeins skammgóður vermir. Hitt er svo annað, fólk hefur mismikla löngun í kynlíf og geta margir þættir spilað þar inn í. Hvati fyrir að stunda kynlíf getur verið annar en kynlöngun og það getur verið að maki noti þetta sem leið til að tengjast tilfinningalega og auka nánd ykkar á milli. Þetta er alltaf spurning um samræmingu og að finna leið sem ykkur hentar þannig að jafnvægi náist í samlífinu. Það að krefjast kynlífs frá maka er í sjálfu sér vandasamt því þetta er eitthvað sem þið þurfið bæði að koma að, annars getur viðkomandi stundað sjálfsfróun ef eina málið er útrás en í flestum tilvikum er kynlíf meira en bara það. Kynlíf er meira en bara samfarir og er gott að muna það, mörg pör finna sitt jafnvægi með því að minna á það og víkka út kynhegðunina sína með gælum. Þið þurfið því að ræða hreinskilnislega saman um hvað hentar ykkur. Til að aðstoða ykkur við þessar samningaviðræður þá gæti verið gott að leita til kynfræðings í ráðgjöf. Gangi ykkur vel og munið að sýna hvort öðru kurteisi, þolinmæði, skilning og virðingu í þessum samræðum.

# Ég fer í fríið...

IÐA




Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík. Opið til 22 alla daga

# HUGSJÓNIR OG STERK RÉTTLÆTISKENND Í FARTESKINU

**Andri Snær Magnason er einn fremsti og fjölhæfasti rithöfundur sinnar kynslóðar. Hann skrifar allt frá ævintýralegum barnabókum upp í pólitísk ádeilurit og berst fyrir vitundarvakningu þjóðarinnar um verndun hálendisins.**

**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is



„Það eru sögur af því þegar Íranskeisari og Oppenheimer lágu á skurðarborðinu og systir hans var barnfóstra hjá Tolkien.“

Andri Snær Magnason er án efa einn af hugmyndaríkustu og færustu rithöfundum sinnar kynslóðar á Íslandi og þó víða væri leitað. Hann er Árbæingur í húð og hár og getur rakið ættir sínar í póstnúmerið aftur um nokkra ættliði. „Langafi og langamma voru frumbyggjar í Árbæjarhverfi. Afi var múrari og byggði þar hús sem hét Selás 3. Afi minn og amma búa enn í hverfinu, foreldrar mínir og fullt af frændfólki.“ Eldri systir hans er heilaskurðlæknir í Ameríku og yngri bróðir vinnur hjá Nýherja. Andri Snær bjó í Bandaríkjunum í sex ár, lengst af í Connecticut þar sem faðir hans var í framhaldsnámi í læknisfræði. Mamma hans er hjúkrunarfræðingur, afi hans er læknir, konan hans er hjúkrunarfræðingur og tengdamamma líka.

## Hamingja og réttlæti

Að menntaskóla loknum lá leið Andra Snæs í Háskólann þar sem hann reyndi fyrir sér í læknisfræði líkt og fleiri fjölskyldumeðlimir höfðu gert með góðum árangri. „Ég skrifaði súrar smásögur á meðan ég reyndi við kláusinn og komst ekki inn eftir fyrstu önnina og skráði mig beint í íslensku, ég var búinn að gefa út þrjár bækur áður en námi lauk,“ segir hann. Árið 2000 fékk Andri Snær íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Söguna af bláa hnettinum, þá nýútskrifaður íslenskufræðingur og aðeins tuttugu og sex ára að aldri. Bókin naut mikillar hylli bæði hérlendis og erlendis en hún hefur verið þýdd á þrjátíu tungumálum. Þrátt fyrir að bókin sé skrifuð sem barnabók og börn upplifi hana sem spennandi ævintýri þá skynja þeir sem eldri eru ýmsar hnattrænar samlíkingar og pólitískan undirtón. „Hún er í rauninni mjög pólitísk en það gerðist sjálfkrafa í skrifunum og vekur hún upp ýmsar grundvallarspurningar um hamingju og réttlæti.“ Þjóðleikhúsið setti upp leikrit eftir bókinni árið 2001 en einnig hefur það verið sett upp víða um heim og nú síðast í Danmörku. Aðspurður segist Andri Snær lítið skipta sér af uppsetningum og túlkun á verkinu, þvert á móti þyki honum lærdómsríkt að upplifa verkið frá öðru sjónarhorni en sínu eigin. „Mér finnst alltaf erfitt að fara á frumsýningar án þess að hafa séð verkið áður en um leið finnst mér áhugavert að gefa fólki frelsi til að túlka verkið á sinn hátt og sjá hversu ólíkt það getur orðið á milli heimsálfa.“

## Óafturkræfar ákvarðanir

Andri Snær ólst upp með sterkum fyrirmyndum með ævintýralegum blæ frá unga aldri sem án efa hefur haft mikil áhrif á ungan dreng. „Ég hef átt góðar fyrirmyndir, margar sterkar konur, en systir mín er fyrsti heilaskurðlæknirinn, amma ein fyrsta konan til að fljúga og svo er mamma mikil kjarnakona. Ég er kominn af miklu fjallafólki, amma og afi í Hlaðbæ voru frumkvöðlar í Jöklarannsóknarfélaginu og svo afi og amma á Melrakkasléttu sem voru alger villibörn. Síðan á ég afa í Ameríku og afasögurnar þar eru öðruvísi en aðrar afasögur. Það eru sögur af því þegar Íranskeisari og Oppenheimer lágu á skurðarborðinu og systir hans var barnfóstra hjá Tolkien,“ segir hann. Sem barni var Andra Snæ kennt að umgangast náttúruna af virðingu og skildi hann snemma hversu viðkvæmt hálendi Íslands væri. Með þessa hugsjón og sterka réttlætiskennd í farteskinu tók Andri Snær þá hugrökku ákvörðun að skrifa bókina Draumalandið þar sem hann deilir skoðunum sínum á stóriðjustefnu stjórnvalda á Íslandi með þjóðinni. „Ég tók sjensinn á því að fæla frá ákveðinn lesendahóp sem myndi hafa skoðanir á því sem ég var að skrifa um í Draumalandinu. Hún fjallar samt ekki fyrst og fremst um virkjanir, hún fjallar meira um hugmyndir og hvað gerist þegar við missum hæfileikann til að ímynda okkur aðra möguleika en til dæmis stóriðjustefnuna.“ Bókin fékk íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2006 og mætti segja að hún hafi brotið blað í umhverfisvitund þjóðarinnar með hreinu og skýru orðalagi Andra Snæs. „Oft eru fræðimenn hreinlega að fela hluti með dulkóðuðu orðalagi og það sem ég hélt að yrði leiðinlegast við bókina varð að lokum skemmtilegast. Hvernig setur maður þrjátíu teravattstundir í samhengi svo fólk skilji það sem talað er um? Hvað eru þetta margir fossar, margar ár og svo framvegis. Fólk er ekkert heimskt, það er hægt að skilja langflesta hluti séu þeir settir í rétt samhengi.“ Þrátt fyrir að bókin hafi komið út fyrir hartnær tíu árum hefur hún sjaldan átt eins vel við og í dag þar sem stjórnvöld eru enn að velta fyrir sér óafturkræfum ákvörðunum um stóriðjustefnu landsins.

„Við eigum að nota ferðaþjónustuna til að efla innviði sem við gætum aldrei byggt sjálf og gera líf okkar betra.“

## Hnattrænt samhengi

Um þessar mundir vinnur Andri Snær að áhugaverðu verkefni sem sumir gætu túlkað sem sjálfstætt framhald af Draumalandinu. „Draumalandið byrjaði eiginlega sem fyrirlestraröð sem blés út og varð bók og kvikmynd. Ég er eiginlega kominn á sama stað aftur, er með efni sem endar líklegast sem bók og kvikmynd. Ekki beinlínis framhald því hnattræna samhengið er stærra. Þarna reyni ég að skapa heildarmynd úr alls kyns brotum og áhrifum undanfarinna ára. Þetta byrjaði eiginlega á tveimur viðtölum við Dalai Lama sem ég tók á Íslandi og Indlandi.“ Ástríða Andra Snæs fyrir umhverfinu á sér engin takmörk og hefur hann verið ötull talsmaður bættrar framtíðarsýnar landsins. „Draumalandið hefur fylgt mér og ég tók þátt í að skipuleggja Gætum garðsins-tónleikana og tengist verkefni eða draumi um að skapa heildstæðan þjóðgarð eða friðland á miðhálendi Íslands. Ég tel að þetta væri framsýn gjöf til komandi kynslóða og kannski það merkilegasta sem okkar kynslóð gæti „skapað“. Það er einstakt að eiga það sem við eigum og væri skammsýni að skera með raflínum eða skerða með frekari stíflum. Við eigum Aldeyjarfoss, Þjórsárver, Sprengisand og Fjallabak og mögnuð víðerni. Íslendingar eiga nú þegar gnægð auðlinda sem hver og ein ætti að duga 300.000 manna samfélagi. Við veiðum 2% af öllum fiski í heiminum, framleiðum fimmfalt meiri orku en við getum torgað, fáum fleiri ferðamenn á mann og eigum síðan heitt og kalt vatn og ágætt ræktarland miðað við höfðatölu. Ef okkur skortir eitthvað og „neyðumst“ til að fórna hálendinu þá erum við bara að reyna að sanna að jörðin sé óbyggileg.

## Engin kjarnorkuvísindi

Andri Snær liggur ekki á skoðunum sínum þegar rætt er um stærsta atvinnuveg landsins, ferðaþjónustuna, og telur að mörgu sé ábótavant sem að þeim





geira snýr. „Við erum auðvitað að upplifa ákveðna holskeflu núna, ekki síst þar sem menn hafa laðað fólk til landsins án þess svo mikið sem að byggja pall við Geysi. Það eru ekki kjarnorkuvísindi að byggja pall. Það er ágætt pláss fyrir fullt af fólki á Íslandi ef við kunnum að stýra flæðinu. Og við eigum að nota ferðaþjónustuna til að efla innviði sem við gætum aldrei byggt sjálf og gera líf okkar betra. Við komumst auðveldlega frá landinu með því að vera samferða ferðamönnum og veitingaflóran er stærri og betri en að sama skapi væri gaman að sjá eitthvað byggjast upp sem við gætum líka notað. Hvernig væri hjólastígur frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði og kannski bara allan hringinn? Suðurlandið er flatara en Holland og væri gaman að fara það með fjölskyldunni. Hvernig væri að búa til ótrúlega spennandi náttúruminjasafn sem væri í Smithsonian-gæðaflokki sem gerði alla náttúrufræðikennslu á Íslandi meira spennandi? Hvar eru handritin? Hvernig væri handritasýning sem býr til áfangastað fyrir ferðamenn jafnframt sem það gerir alla íslenskukennslu spennandi? Konungsbók Eddukvæða er einn merkilegast gripur í Evrópu, það er bara kalt mat – ekki þjóðremba,“ segir Andri Snær að lokum, með hausinn fullan af sögum og hugmyndum sem bíða þess eins að rætast.

## MYNDAALBÚM

Uppfærsla af Bláa hnettinum í Vaasa í Finnlandi. Á Skeiðarárjökli. Andri Snær les fyrir börn á Álandseyjum.









Matarvísir

# VINSÆLASTI EFTIRRÉTUR ÍTALA

**Eva Laufey heldur mikið upp á ítalska matargerð. Hún gefur lesendum Lífsins uppskriftir að gómsætum kjötbollum og ómótstæðilegum eftirrétt sem svo vel vill til er einn þekktasti eftirréttur Ítala. Fleiri uppskriftir Evu Laufeyjar má finna á Matarvísi.**

Matargleði Evu



## Ítalskar kjötbollur í tómat- og basilíkusósu

### Tómat- og basilíkusósa

**1 laukur, smátt skorinn**
**2 hvítlauksrif, marin**
**500 ml tómatapassata**
**½ kjúklingateningur**
**1 msk. fersk steinselja, smátt söxuð**
**1 msk. fersk basilíka, smátt söxuð**
**skvetta af hunangi eða smá sykur**
**salt og pipar, magn eftir smekk**

Hitið olíu við vægan hita í potti, steikið lauk og hvítlauk í olíunni í 1-2 mínútur.

Bætið öllu hinu í pottinn og leyfið sósunni að malla á meðan þið búið til kjötbollurnar.

### Kjötbollurnar

**500 g nautahakk**
**500 g svínahakk**
**1 dl brauðrasp**
**1 laukur, smátt skorinn**
**3 hvítlauksrif, marin**
**3 msk. fersk steinselja, smátt söxuð**
**1 msk. fersk basilíka, smátt söxuð**
**2 msk. rifinn parmesanostur**
**1 egg, létt pískað**
**salt og pipar, magn eftir smekk**
**smá hveiti**
**góð ólífuolía**

Blandið öllum hráefnum saman með höndunum og búið til jafn stórar bollur úr deiginu.



Ítlaskar kjötbollur í tómat- og basilikusósu.

Veltið bollunum upp úr smá hveiti og leggið þær í eldfast mót. Sáldrið olíu yfir bollurnar og setjið inn í ofn við 180°C í 10-15 mínútur.

Þegar bollurnar eru tilbúnar þá hellið þið sósunni varlega ofan í eldfasta mótið og eldið áfram í 20 mínútur. Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum, ég mæli með að þið notið spagettí eða linguini.

Berið réttinn fram með rifnum parmesan og mikið af honum.



Tiramisu

## Tíramísú

**4 egg**
**100 g sykur**
**400 g mascarpone-ostur, við stofuhita**
**½ tsk. vanilluduft eða vanillusykur**
**4 dl þeyttur rjómi**
**250 g kökufingur(Lady fingers)**
**6-7 dl sterkt uppáhellt kaffi**
**kakó eftir þörfum**
**smátt saxað súkkulaði**

Stífþeytið egg og sykur saman þar til þykk froða myndast.

Blandið mascarpone-ostinum saman við eggjablönduna og hrærið vel.

Bætið vanillu og rjómanum varlega saman við með sleif.

Hellið upp á sterkt kaffi og setjið kaffið í skál. Veltið kökufingrunum upp úr kaffinu og raðið þeim í há glös. Setjið 2-3 matskeiðar af ostablöndunni ofan á og sigtið vel af góðu kakói yfir. Það er fullkomið að saxa niður dökkt súkkulaði og sáldra yfir réttinn í lokin. Þessi eftirréttur þarf að fá að standa í kæli í lágmark þrjár klukkustundir (helst yfir nótt) áður en hann er borinn fram.


Valið besta heilsuefnið

Lífrænt




120 hylki.

Best Health Supplement - Overall Wellbeing
www.thebeautyshortlist.com

Dagleg græn upplyfting. Heilnæmt fæði, hámarks upptaka og nýting á næringarefnum.

Spirulina, Chlorella & Barleygrass

- Hreinsar líkamann, bætir andadrátt og líkamslykt, fegrar og frískar húðina
- Bætir meltingu, gerir líkamann basískan, kemur á réttu pH gildi
- Yfir 100 lífræn næringarefni sem gefa orku, einbeitingu og vellíðan

Lifestream framkvæmir þrefaldar næringarprófanir; við uppskeru, eftir framleiðslu og að lokum með vottun frá óháðri prófunarstofu.

Fæst í apótekum, Hagkaup, Krónunni, Grænni heilsu, Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup.

lifestream
hrein lífræn næring


## SVALANDI SUMARSJEIK



Nú er genginn í garð tími ískaffis og annarra kaldra og svalandi drykkja, svo ekki sé minnst á endalausar heimsóknir í ísbúðina. Ef þig langar að huga að hollustu og spara þér koffínið þá gæti þessi sjeik hentað þér mjög vel.

### Súkkulaðilárperu-bananasjeik

**1 stór frosinn banani í sneiðum**
**1 lítil kókómjólk eða súkkulaðimjólk**
**½ lárpera**

Öllu er hent saman í blandara og blandað vel saman. Helltu blöndunni í glas og settu inn í frysti í tæpa klukkustund og njóttu svo.

# LAGERSALA

## Vatnagörðum 8, 104 Reykjavík

**Föstudaginn 1. maí: 10:00 - 17:00**
**Laugardaginn 2. maí: 10:00 - 17:00**
**Sunnudaginn 3. maí: 12:00 - 17:00**

Garðhúsgögn
Hnífar
Hnífapör
Plastdiskar
Plastglös
Ofnföst mót
Pönnur

Barnamatarsett
Hitaplattar
Bollar
Sushi-sett
Krúsir
Barnahnífapör
Diskar

Skálar
Könnur
Glös
Geymslubox
Luktir
Kælitöskur
Diskamottur

**Allir hjartanlega velkomnir!**
**Komið og gerið frábær kaup!**

Ásbjörn

**Ásbjörn Ólafsson ehf.**



Stuttbuxur eiga við allan ársins hring og þær er hægt að nota bæði spari og hvunndags.

LAGERHREINSUN

BYRJAR LAUGARDAGINN, 2.MAÍ

JANUS since 1895

EKKI MISSA AF ÞESSU!

VORHREINGERNING Í ULLARKISTUNNI.
STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM VÖRUM.

Ullarkistan

LAUGAVEGI 25
REYKJAVÍK

GLERÁRTORGI
AKUREYRI

# LÍFIÐ ER STUTTBUXUR

**Stuttbuxur í alls kyns útgáfum hafa hægt og rólega verið að ryðja sér til rúms enda afspyrnu smekklegar þegar rétt er að farið. Nú krossum við fingur og vonumst eftir betra veðri svo íslenskar konur geti frelsað leggina undan flísfóðruðum sokkabuxum og föðurlandi. Stuttbuxur eru samt sem áður tilvaldar allt árið um kring og þá yfir þykkar sokkabuxur, til dæmis við fallega grófa peysu og falleg stígvél. Eini galdurinn við stuttbuxurnar er að hafa þær passlega víðar, það er ekki fágað að vera í of þröngum stuttbuxum, sérstaklega berleggjaður.**



**Eygló Ósk Gústafsdóttir**

**Íþróttakona Reykjavíkur 2014**

# VIRKAR fyrir mig




## Afrekalisti

Íþróttakona Reykjavíkur 2014
Ólympíuleikar 2012, 20. sæti
10. sæti á HM-25 2014
7. og 8. sæti á EM-25 2013
44 Íslandsmet í einstaklingsgreinum
65 Íslandsmeistaratitlar

GOLD STANDARD – HIGH POTENCY – PREMIUM QUALITY GUARANTEED

GUARANTEED PURE & POTENT ORIGINAL GOLD STANDARD

# Lífræn fæða

**Ég stefni ótrauð á Ólympíuleikana 2016. Lifestream vörurnar henta mér best vegna þess að þær eru hrein lífræn fæðunæring. Næringarríkt fæði er mikilvægt. Með Lifestream fæðunæringu hef ég betra úthald og hreysti til að takast á við erfiðar æfingar og áskoranir.***

*Ritrýndar vísindarannsóknir, birtar í fagtímaritum.

Umboðsaðili: Celsus ehf
Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

Instagram



### Sælkeraparið

**www.instagram.com/acouplecooks**

Sonja og Alex Overhiser eru sannkallaðir sælkerar sem halda úti girnilegu bloggi með uppskriftum að einföldum og næringarríkum mat.

Þau leggja mikla áherslu á fegurð matarins og að nota það hráefni sem er ferskt og beint frá býli.

facebook



### Smart í heimili og hönnun

**https://www.facebook.com/stylemotivati0n**

Hér má finna frábærar hugmyndir um hvernig megi gefa flíkum nýtt líf með smá klippi hér og lími þar, auk þess að benda á smart hönnun í húsnæði, að innan sem utan. Þessi síða er góð uppspretta hugmynda fyrir handlagna.

HLAÐVARP



### Afslöppun með hugleiðingu

**http://www.themeditationpodcast.com/**

Hlaðvarp þarf ekki endilega að þýða spjall en hér er kjörin tónlist og hljóð sem aðstoða þig við að tæma hugann og slaka á. Þótt einstaka hugsun fljóti inn þá þarftu ekki að stressast upp, hlustaðu bara á tónana og þá tæmist hugurinn fljótt aftur. Kjörin hlustun yfir góðum tebolla í sólinni.

# HEIMASÍÐAN ANDLEGA LÍÐAN Á AÐGENGILEGAN HÁTT

### Sálfræði á mannamáli

**www.psychologytoday.com**

Sálfræði getur verið framandi með flóknum hugtökum og kenningum en á þessari vefsíðu rita sálfræðingar og aðrir sérfræðingar um málefni sem tengjast andlegri heilsu. Þú ættir að geta fundið svör við því sem brennur á þér og varða það hvernig megi halda sér í góðu andlegu jafnvægi og skilja betur þá sem þjást af geðrænum vandkvæðum.


















**TATTÚ OG SKART** Svanur, Sessa og Málfríður eru nýbúin að taka stofuna á Hverfisgötu 108 í gegn. MYND/VILHELM







# KONUR FÁ SÉR Æ STÆRRI TATTÚ

**TATTOO OG SKART KYNNIR** *Hjónin Svanur og Sessa eiga og reka tattústofuna Tattoo og skart á Hverfisgötu 108. Þar hefur stofan verið í fimmtán ár, allt frá því Svanur stofnaði hana. Svanur er gamalreyndur í bransanum og segir miklar breytingar hafa orðið í tattúmenningu Íslendinga síðustu árin.*

Við tókum stofuna í gegn um páskana, brutum niður veggi, flotuðum gólfin og gerðum allt mun vistlegra og meira smart. Núna geta kúnnarnir horft inn og séð tattúmeistarana að störfum sem er mjög skemmtilegt enda myndast stemning eins og maður upplifir á tattúráðstefnunum,“ segir Seselía Sigurðardóttir, eða Sessa eins og hún er alltaf kölluð. Hún og Svanur Guðrúnarson, eiginmaður hennar, eru löngu þekkt í tattúbransanum enda er stofan þeirra ein sú elsta á landinu og hefur verið á sama stað í fimmtán ár.

### BREYTT MENNING

Svanur hefur tattúerað í 21 ár og starfaði í Svíþjóð áður en hann kom heim og stofnaði Tattoo og skart. Sessa hefur starfað við hlið hans í þrettán ár en saman mynda þau gott teymi. Hann húðflúrar og hún gatar. Þau segja miklar breytingar hafa orðið á þessum árum í húðflúrmenningu Íslendinga. „Tattúin eru alltaf fjölbreytt en þó er meira um að fólk fái sér stór tattú og heilar ermar en var áður. Aðalbreytingin er hins vegar í viðhorfi fólks til húðflúrs,“ segja þau og benda á að tengingin við undirheima sé ekki lengur til staðar. „Tattú eru orðin mjög algeng í knattspyrnunni og í ýmsu jaðarsporti og hingað til okkar kemur breiður hópur af fólki, bæði karlar og konur, og aðallega heilbrigt ungt fólk,“ segir Sessa. Hún bendir einnig á að húðflúrin hafi fengið allt aðra meðferð í fjölmiðlum en áður. „Í bíómyndum eru ekki lengur bara glæpamennirnir með tattú. Við finnum að fordómarnir eru að minnka enda eru tattústofur ekki lengur í bakhúsum heldur allt gert fyrir opnum tjöldum þar sem mikil áhersla er lögð á hreinlæti.“

### HÚÐFLÚR ER LISTFORM

Málfríður Sigrúnardóttir hefur starfað á Tattoo og skart í tvö ár en hún hefur gengið í listaskóla og lærði húðflúrlistina í Detroit og New York. „Ég er forláta myndlistanörd og nýti húðflúrið til að skapa mína list,“ segir Málfríður, sem er afar vinsæl á meðal kvenkyns viðskiptavina Tatto og skart.

Málfríður er sammála Svani og Sessu um að tattúmenningin hafi breyst til hins betra. „Ein af breytingunum sem ég tek eftir er að konur eru ekki eins feimnar við að fá sér stór tattú. Margar hverjar fá sér ermar sem tíðkaðist ekki áður,“ segir Málfríður. Hún segir langflesta hafa fyrirfram ákveðnar hugmyndir um það sem þeir vilja láta gera en oft fær Málfríður einnig frjálsar hendur í listsköpun sinni.

En hvað er í tísku í húðflúrum í dag? „Tattúin eru mjög fjölbreytt en ornamental tattú eru mjög vinsæl núna. Það eru mandölur með flókin mynstur sem oft tekur langan tíma að vinna.“

### GERIR EKKI ALLT

Málfríður segist stundum fá furðulegar beiðnir. „Skrítnustu tattúin verða líklega til vegna vinnustaðaveðmála og veðmála í vinahópum. Sá sem tapar slíku veðmáli þarf oft að fá sér tattú á borð við fyrirtækjalógó eða álíka,“ segir hún glettin.

Hún segist þó alls ekki gera allt sem hún er beðin um. „Ég áskil mér rétt til að velja og hafna verkefnum og segi oft nei. Stundum er ég til dæmis ekki sátt við hönnunina,“ segir Málfríður og bendir á að það sé í tísku á meðal stúlkna í dag að fá sér húðflúr á fingurna. „Mér finnst siðferðilega rangt að skrifa eitthvað sem endist að eilífu á fingur átján ára stelpna,“ segir hún. Þess má geta að hjá Tattoo og skarti er stíft aldurstakmark. „Hér fær enginn tattú nema hann sé átján ára eða eldri og á því eru engar undantekningar.“

### GÖTUNIN ALLTAF VINSÆL

Sessa segir talsverða aukningu í götuninni. „Vinsælast er að gata geirvörtur og nef,“ segir hún og bendir á að viðskiptavinir sínir séu á öllum aldri. „Hér koma foreldrar til að láta gata eyru barna sinna og svo hef ég verið með konur um áttrætt sem hafa fengið sér hring í naflann,“ segir hún.

Sessa segir viðhorfið til tattústofa mjög breytt. „Fyrir tíu árum hefði fólk aldrei komið á tattústofu til að fá göt í eyrun en í dag erum við meira eins og snyrtistofa og fólk er ekkert feimið við að koma til okkar.“

### ÁHERSLA Á HREINLÆTI

„Við erum með fullkomnasta búnað á landinu til dauðhreinsunar og hæstu einkunn frá heilbrigðiseftirlitinu,“ segir Sessa. „Við pössum allt slíkt alveg hundrað prósent.“

**Ráðstefna á Hótel Sögu**
**Icelandic tattoo expo**



## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Dodge Dakota 5/2008 ek.24þús. Sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1.590.000.- Rnr287353

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

bilaborg.is
Sími 517-1111



**FLOTTUR ÞESSI BENZ**

PORSCHE 911 carrera 4 . Árgerð 2001, ekinn 69 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.133586. Glæsilegur bíll með öllu. Uppl síma 697-9933 www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

Bílalíf



**NÝTT!!! V:2.490Þ!!!**

Við erum yfir okkur spenntir að geta boðið til sölu þessi sívinsælu hjólhýsi á hreint frábæru verði til afhendingar í maí. Góðir lánamöguleikar í boði. Nánari upplýsingar á bilalif. is raðnúmer 126608 og hjá starfsmönnum Bílalífs í síma 562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR GMC 3500**

Nýtt útlit að utan sem innan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af GMC, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Yaris Hybrid - NÝTT Árgerð 2015. Erum að fá nokkra á lager. Takmarkað upplag. Verð aðeins 3.090.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

100bílar.is bílasala



Jaguar XF sportbrake, 4/2014, ek 21 þkm , dísel 200 hö , 8 þrepa sjsk, bill með öllu, Stór glæsilegur bill , er á staðnum, verð 8950 þus, raðnr 151813

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**




## Bílar til sölu



Suzuki Mini Bus 1400, 4x4 árg. 2013 ekin 1300km. (nýr bíll) skráður 6 manna en með belti fyrir 8 (hægt að fá breytingu á skráningu) Ný vetradekk fylgja. Tilboð 2.390þús. Uppl. í s. 6995595

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

Toyota yaris ,05, þriggja dyra, ekin 169.000km. Ekkert rið. 590.000. S.8685344 Helga

## 250-499 þús.



MMC Carsima 2001 sjálfskiptur. Er á nýlegum sumrdekkjum, Nagladekk á felgum fylgja með. Nýjar bremsur, púst og fl. Vel hugsað um hann. Ekinn 187 þús. Verð 350 þúsund. Nánari upplýsingar í 660-7301.



Frábær Renault clio 2003 ek 92.000 Beinskiptur bensínbíll Ný skoðaður og glæný dekk. Verð 400.000 kr Kolbeinn í síma 663-4555

## 500-999 þús.



**DÍSEL SPARIGRÍS !**

Peugeot 207 1.4 Dísel. árg ,07. ek 134þús km. nýleg tímareim. ný sk. góð dekk. 5dyra. eyðir ca 4-5L/100km. Ásett v:1.390þús. Tilboðsverð 990þús stgr. möguleiki á vísalán eða bílaláni. uppl í s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR STATION !**

Peugeot 307 station 2.0 bensín. árg ,04. sjálfskiptur. góð dekk. ný skoðaður. samlæsingar. glerþak. fallegur og góður bíll. Ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. möguleiki á allt að 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 1-2 milljónir



**SJÁLFSKIPTUR AVENSIS ,06**

Toyota Avensis 1.8 árg ,06. ek 157þús km. sjálfsk.. nýsk.'16. ný heilsársdekk hiti í sætum. virkilega fallegur bíll. ásett verð 1.490þús. Tilboðsverð 1.190þús stgr. möguleiki á vísaláni uppað 950þús. uppl í s:659-9696



**6MANNA SJÁLFSKIPTUR !**

Chrysler Pacifica 4x4 árg ,05. ekinn 178þús km. sjálfskiptur. 6manna. krókur. Leður. rafmagn í sætum. samlæsingar. cruise control. Ásett verð 1.890þús. Tilboðsverð aðeins 1.290þús. skoða uppítöku á ódýrari. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ.
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,-
TAKMARKAÐ MAGN.

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Fellihýsi




## Hjólbarðar

Til sölu 4 stk Hankook sumar hjólbarðar 195/65/15. Lítið slitin. Uppl. í s. 581 2929

## Viðgerðir

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR**

Getum bætt við okkur nokkrum kúnnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**ÁRATUGA REYNSLA**

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR**

Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**ÞAK OG HÚSAMÁLUN**

Get bætt við mig verkum. Vönduð vinnubröggð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Smidur.com
s. 897 9933

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
• múrviðgerðir • pípulagnir
• þakviðgerðir • flísalagnir
• málningarvinnu • jarðvinna
• trésmíðavinnu • hellulagnir
• gluggaskipti • álklæðningar
• glerskipti
Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Umhverfishreinsun

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LAGERSPRENGJA**
**1. OG 2. MAÍ BARA ÞESSA TVO DAGA**
40% - 80% afsláttur Kjólar töskur leggings skart ofl. frá 495,- til 2.995,- 30% afsláttur af öllum öðrum vörum opið kl. 12 - 20 báða dagana. Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi Sími 567-2077 / 587-0077

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**NOTAÐ UPPÍ NÝTT!**
Við tökum allar tölvur uppí nýja, mættu á staðinn og fáðu verðmat strax!.

Tölvuvirkni, Holtasmára 1, Sími 555-6250

## Verslun




**NÝ SKEMMTILEG SENDING KOMIN**
Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe 4, Butt plugs, 50 Shades of Grey vörur, ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu, netgíró og greiðslukortum www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S.698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**MÚR OG FLÍSAR EHF**
óska eftir að ráða múrara og verkamenn til starfa næg vinna í boði. S. 8972681 Ásgeir

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Skyndikynni, tilbreyting, ævintýri. www.RaudaTorgid.is (Stefnumót)

Íslensk kona býður upp á gott nudd. Gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, sími 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8412.

Kona á landsbyggðinni vill kynnast fjörugum karlmanni. Rauða Torgið, sími 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8269.

Ung kona, Carmen (Karmen?) vill spjalla við karla. Gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, sími 905-2000 og 535-9920, augl.nr.8236.

**ERT ÞÚ NUDDKONA?**
Auglýstu þjónustu þína frítt á Rauða Torginu, sími 535-4321, og/eða hjá Íslendingum.eu, www.islendingar.eu

Til hvers að flækja hlutina? 365
LIFÐU
Í NÚLLINU!
365.is | Sími 1817

## atvinna

**Hótelstjóra vantar á nýtt 68 herbergja hótel í Hafnafirði**

**Starfssvið**
- Umsjón með daglegri stjórnun og rekstri.
- Stjórnun starfsmanna ráðning og þjálfun.
- Öflun nýrra viðskiptavina.
- Almenn verkefni sem kemur að stjórnun hótelsins.

**Menntunar og hæfnikröfur**
- Háskólamenntun á sviði reksturs eða hótelstjórnunar eða önnur reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnunarstarfi.
- Góð íslensku- og ensku kunnátta auk fleiri tungumála.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **hotelvellir@gmail.com.**

## til sölu

**Frábært viðskiptatækifæri í Kringlunni**

***Rótgróin og glæsileg verslun á besta stað í Kringlunni til sölu.***

Verslunin sérhæfir sig í sölu á töskum, fylgihlutum og kvenfatnaði.
Góð viðskiptasambönd, þekkt merki og eigin innflutningur að mestu.
Einfaldur og góður rekstur með traustan viðskiptavinahóp.
Verð og afhending samkomulag.

Áhugasamir geta óskað eftir frekari upplýsingum með því að senda tölvupóst á:
**kringlanverslun@gmail.com**

## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**
**LAUGARDAGURINN 2. MAÍ**
13:50 LIVERPOOL - Q.PARK RAGNERS
13:50 SWANSEA CITY - STOKE CITY
16:20 MAN.UNITED - W.BROMW.ALBION
**SUNNUDAGURINN 3. MAÍ**
12:20 CHELSEA - CRYSTAL PALACE

**HLJÓMSVEITIN KLETTAR**




RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILBERGS, SIGGI ÁRNA OG TRYGGVI HUBNER SPILA UM HELGINA.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?
Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer 800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is
Póstdreifing
Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.
Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum
FRÉTTABLAÐIÐ



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**SOFFÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Hafnarbraut 8, Dalvík,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 28. apríl.

**Guðmundur Heiðar Óskarsson** **Arna Gerður Hafsteinsdóttir**
**Rakel María Óskarsdóttir** **Gunnar Guðmundsson**
**Þóra Kristín Óskarsdóttir** **Haukur Jónsson**
**Óskar Aðalsteinn Óskarsson** **Anna Hafdís Jóhannesdóttir**
**Rannveig Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN KRISTINSDÓTTIR**
**kjólameistari,**
**Hólmgarði 42, Reykjavík,**

andaðist á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 22. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 5. maí kl. 13.00.

**Ægir Ingvarsson** **Ásta Dóra Valgeirsdóttir**
**Örn Ingvarsson** **Hildur Halldórsdóttir**
**Björk Ingvarsdóttir** **Trausti Hallsteinsson**
**Sigurbjörg Ingvarsdóttir** **Sigurður Rúnar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRUNN STEFÁNSDÓTTIR**
**Vesturgötu 164, Akranesi,**

lést á Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi þann 27. apríl. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 5. maí kl. 14.00.

**Stefán Guðmundsson** **Lilja Stefánsdóttir**
**Katrín Guðmundsdóttir** **Þórður Jósepsson**
**Lísbet Guðmundsdóttir**
**Guðjón Guðmundsson** **Brynhildur Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞORSTEINU SIGURÐARDÓTTUR**
**Hrafnistu, Reykjavík, áður Njörvasundi 6.**

Við færum starfsfólki hjúkrunarheimilisins Hrafnistu sérstakar þakkir fyrir góða umönnun mömmu.

**Hafliði Benediktsson** **Ingibjörg Skarphéðinsdóttir**
**Helga Benediktsdóttir** **Jónas R. Jónsson**
**Ingibjörg Benediktsdóttir** **Haukur Hauksson**
**Erna Benediktsdóttir** **Steindór Gunnarsson**
**Birna Benediktsdóttir** **Daníel Guðbrandsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**JÓNÍNU ÁRNADÓTTUR**
**Markarvegi 16 í Reykjavík.**

**Arna Kristjánsdóttir** **Ívar Trausti Jósafatsson**
**Þórður Ingimar Kristjánsson** **Ann Kristín Hrólfsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Þökkum af alhug auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**SVÖLU EIRÍKSDÓTTUR PÉTURSDÓTTUR**
**Hjarðarhaga 48, 107 Reykjavík, áður Grund við Grímsstaðaholt.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild A6 á Landspítala Fossvogi fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Karl Sigurjón Hallgrímsson** **Elínborg Einarsdóttir**
**Sigþór Sævar Hallgrímsson** **Erla Sighvatsdóttir**
**Matthildur Sjöfn Hallgrímsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

# Heppinn með samstarfsfólk

Sigurður Yngvi Kristinsson, sérfræðilæknir og prófessor, hlaut 3,5 milljóna króna verðlaun fyrir vísindastörf á árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs Landspítalans.

„Aðalstarf mitt er við rannsóknir og við höfum birt fjölda vísindagreina í virtum ritrýndum tímaritum. Þetta hefur vakið athygli og ég hef ferðast víða til að segja frá rannsóknunum. Ég hef líka verið heppinn með samstarfsfólkið, það er eintómir snillingar,“ segir Sigurður Yngvi Kristinsson spurður um tilefni verðlauna sem honum hlotnuðust nýlega. Hann er yngsti prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og í hlutastarfi á Landspítalanum.

Sigurður Yngvi kveðst hafa lagt áherslu á að rannsaka sjúklinga með beinmergskrabbamein sem kallast mergæxli, horfur þeirra, fylgikvilla og ættlægni sjúkdómsins, auk áhættuþátta.

Sigurður Yngvi flutti frá Svíþjóð 2012, eftir sérnám og störf við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi. Skyldi hann hafa sleppt góðri stöðu þar til að koma heim? „Ég hefði getað verið áfram í ágætri stöðu á Karólínska en okkur í fjölskyldunni langaði að flytja heim. Auðvitað var líka lúxus fyrir mig að fá þessa stöðu sem ég er í og að geta einbeitt mér að rannsóknum, það er ekki sjálfgefið á þessu landi. Konan mín er nýrnalæknir og við eigum þrjú börn, sjö, fjórtán og sextán ára. Það voru ekki síst börnin sem komu mér heim.“

Eflaust muna margir eftir Sigurði Yngva úr danskeppnum fyrri ára og jafnvel úr sjónvarpinu þegar hann dansaði í íslensku Eurovision-keppninni með Önnu Mjöll. „Ég er ekki það ungur enn að ég sé að dansa eða keppa,“ segir hann þegar þetta er rifjað upp. „En auðvitað dansa ég þegar ég er að skemmta mér.“

gun@frettabladid.is



**VERÐLAUNAHAFI** Sigurður Yngvi ákvað að synda á móti straumnum og flytja heim til Íslands til að sinna rannsóknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GANGAN BYRJUN Á MIKILVÆGU STARFI** Gerður tók þátt í að hringja í konur og hvetja þær til að mæta í gönguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Báru styttu í göngunni

Fyrir 45 árum tók Rauðsokkuhreyfingin þátt í kröfugöngu verkalýðsins og vakti mikla athygli. Gangan markar upphaf hreyfingarinnar sem barðist lengi fyrir réttindum kvenna.

Þann 1. maí 1970 tók Rauðsokkuhreyfingin þátt í kröfugöngu verkalýðsins í Reykjavík. Upphaf hreyfingarinnar er miðað við þennan atburð en Rauðsokkuhreyfingin var baráttuhreyfing um kvenfrelsi.

„Það var gríðarlega mikill fjöldi kvenna í rauðum sokkum sem mætti í gönguna,“ segir Gerður G. Óskarsdóttir, menntunarfræðingur og rauðsokka, sem mætti í gönguna. „Verkalýðshreyfingunni brá við þegar við mættum allar og vildi ekki í fyrstu leyfa okkur að vera með. En það gekk á endanum og allt fór vel,“ segir Gerður um gönguna sem átti sér stað fyrir 45 árum.

Gerður var meðal annars í því að hringja í konur og hvetja þær til að taka þátt í göngunni. „Síðan var þetta auglýst í útvarpinu þar sem konur voru hvattar til að mæta í rauðum sokkum í gönguna og úr varð að margar mættu,“ segir Gerður.

Rauðsokkurnar báru gríðarlega stóra styttu af konu í göngunni. Styttan var með stóran borða strengdan yfir magann þar sem á stóð, „Manneskja – ekki markaðsvara.“

„Gangan varð til þess að rauðsokkuhreyfingin varð til sem byrjun á hinu mikilvæga starfi hennar,“ segir Gerður. Rauðsokkuhreyfingin var mjög tengd verkalýðsbaráttu og barðist fyrir kjörum verkakvenna þar til talið var að hreyfingin hefði náð athygli samfélagsins og gerði fólk meðvitað um stöðu kvenna. Hreyfingin hvarf árið 1982 þegar margar innan hennar stofnuðu Kvennaframboð.

- ag



**BARÁTTUGLEÐI** Hér sést hluti göngunnar árið 1970. MYND/GVA

**Síðan var þetta auglýst í útvarpinu þar sem konur voru hvattar til að mæta í rauðum sokkum í gönguna og úr varð að margar mættu.**



# HLAUPTU AF STAÐ INN Í SUMARIÐ!

Glæsilegt úrval af hlaupafatnaði og hlaupaskóm á frábæru verði

1. maí TILBOÐ fyrir klúbbfélaga
**19.990**
Fullt verð: 23.990
Gildir 1.-3. maí

INTERSPORT KLÚBBURINN

OPIÐ 1. MAÍ 13:00-17:00 á Bíldshöfða



**NIKE** FREE 5.0
Hlaupaskór sem bæði styrkja og vernda fætur.
Margir litir. Dömu- og herrastærðir.



**9.990**
**PROTOUCH** OZ
Léttur hlutlaus hlaupaskór.
Litur. Svartir. Dömustærðir.



**8.990**
**NIKE** HIGH COMPRESSION BRA
Íþróttatoppur með miklum stuðning,
DRI FIT efni. Margir litir. Stærðir: XS-XL.

FYRIR BÖRNIN



**2.990** **3.990**
**PROTOUCH** ALISIA/RUNS
Hlaupabuxur úr DRY PLUS efni.
Litur: Svartar, bláar. Barnastærðir.



**7.990**
**ASICS** GEL GALAXY
Góður haupaskór, hlutlaus styrking. Litur:
Bláir, bleikir. Barnastærðir



**6.990**
**NIKE** MILER LS TOP
Dri Fit langermabolur sem hentar í
alhliða líkamsrækt. Litir: Svartur, bleikur,
blár. Stærðir: XS-XL.



**10.990**
**NIKE** DF ESSENTIAL
Dri Fit hlaupabuxur með þröngu sniði og
rennilás að neðan. Litir: Svartar, svartar
m/bleiku. Stærðir: XS-XL.



TILBOÐ **5.990**
Fullt verð: 7.990
**PROTOUCH** SPRINT
Góðar hlaupabuxur, compression efni sem
gefur gott aðhald. Litur: Svartar. Dömu-
og herrastærðir.



**15.990**
**NEWLINE** VISIO
Hlaupajakki vindheldur og vatnsvarinn.
Litir: Bleikur, gulur. Dömu- og herra-
stærðir. Fæst aðeins á Bíldshöfða.



**11.990**
**NEWLINE** BASE TIGHTS
Góðar hlaupabuxur. Litur: Svartar.
Dömu- og herrastærðir. Fæst aðeins
á Bíldshöfða.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör

Ný vara!




GRÍSAGRILLSNEIÐAR
950 GR
998



-23%
FERSKT LAMBAPRIME
HVÍTL/RÓSM
2.995
ÁÐUR 3.889 KR/KG

KJÖTSEL



LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.898
ÁÐUR 1.998 KR/KG



-30%
LAMBAFRAMPARTUR
GRILLSAGAÐUR
699
ÁÐUR 998 KR/KG



-30%
GRÍSAKÓTILETTUR
RASP/FERSKT
1.448
ÁÐUR 2.069 KR/KG



-20%
ANDABRINGUR
FRANSKAR
2.398
ÁÐUR 2.998 KR/KG




FANTA 2 L
2 TEGUNDIR
198
ÁÐUR 239 KR/STK

Betty Crocker allar tegundir 20% afsláttur




**Tilboðin gilda 01. maí - 03. maí 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




-21%
KJÚKLINGABRINGUR
DANPO, 900GR
1.391
ÁÐUR 1.761 KR/PK

## Opnunartímar Nettó 1.maí

| | |
|---|---|
| Nettó Akureyri | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Borgarnes | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Grandi | Opið 24 klst. |
| Nettó Grindavík | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Hverafold | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Höfn | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Kópavogur | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Mjódd | Opið 24 klst. |
| Nettó Reykjanesbær | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Selfoss | 10:00 - 20:00 |



STJÖRNU GRIS
GRÍSHNAKKAFILE
GRILLPINNAR
1.379
ÁÐUR 2.298 KR/KG



KJARNAFÆÐI
-50%
GRÍSAKÓTILETTUR
FROSIÐ
899
ÁÐUR 1.798 KR/KG



NAUTALUNDIR
ERLENDAR, FROSIÐ
3.380
ÁÐUR 3.798 KR/KG



-50%
CIABATTA 300GR
TÓMAT/HVÍTLAUK
199
ÁÐUR 398 KR/STK




KNORR BOLLASÚPUR
9 TEGUNDIR
249
ÁÐUR 289 KR/STK



-50%
VÍNBER RAUÐ
FERSK
299
ÁÐUR 598 KR/KG




DAZ ÞVOTTAEFNI
4,2 KG,/65 ÞV
2.698
ÁÐUR 2.998 KR/PK



-21%
EGILS KRISTALL
2 L, SÍTRÓNU
189
ÁÐUR 239 KR/STK

## Veðurspá

### Föstudagur

**Austan og norðaustan 5-13 m/s norðan- og austanlands í dag,** dálítil snjókoma eða él og hiti um frostmark. Hægari vindur og yfirleitt þurrt á Suður- og Vesturlandi, þar fer hitinn í 1 til 7 stig yfir daginn.



### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 1° |
| ↙3 | ←7 | ↙2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 5° | -2° |
| ↙8 | ↓3 | →1 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 1° | 1° |
| ←6 | ←8 | ←4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 7° | -1° |
| ↓7 | ←12 | ↓2 |



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6.** frá, **8.** einkar, **9.** lyftiduft, **11.** lést, **12.** kárna, **14.** vansæmd, **16.** tveir eins, **17.** eyða, **18.** drulla, **20.** Tveir eins, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gól, **3.** skóli, **4.** aldaskil, **5.** kjafi, **7.** nýr, **10.** rönd, **13.** á nefi, **15.** álits, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** af, **8.** all, **9.** ger, **11.** dó, **12.** grána, **14.** skömm, **16.** kk, **17.** sóa, **18.** aur, **20.** tt, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** gagg, **3.** ma, **4.** aldamót, **5.** kló, **7.** ferskur, **10.** rák, **13.** nös, **15.** mats, **16.** kaf, **19.** rá.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Bronstein hafði hvítt gegn Medina í Gautaborg árið 1955.**
**Hvítur á leik**
1. d6! Bxd6 (eða 1...Rxd6) 2. Rd5! og svarta drottningin er innikróuð. Hvítur vann skömmu síðar.
**www.skak.is:** Ávallt nýjustu skákfréttirnar.




**FRÉTTABLAÐIÐ**
ER HELGARBLAÐIÐ



**Hulda Fríða Berndsen sagði skilið við Votta Jehova þegar dóttur hennar var útskúfað úr söfnuðinum vegna samkynhneigðar.**

**Þingkosningar í Bretlandi í næstu viku þar sem Skoska þjóðarflokknum er spáð stórsigri.**



**Guðrún Ásmundsdóttir og Hilmar Hildarson Magnúsarson tala um réttlæti og barnauppeldi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*
Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | visir.is


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 1 | 8 | | | | | |
| | | | | | | 8 | 5 | 9 |
| | | 9 | | 2 | 3 | 6 | | 1 |
| | 1 | 3 | | 4 | | | | 7 |
| | 4 | | | 5 | 1 | 2 | | 3 |
| 8 | | | | 7 | 6 | 9 | | |
| | | | 5 | 1 | | | | 8 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 9 | 7 | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 2 | 5 | | | | |
| | | 5 | 6 | | 7 | | 2 | 8 |
| 6 | | | | 4 | | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | | 2 | | 9 | | |
| | | 1 | 8 | | | 7 | | |
| | | | | | | | 9 | 3 |
| 3 | | | | 8 | | | | |
| | | | | | | 1 | 5 | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 7 | | | 1 | 3 | | |
| | | | | | | | 2 | 1 |
| | 6 | | | | | | | 7 |
| | | | | | | | 1 | 5 |
| 7 | | 4 | | | | 2 | | 8 |
| 2 | 1 | 8 | | | | | | |
| | | | 3 | | 5 | | | |
| 5 | | | 6 | | | 7 | 9 | |
| 6 | | 1 | 7 | 8 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 6 | 2 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 5 |
| 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 4 | 3 | 6 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 6 | 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 9 |
| 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 6 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 |
| 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 2 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 | 8 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 7 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Allar verslanir Bónus opnar í dag 1.maí 10:00-19:30

**98** kr. 400g
EUROSHOPPER
Kjúklingabaunir 400 gr

**87** kr. 400g
EUROSHOPPER
Tómatar 400g

**79** kr. 400g
EUROHSOPPER
Bakaðar baunir 400g.

**298** kr. 350g

**249** kr. 300g
EUROSHOPPER
Ostapizza 300g Salamipizza 350g

**298** kr. 1 kg
EUROSHOPPER
Franskar kartöflur 1 kg

**98** kr. 100g
EURSOHOPPER
Súkkulaði 100g

**149** kr. 125g
EUROSHOPPER
Súkkulaðikex 125g

**59** kr. 250ml
EUROSHOPPER
Orkudrykkur 250ml

**159** kr. 2 stk.
EUROSHOPPER
Frosin hvítlauksbrauð 2 stk.

**129** kr. 150g
EUROSHOPPER Bitakex 150g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 3.mai

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Eins og teikning í víðum skilningi

Katrín Erna opnar sýninguna Brot í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri.

„Brot er fyrsta einkasýning mín frá því ég útskrifaðist úr Listaháskólanum 2012, ég tók mér barneignarleyfi í millitíðinni,“ segir Katrín Erna Gunnarsdóttir sem sýnir í Mjólkurbúðinni í Listagilinu nú um helgina. Um er að ræða vatnslitaverk á brotinn pappír.

„Ég byrja á að brjóta pappírinn og með því myndast skemmtileg form sem ég fylli inn í með litum. Þannig kemur þrívídd í verkin.“

Katrín Erna segir vídeóverk og teikningar það sem hún hafi mest fengist við til þessa.

„Þessi vatnslitaverk eru nokkurs konar framhald því ég lít á brotlínurnar eins og teikningu í víðum skilningi.

Sýningin verður opnuð klukkan 15 á morgun, föstudag, og stendur aðeins þessa einu helgi. Allir eru velkomnir. - gun

**Ég byrja á að brjóta pappírinn og með því myndast skemmtileg form sem ég fylli inn í með litum. Þannig kemur þrívídd í verkin.**



**LISTAMAÐURINN** „Verkin eru tilraun til að samþætta skúlptúragerð og teikningu,“ segir Katrín Erna.



**EITT VERKANNA** Listakonan notar mest gráskalann en fer aðeins út í blátt.

# Með myndadellu frá því ég var krakki

Listmálarinn Tryggvi Ólafsson er upprunanum trúr og velur verkalýðsdaginn til þess að opna sýningu. Sú er í Galleríi Fold við Rauðarárstíg og nefnist Ný grafík.

„Já, ég er að opna sýningu eina ferðina enn. Þær eru orðnar nálægt áttatíu. Milli þrjátíu og fjörutíu hér á landi og álíka margar í Danmörku,“ segir Tryggvi Ólafsson myndlistarmaður um sýningu sem hann er að opna í Galleríi Fold á morgun. Hún heitir Ný grafík enda eru þar eingöngu grafíkmyndir frá tveimur síðustu árum, að sögn listamannsins. „Ég hef sett mér það markmið að reyna að búa til eina grafíkmynd á mánuði og mér tekst það. Fyrir aumingja, þá er það gott.“ Hér er hann að vísa til þess að hann hefur ekki fulla starfsorku og er bundinn hjólastól. „Ég datt og hálsbraut mig. Bara úti á svölum heima hjá mér í Kaupmannahöfn,“ útskýrir hann. „Frúin mín, hún Gerður, var sem betur fór heima, annars er ekkert víst að ég væri á lífi en eftir þetta slys fluttum við heim til Íslands.“

Tryggvi segist ekkert vita hvaðan hann hafi listfengið. „Ég er bara fæddur með þessa myndadellu, hún hefur fylgt mér síðan ég var smákrakki, ég sökkti mér í að skoða myndir, bækur og bæklinga og þegar ég ferðast er ég alltaf að skoða söfn og kirkjur.“

Tryggvi verður 75 ára í sumar og hefur málað í 60 ár. Hann ólst upp á Norðfirði til sextán ára aldurs. „Ég málaði fjöllin og skipin eins og allir strákar úti á landi,“ segir hann en kveðst þó ekki eiga margar slíkar myndir heldur vera búinn að gefa þær allar. Það beinir huganum að höfðinglegri gjöf hans á sumardaginn fyrsta er hann afhenti borgarstjóranum 210 myndir, tvær til handa hverjum grunn- og leikskóla borgarinnar. Með því vildi hann tryggja að börn hefðu myndlist fyrir augunum í skólunum. Sjálfur naut hann ekki slíks munaðar. „Það var ekki ein einasta mynd í skólunum á Norðfirði þegar ég var þar, hvorki barnaskólanum né gagnfræðaskólanum,“ minnist hann og finnst svona gjöf ekkert tiltökumál. „Ég er búinn að gefa fleiri hundruð myndir um dagana,“ segir hann. „Það hefur alltaf verið mín skoðun að þeir eigi að hafa sem eiga. Hef alltaf verið sósíalisti.“

Þegar ég spyr Tryggva hvort ég megi ekki senda til hans ljósmyndara svo við getum myndskreytt þetta viðtal svarar hann: „Jú, ætli það ekki, þó ég hati að vera myndaður. Mér finnst það alltaf vera eins og að vera fermdur upp á nýtt!“



**LISTAMAÐURINN** „Ég hef sett mér það markmið að reyna að búa til eina grafíkmynd á mánuði og mér tekst það,“ segir Tryggvi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ég er bara fæddur með þessa myndadellu, hún hefur fylgt mér síðan ég var smákrakki, ég sökkti mér í að skoða myndir, bækur og bæklinga og þegar ég ferðast er ég alltaf að skoða söfn og kirkjur.**

Sýningin hans Tryggva, Ný grafík, verður opnuð í Galleríi Fold, Rauðarárstíg, í dag, 1. maí, milli klukkan 15 og 17. Þar verður vínglas og músík og allir velkomnir.

gun@frettabladid.is

# Við hugsum of lítið

Stefán Jónsson er á meðal leikenda sem frumsýna í kvöld Endatafl eftir Samuel Beckett í Tjarnarbíói.

Aðdáendur írska skáldsins Samuels Beckett hafa ástæðu til þess að gleðjast þessa dagana. Leikritið Endatafl, eitt af helstu verkum skáldsins og leikbókmennta síðustu aldar, verður frumsýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Uppfærslan er hluti af dagskrá Listahátíðarinnar í Reykjavík sem hefst formlega seinna í þessum mánuði.

Stefán Jónsson leikari er á meðal þeirra sem stíga á fjalirnar í kvöld ásamt þeim Þorsteini Bachmann, Þór Tulinius og Hörpu Arnardóttir í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. Stefán hefur reyndar ekki leikið á sviði í ein tíu ár en hann segir að það hafi ekki verið nein meðvituð ákvörðun. „Nei, þetta æxlaðist bara svona. Leikstjórn og kennsla tóku yfir lífið og tíminn til æfinga hvarf. Ég hef þó bleytt í leikaranum af og til í sjónvarpi og kvikmyndum og svo er ég í raun leikandi allan daginn í kennslu, enda leikara-leikstjóri eins og það er kallað.“

Stefán segir að það hafi vissulega komið einhver tilboð á þessum tíu árum en hann bara ekki stokkið. „En nú bara passaði þetta og Kristín leikstjóri var svo liðleg og henni var svo mikið í mun að fá mig til liðs við sig að þetta var kjörið tækifæri. Þetta er líka svo stórkostlegt verk og hlutverkið afmarkað.

Það er líka svo yndislegt fólk þarna innanborðs, kærir vinir og uppáhaldsleikarar, þannig að þetta er fallegt og rétt. Svo er líka gott að koma og fá að vera án ábyrgðar og láta segja sér fyrir verkum. Það er frábært að vinna með Kristínu og svo hefur Sigurður Pálsson, eiginmaður hennar, líka verið að koma að þessu sem dramatúrg. Ég hef þekkt þau hjón í mörg ár og þau eru einstaklega nærandi og góður félagsskapur.“

**Mennskan er yfirþyrmandi í verkum Becketts og allt sem hann var að takast á við á sínum tíma á ekki síður við í dag. Líkast til vegna vegna þess að okkur mönnunum virðist fyrirmunað að læra af reynslunni.**

*Stefán Jónsson leikari*

Verk Becketts þykja mörgum vera mikil áskorun, jafnt leikurum sem áhorfendum, en Stefán segist alltaf hafa heillast af verkum hans. „Beckett nær með svo einstökum hætti yfir fáránleika tilvistarinnar. Texti og kringumstæður eru á einhvern hátt svo raunverulegar og mannlegar í senn. Textinn er allur svo nákvæmur og meitlaður að maður finnur vel hvernig legið hefur verið yfir hverju einasta orði og nostrað við hvert smáatriði.

Mennskan er yfirþyrmandi í verkum Becketts og allt sem hann var að takast á við á sínum tíma á ekki síður við í dag. Líkast til vegna þess að okkur mönnunum virðist fyrirmunað að læra af reynslunni.

Beckett gerir kröfur til áhorfenda. Það þarf að gefa sér tíma og hugsa og spegla sig í listinni. Heimurinn er eins og hann er af því að við hugsum of lítið og neytum of mikið – látum mata okkur hugsunarlaust. En Beckett krefst þess af þér að þú gerir meira, látir ekki undan þessu markaðsstýrða samfélagi og hugsir um mennskuna og það er hlutverk listarinnar.“

magnus@frettabladid.is

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 4. maí, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Erró

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd föstudag 1. maí kl. 12–17,
laugardag kl. 11–17, sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17

**Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is**

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



**ENDURKOMA** Stefán Jónsson leikari snýr aftur á fjalirnar í Endatafli Becketts eftir tíu ára hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# KRÓNAN

**– fyrst og fremst ódýr!**







**26% afsláttur**

**Frábært tilboð**

**1299 kr. kg**

Verð áður ~~1761~~ kr. kg
KS lambalæri, án mjaðmabeins



New York marinering

**30% afsláttur**

**Grísa-grillspjótin eru komin aftur**

**1189 kr. kg**

Verð áður ~~1699~~ kr. kg
Grísahnakki á spjóti, erlend

Hvítlauks- og rósmarín marinering



**Marinering**
Þú getur valið með ítalskri marineringu, hvítlauks- og rósmarín- eða New York

Hvítlauks- og rósmarín marinering

New York marinering

**14% afsláttur**

**3999 kr. kg**

Verð áður ~~4666~~ kr. kg
Lambafille með fituröndi, ókryddað,
New York marinerað eða m/hvítlauk og rósmarín

ÍSLENSKT



**Frábært verð**

**2 lítrar**

**169 kr. stk.**

Pepsi Max eða Egils Mix, 2 lítrar



**15% afsláttur**

**450 kr. pk.**

Verð áður 529 kr. pk.
Tyrells Furrows, 3 tegundir, 150 g




**Nýtt**

**349 kr. pk.**

Nóa kropp með pipar-
myntubragði, 200 g

**Ef þú kaupir tvo Nóa kropp með piparmyntubragði þá færðu einn Nóa Kropp í kaupbæti**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# Leitin að heilaga fjallinu rannsökuð

Sýningin Fjall með verkum eftir listakonuna Auði Ómarsdóttur verður opnuð í galleríi Ekkisens í kvöld.

Þriðja einkasýning myndlistakonunnar Auðar Ómarsdóttur verður opnuð í galleríi Ekkisens í kvöld.

Sýningin ber nafnið Fjall og hefur Auður unnið ósjálfráðar heilunarteikningar yfir nokkurra mánaða skeið sem umbreytast á sýningunni í eina heild en slík tegund af teikningum er vel þekkt í myndlistarheiminum og vinnur listamaðurinn þær á ómeðvitaðan hátt, oft á tíðum þegar hann er að gera eitthvað annað, til dæmis tala í símann.

„Ég sat til dæmis bara á fundum og byrjaði að teikna án þess að ég væri að spá í hvað ég væri nákvæmlega að gera,“ segir Auður um verkin.

„Á endanum fór ég að sjá fjöll og fattaði eftir á að þetta var svona heilandi, eins og þetta væri hugleiðslan mín.“

Á sýningunni rannsakar hún leitina að heilaga fjallinu, form fjallsins og hið innra og ytra ferðalag og er sýningin helguð öllum fjöllunum sem þarf að klífa og samanstendur af teikningum sem Auður hefur fært yfir á aðra miðla. „Ég byrjaði á að gera teikningar sem ég yfirfærði í skúlptúra, málverk og í vídeóverk sem er innsetning þar sem ég prentaði sömu teikningarnar á plastfilmur og er búin að byggja risastórt fjall úr þeim.“

Sýningin verður opnuð í Ekkisens í kvöld klukkan 20.00 og verður opin í vikutíma. Boðið verður upp á léttar veitingar á opnuninni.



**AUÐUR ÓMARSDÓTTIR** Sýningin Fjall verður opnuð í Ekkisens í kvöld klukkan átta. MYND/JONATANGRETARSSON

# Opið á Háskólanum á Bifröst

Gönguferðir, sögufræðsla og aðstaða nemenda, auk þess sem starfsmenn og nemendur verða á staðnum.

Í dag er opinn dagur hjá Háskólanum á Bifröst þar sem áhugasömum gefst kostur á að kynna sér skólann og starf hans.

Meðal annars verður boðið upp á gönguferðir um skólasvæðið og hægt að fræðast um sögu hans, skoða byggingar og aðstöðu nemenda.

Eins verða sviðstjórar deilda á staðnum og kynna námið auk kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólans.

Fyrir yngri kynslóðina verður hoppukastali, leikhópurinn Lotta með sýningu og boðið upp á vöfflukaffi í hátíðarsal skólans og því kjörið fyrir fjölskyldufólk að kynna sér starfsemi Bifrastar sem býður upp á fjölda námsbrauta í grunn- og meistaranámi, háskólagátt og fjölbreytt námsúrval á sviði símenntunnar.

Opni dagurinn hefst klukkan 14.00 og stendur til klukkan 17.00 í Háskólanum á Bifröst og eru allir boðnir velkomnir.



**OPIN DAGUR** Áhugasömum gefst kostur á að kynna sér skólann og þær námsleiðir sem þar eru í boði. MYND/BIFRÖST






# FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**01. MAÍ 2015**

### Leiklist

**20.00** Sýningin Endatafl frumsýnd í Tjarnarbíó. Verkið er eftir írska Nóbelskáldið Samuel Beckett og var frumsýnt árið 1957. Leikarar í verkinu eru þau Þorsteinn Bachmann, Þór Tulinius, Harpa Arnardóttir og Stefán Jónsson en um leikstjórn sér Kristín Jóhannesdóttir. Miðaverð er 3.900 krónur.

**20.00** Leikfélag Hafnarfjarðar sýnir leikritið Ubba kóng – skrípaleik í mörgum atriðum í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð er 2.500 krónur.

### Opnanir

**15.00** Katrín Erna Gunnarsdóttir opnar sína fyrstu einkasýningu BROT/FRACTURES í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri. Sýnd verða verk unnin með vatnslitum á brotinn pappír. Sýningin stendur þessa einu helgi. Allir velkomnir.

**20.00** Listakonan Auður Ómarsdóttir opnar einkasýningu í galleríi Ekkisens í dag. Sýningin ber nafnið FJALL og rannsakar Auður leitina að heilaga fjallinu, formi þess og hið innra og ytra ferðalag. Sýningin verður opin í vikutíma.

**Farandsýning** um kvenréttindabaráttu í 100 ár verður opnuð í Hofi, Akureyri. Sýningin er á vegum Kvenréttindafélags Íslands í samvinnu við Akureyrarbæ og Menningarfélag Akureyrar.

**21.00** Andrea Gylfadóttir og Eðvarð Lárusson verða á RúBen, Grundarfirði í kvöld. Miðaverð 2.500 krónur.



**22.00** Hljómsveitin Vio spilar á Græna hattinum, Akureyri í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

### Uppákomur

**11.00** Kröfuganga stéttarfélaganna á Ísafirði. Lagt af stað frá Pólgötu 2 og niður að Edinborgarhúsi með lúðrasveitina í fararbroddi. Tónlistaratriði, súpa og kvikmyndasýningar fyrir börnin í Ísafjarðarbíói.

**11.00** Verkalýðsfélag Þórshafnar býður frítt í Íþróttamiðstöðina á Þórshöfn og súpu og brauð í hádeginu.

**14.00** Foreldrafélagið Velvakandi heldur bingó í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Spjaldið kostar 500 krónur.

**14.00** Fjölskyldudagur Mótorsmiðjunar til styrktar Barnaspítala Hringsins í Skipholti 5 í dag. Heitar vöfflur, kaffi, góðgæti af grillinu og happdrættismiðar gegn vægu gjaldi. Lifandi tónlist og skemmtiatriði. Allur ágóði rennur óskiptur til Barnaspítala Hringsins.

**20.00** Útgáfu Íllgresis, málgangs Ungra vinstri grænna fagnað á Gauknum.



### Uppistand

**20.00** Lengi lifi Mið-Ísland í Bíóhöllinni, Akranesi. Miðaverð er 3.000 krónur.

21.30 Uppistandarinn Will Mars verður á Bar 11 í kvöld. Miðaverð 2.000 krónur.

### Sýningar

**13.30** Opin sýning í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105, á sovéskum ljósmyndum og veggspjöldum úr síðari heimsstyrjöldinni. Aðgangur ókeypis.

**16.30** Vorsýning Listdanskóla Hafnarfjarðar í Borgarleikhúsinu. Þemað er ævintýrið um Hans og Grétu. Tvær sýningar í dag og hefst sú seinni klukkan 18.30. Miðaverð er 2.500 krónur.

### Tónleikar

**17.00** Kór Öldutúnsskóla heldur upp á 50 ára starfsafmæli með tónleikum í Víðistaðakirkju. Á efnisskránni eru lög úr ýmsum áttum og einnig verður verkið Sancta Caecilia frumflutt en höfundur verksins er Bára Gísladóttir. Aðgangur á tónleikana er ókeypis en tekið á móti frjálsum framlögum.

**20.00** Karlakór Kópavogs ásamt góðum gestum efnir til vortónleika í Salnum Kópavogi. Miðaverð er 4.500 krónur.

**20.30** Sæluvikutónleikar á Sauðárkróki. Jógvan Hansen, Birgitta Haukdal og fleiri tónlistarmenn flytja gömul og góð íslensk dægurlög. Eftir tónleikana er ball með hljómsveitinni Von. Miðaverð á tónleika og ball er 5.900 krónur.



### Opið hús

**14.00** Opinn dagur á Bifröst. Nemendur, kennarar og starfsfólk kynna námið við skólann og íbúðir nemenda verða sýndar. Boðið upp á vöfflur og kaffi. Hoppukastalar fyrir yngri kynslóðina.

### Tónlist

**21.00** Trúbadorarnir Alexander og Guðmann verða á American Bar í kvöld.

**22.00** Dj Anna Brá með Rockabilly Rockout á Lebowski bar í kvöld.

**22.00** Dj Casanova þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

**22.00** Dj KGB þeytir skífum á Paloma í kvöld.

**22.00** Frank Raven, Logi Marr og Lelló á Dillon í kvöld. Frítt inn.

**22.00** Dj Styrmir Örn þeytir skífum á Bar-Ananas í kvöld.

**23.30** Júlladiskó á Gullöldinni Sportbar í kvöld.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

BOLI | FITNESS SPORT | American Style | Doritos

LAUGARDAGUR KL. 01.00 2 SPORT

**FLOYD MAYWEATHER** GEGN **MANNY PACQUIAO**

# STÆRSTI BOXBARDAGI ÁRSINS




TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA **1817** EÐA Á **365.IS**

**BUBBI** OG **ÓMAR** LÝSA

2 SPORT

*Eftir áralangar viðræður er loksins komið að einum stærsta bardaga síðari ára. Þrátt fyrir að Bandaríkjamaðurinn **Mayweather** þyki sigurstranglegri státar **Pacquiao** af þeim ótrúlega árangri að hafa orðið heimsmeistari í átta mismunandi þyngdarflokkum. Mayweather hefur armlengdina fram yfir andstæðing sinn en Pacquiao er mikill stemningsmaður og nýtur athyglinnar sem fylgir viðureign sem þessari. Bubbi og Ómar verða veislustjórar kvöldsins.*

**365.is | Sími 1817 | Þjónustuver 365 er opið 9–21 virka daga og 10–20 um helgar** 365

## UPPSKRIFT BBQ-HAMBORGARAR

Sumarið er loksins komið og því ekki seinna vænna að dusta rykið af grillinu, fylla á gaskútinn og skella safaríkum hamborgurum á grillið.

**BBQ-hamborgarar (u.þ.b. 10 hamborgarar)**

**900 g nautahakk**
**½ bolli rifinn cheddar-ostur**
**¼ bolli barbecue-sósa**
**Lawry´s seasoned salt**
**svartur pipar**
**laukduft**
**10 hamborgarabrauð**

Hrærið nautahakki, rifnum cheddar-osti, barbecue-sósu, salti, pipar og laukdufti saman og mótið hamborgara úr blöndunni. Gott er að vigta nautahakksblönduna áður en hamborgararnir eru mótaðir. Gott er að miða við 90 g fyrir krakka og 120+ g fyrir fullorðna. Setjið hamborgarana á heitt grillið og setjið ost að eigin vali á borgarann.

**Sósa**

**¾ bolli majónes**
**¼ bolli tómatsósa**
**¼ bolli relish**
**2 msk. Worcestershire-sósa**
**Lawry´s seasoned salt**

Hrærið öllu vel saman og smakkið til. Geymið í kæli þar til sósan er borin fram.

Uppskrift fengin af www.ljufmeti.com.



**GIRNILEGUR** Þessi hamborgari er ómissandi á grillið.


**1. maí kröfugöngur**

Félag iðn- og tæknigreina hvetur félagsmenn til þátttöku í kröfugöngum og baráttufundum 1. maí.

**Verið velkomin í 1. maí kaffi:**

Reykjavík - Grand hótel, Sigtúni
Akranesi - Kirkjubraut 40
Reykjanesbæ - Stapanum
Selfossi - Hótel Selfossi
Vestmannaeyjum - Alþýðuhúsinu

öflugt stéttarfélag • fit.is • aukin réttindi

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA



**1. MAÍ**

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ FÉLAGA OKKAR Í KRÖFUGÖNGUM Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI Í DAG, Á DEGI VERKALÝÐSINS.

Eftir kröfugöngur er félagsmönnum Byggiðnar boðið í kaffi:

**REYKJAVÍK**
Grand hóteli Reykjavík, Gullteig, Sigtúni 38

**AKUREYRI**
Hofi, Strandgötu 12

Fjölmennum!

VERT

Málsvari byggingamanna

BYGGIÐN Félag byggingamanna




**KORTAGERÐIN** Starfsfólk kortagerðarinnar stóð vaktina og seldi sína fínu afurð fyrir örfáa þollara.

# Hér spreðuðu þorpsbúar þollurum

Nemendur Grunnskóla Þorlákshafnar hafa staðið í ströngu alla vikuna við að viðhalda litla hagkerfinu sem þeir settu upp. Hver hefur sitt starf og allir fá útborgað, í gjaldmiðlinum þollara. Uppskeruhátíðin þótti takast afbragðs vel.

„Þetta var alveg magnað. Börn sem eru hlédræg og til baka allajafna, skráðu sig í það sem þau langaði og blómstruðu í kjölfarið,“ segir Anna Margrét Smáradóttir, þorpsstjóri í Grunnskóla Þorlákshafnar, sem fagnaði uppskeruhátíð í gær.

Um var að ræða lokahnykk verkefnis sem staðið hefur vikulangt, sett hefur verið upp heilt þorp þar sem nemendur sinna skyldum þorpsbúanna. „Nemendur velja sér vinnustað og mæta svo til vinnu. Til að mynda var í boði að vinna í bakaríinu, á kaffihúsi, við kortagerð, á nytjamarkaði og í leikhúsi svo eitthvað sé nefnt. Þau fengu svo borgað í gjaldmiðlinum, þollara.“

Nemendur gátu sagt upp eða verið reknir, líkt og á venjulegum vinnumarkaði. Þá þurfti bara að snúa sér til atvinnumálastofnunar,“ útskýrir Anna Margrét.

Uppskeruhátíðin markaði einnig útborgunardag og versluðu nemendur hverjir við aðra fyrir kaupið.

„Þarna læra þau að velja og hafna, hvað hlutir kosta og að þau þurfi að spá í svona hluti,“ segir Anna Margrét. Foreldrum var svo boðið á uppskeruhátíðina og gátu þeir keypt þollara og verslað líka. „Allt sem safnast inn fer svo í sjóð sem nýttur er í næsta þorp.“

Var þetta í annað skiptið sem blásið er til þorpsstemningar í Grunnskóla Þorlákshafnar og nýtur verkefnið gríðarlegra vinsælda meðal nemenda. - ga



**NÓG Í BOÐI** Meistarar í grímugerð létu til sín taka meðal þorpsbúa. FRÉTTABLAÐIÐ



**AKTÍFISTI** Morrisey liggur ekki á skoðunum sínum og er afar mótfallinn kjöt- og mjólkurvöruáti.

# Morrisey fastur fyrir

## Spilar ekki tón nema allt verði kjöt- og mjólkurlaust

Morrissey, fyrrverandi forsprakki The Smiths, sendi frá sér opið bréf stílað á Al Gore, aðaltalsmann vitundarvakningar um loftslagsbreytingar í heiminum, og Kevin Wall, aðstandanda tónleikanna Live Earth 2015. Birtist bréfið í tímaritinu The Rolling Stone og fór hann fram á að þeir myndu beita sér fyrir að tónleikahaldið yrði með öllu kjöt- og mjólkurvörulaust. Annað væri fásinna og hann kæmi ekki nálægt tónleikahaldinu öðruvísi.

Um er að ræða risastóran tónlistarviðburð sem stendur í heilan sólarhring þann 18. júní næstkomandi og verður hann haldinn í sex heimsálfum. Tilgangurinn er að vekja fólk til umhugsunar um áhrif loftslagsbreytinga. Morrissey er mikill mannúðarmálamaður og lætur sér fátt fyrir brjósti brenna í þeim efnum. Skemmst er að minnast þess að hann blés af tónleika í Hörpu sem áætlaðir voru í sumar, vegna þess að ekki var hægt að taka allt kjöt af matseðli hússins.

# RÉTTU GRÆJURNAR

6. MAÍ - HARPA

**Í SAMTENGDUM HEIMI ERU ENDALAUSIR MÖGULEIKAR Á AÐ LÁTA RÖDD SÍNA HEYRAST.**



Lucas Gilman

Úrvalið hjá Nikon af myndavélum, linsum og aukabúnaði sem og sjónaukum og öðrum íþróttalinsum veita öllum tæki til að skapa myndir og ná myndskeiðum sem segja merkilega sögu, örva tjáskipti og láta að sér kveða - réttu græjurnar fyrir alla sem hafa áhuga á alvöru myndsköpun.

Nikon býður þér með stolti í síðdegisboð með Lucas Gilman og Christopher Lund, sem mun hvetja þig til samskipta og til að láta að sér kveða.

**Að skrá ykkur fyrir ókeypis miða!**
therightstuff.nikon.is

Nikon
*At the heart of the image*

# TIDAL STEFNT TIL HÖFUÐS SPOTIFY

**Tónlistarveita rapparans Jay-Z er gerð af tónlistarmönnum fyrir tónlistarmenn. Alls er óvíst hvort fólk sé tilbúið að greiða fyrir þjónustu sem er ókeypis hjá öðrum tónlistarveitum. Veitan er nú aðgengileg á Íslandi mánuði eftir að Jay-Z tilkynnti kaupin í New York.**



**Jóhann Óli Eiðsson**
johannoli@frettabladid.is


Tónlistarveitan Tidal varð aðgengileg á Íslandi í gær, mánuði eftir að tilkynnt var um að Jay-Z hefði keypt hana. Tidal er veita frá sænska fyrirtækinu Aspiro og fór fyrst í loftið í lok október í fyrra en skaust á stjörnuhimininn eftir að rapparinn Jay-Z keypti veituna.

Tidal er stefnt til höfuðs öðrum veitum. Þar ber helst að nefna hina sænsku Spotify. Sem stendur er Spotify stærsta tónlistarveita heimsins með yfir 60 milljón notendur. Þar af eru fimmtán milljónir sem greiða fyrir notkun hennar.

Spotify hefur lengi legið undir gagnrýni fyrir að listamenn fái afar lítið í sinn skerf. Fyrir hverja spilun greiðir Spotify upphæð sem er á bilinu 0,6 til 0,86 bandaríkra senta. Það er andvirði um einnar krónu sé upphæðin reiknuð yfir í alvöru gjaldmiðil.

Stærstur hluti þeirrar upphæðar týnist einhvers staðar á leiðinni og ratar ekki í hendur tónlistarmanna. Umboðsmenn, útgáfufyrirtæki og hvers kyns milliliðir taka sinn skerf í sinn vasa. Til að ná að þéna bandarísk lágmarkslaun, 1.200 Bandaríkjadali eða tæpar 160.000 krónur, þarf listamaður að ná að minnsta kosti fjórum milljónum spilana á lög sín. Fæstir ná þeim stalli.

Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að margir listamenn bjóða ekki upp á tónlist sína á Spotify. Meðal þeirra má nefna Taylor Swift, Atoms For Peace sem er sólóverkefni Thoms Yorke, söngvara Radiohead, og Björk, sem hefur ekki enn gert Vulnicura aðgengilega á veitunni.

Þessu vilja aðstandendur Tidal breyta.Engin ókeypis áskrift er í boði fyrir notendur Tidal heldur verða þeir að punga út tíu eða tuttugu dölum á mánuði fyrir notkunina. Dýrari áskriftin býður upp á tónlist í talsvert betri gæðum en sú ódýrari og Spotify. Notendur nú eru tæplega 600.000. Þar af eru aðeins um 17.000 sem velja dýrari áskriftarleiðina.

Enn sem komið er er aðeins hægt að ná í Tidal sem smáforrit fyrir bæði iPhone- og Android-síma. Ekki er til forrit fyrir tölvur en hægt er að hlusta í gegnum vefstreymi sem virkar þó aðeins í Google Chrome.

Það helsta sem Tidal hefur umfram Spotify, fyrir utan betri hljómgæði, er að tónlistarfólk mun geta notað veituna sem nokkurs konar samfélagsmiðil. Planið er að tónlistarmyndbönd og ýmsar demóupptökur verði aðgengilegar aðdáendum þar og eingöngu þar. Fyrir skemmstu mátti þar finna upptöku af Beyoncé í stofunni heima hjá sér þar sem hún lék áður óheyrt lag á flygilinn þar. Maðurinn bak við myndavélina var eiginmaðurinn, títtnefndur Jay-Z.

Það er alls kostar óvíst að Jay-Z og meðeigendum hans takist að sannfæra fólk um að gefa fría streymið upp á bátinn og greiða fyrir það í staðinn en ljóst er að Tidal er líklega harðasti keppinautur Spotify til þessa. Forvitnilegt verður að sjá hvort listamenn muni taka upp á því að færa tónlist sína eingöngu yfir á Tidal.




**EIGENDUR KYNNA AFRAKSTURINN** Sextán hljómsveitir og listamenn standa að baki Tidal. Þar má nefnda Deadmau5, Daft Punk, Kanye West, Rihanna, Arcade Fire og Beyoncé. Þau komu saman í New York þegar veitan fór í loftið. NORDICPHOTOS/GETTY

## SAMANBURÐUR Á ÁSKRIFARMÖGULEIKUM VEITNANNA

| | Spotify FREE | Spotify PREMIUM | Tidal | Tidal HIFI |
|---|---|---|---|---|
| **HLJÓMGÆÐI** | 160 kbps | 320 kbps | 320 kbps | 1411 kbps |
| **VERÐ** | frítt | 9,99 £ á mánuði | 9,99€ á mánuði | 19,99€ á mánuði |
| **AUGLÝSINGAR** | ✓ | X | X | X |
| **AÐGENGILEGT*** | Android, Apple, PC | Android, Apple, PC | Android, Apple, Chrome | Android, Apple, Chrome |
| **MYNDBÖND** | X | X | ✓ | ✓ |

*Tidal virkar með öllum stýrikerfum en er ekki til sem forrit heldur eingöngu sem vefspilari í Google Chrome.*

## Tidal kjörið fyrir tækniperverta

**Höfundur greinar þessarar hefur undanfarið ár greitt fyrir að nota Spotify en fékk sökum starfs síns að prófa Tidal í tvær vikur áður en veitan var gerð aðgengileg á Íslandi.**

- Velkistu í vafa um hvort þú ættir að nota Spotify eða Tidal ætti að líta fyrst á hljómgæðin. Eigirðu góð heyrnartól eða hátalara liggur beinast við að greiða örlítið meira og fjárfesta í Tidal HIFI. Munurinn er mikill. Sértu hins vegar að hlusta á tónlist með aumum heyrnartólum eða innbyggðum tölvuhátalara skaltu halda þig við Spotify þar sem FLAC-gæðin munu ekki komast til skila.
- Enn sem komið er er lagagagnagrunnur Spotify stærri en Tidal. Spotify býður upp á 30 milljónir laga en Tidal er aðeins með 25 milljónir. Þeir listamenn sem ekki bjóða upp á tónlist sína á Spotify hafa fæstir stigið skrefið til Tidal. Spurningin er þó hvað framtíðin ber í skauti sér.
- Margt er sniðugt við Tidal. Möguleikinn Tidal Rising er þægilegur; hann sýnir lög sem notendur Tidal hafa hlustað mikið á án þess að þau séu orðin þau sem vinsælust eru. Lagalistarnir sem teknir hafa verið saman eru þægilega upp settir og mynda oft betri heild en það sem Spotify hefur upp á að bjóða. Tidal í síma er líka að mörgu leyti þægilegra en Spotify í síma.
- Vankantarnir eru þó nokkrir. Að mörgu leyti er leiðinlegt að þurfa ávallt að vera með Tidal opið í Google Chrome en ekki í sérforriti. Að auki er munurinn á leitarvélum veitnanna afar mikill. Ef þú leitar að listamanni eða hljómsveit í Spotify kemur síða þess listamanns fyrst í leitarniðurstöðurnar. Tidal sýnir hins vegar plötur og lög á undan listamönnunum. Eflaust er það misjafnt milli notenda hvað þeir vilja en þetta fór í taugarnar á höfundi. Að auki er Radio-möguleikanum ábótavant í Tidal. Í Spotify er hægt að velja lag og forritið velur síðan svipuð lög og spilar fyrir þig. Það er ekki í boði hjá Tidal.
- Tidal mun eflaust venjast ágætlega og sértu tækni- og hljóðpervert er veitan hiklaust málið fyrir þig. Sértu hinn venjulegi tónlistarunnandi og veltir þér ekkert endilega upp úr gæðum og getur látið þig hafa stöku auglýsingar, þá er réttast að halda sig við Spotify.






Lægra verð - meiri kaupmáttur

heimkaup.is

# Aðeins í dag

## Lækkum allar vörur!

Í tilefni af verkalýðsdeginum 1. maí gefum við afslátt af öllum vörum á Heimkaup.is í 24 tíma!

AÐEINS Í 24 TÍMA

39% afsláttur 1.390,- **973,-** Weber grillbursti 30cm

43% afsláttur 8.790,- **4.990,-** Canon Pixma IP2850 bleksprautuprentari

25% afsláttur 79.990,- **59.990,-** Weber Q2200 grill á fótum

31% afsláttur 159.990,- **109.990,-** 47" LG 47" 3D snjallsjónvarp + tvö pör af 3D gleraugum

## Pantaðu fyrir kl 17[00] og við sendum heim strax í kvöld!

49% afsláttur 15.990,- **7.990,-** Slim Fit Pique Polobolur

63% afsláttur 399,- **149,-** Match Attax Fótboltamyndir 14/2015

60% afsláttur 15.990,- **6.390,-** Nokia Bluetooth headset (BH-220W)

28% afsláttur 82.990,- **59.990,-** Apple iPad Mini 3 Wifi 16GB

30% afsláttur 99.990,- **69.990,-** HP Pavilion 11 X360 fartölva

50% afsláttur 11.990,- **5.990,-** Far Cry 4 fyrir Xbox One

50% afsláttur 5.990,- **2.745,-** Under Armour Victory hlýrabolur

68% afsláttur 5.290,- **1.690,-** Turtles Catapult Pizza borðspilið

23% afsláttur 16.990,- **12.990,-** Polar Loop

7.990,- **3.990,-** Sims 4 fyrir PC

55% afsláttur 3.290,- **1.490,-** LegoWear húfa - Alf 655

57% afsláttur 13.990,- **5.990,-** Russell Hobbs Precision kaffivél

70% afsláttur 4.990,- **1.499,-** Logilink Bluetooth móttakari

36% afsláttur 5.490,- **3.490,-** Lego Duplo Hafmeyjuhöllin

60% afsláttur 3.990,- **1.590,-** Taflborð og menn í álboxi

50% afsláttur 3.990,- **1.990,-** Apple Earpods heyrnartól

67% afsláttur 290,- **99,-** Loom vinateygjur

50% afsláttur 19.990,- **9.990,-** Supertooth Disco Bluetooth hátalari

45% afsláttur 2.530,- **1.390,-** Nuby NT 240ml blár peli

53% afsláttur 52.990,- **24.990,-** Severin kæliskápur (85 sm)

75% afsláttur 5.990,- **1.490,-** Skrípó borðspilið

52% afsláttur 4.990,- **2.390,-** EFA Lean,Blanda nauðsynlegra fitusýra

56% afsláttur 4.490,- **1.990,-** Legowear regnbuxur

70% afsláttur 850,- **255,-** Max Factor ME mini naglalakk

Öll tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar og uppseldar vörur.

## Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

### Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

### Hægt að greiða við afhendingu

Hjá okkur býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

### Frí heimsending samdægurs

Pantanir sem berast fyrir kl. 17[00] eru afhentar heim að dyrum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag á landsbyggðinni. Pantanir yfir 4.000,- sendar frítt.

## Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

Opið í dag kl 12[00] til 16[00]

HEIMKAUP




# Með plömmer í prófinu

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Allir bíða þess að dyrnar opnist. Sumir eru að farast úr stressi og lesa glósur fyrir utan. Aðrir hlæja og virðast aldrei nokkurn tímann hafa haft það jafn gott. Allur veturinn er undir – námslánin jafnvel líka sem og próflokadjamm með hreina samvisku. Einn og einn virðist frekar á leið í göngu yfir Fimmvörðuháls miðað við matarbirgðirnar sem hafðar eru með í prófið. Íþróttabuxur virðast vera komnar aftur í tísku. Sumir eru vel girtir. Aðrir ekki.

**ÞANNIG** var að félagi minn mætti í próf í Háskóla Íslands. Ljóst var að prófið yrði þungt og hann þyrfti að hafa sig allan við. Ekkert mætti trufla einbeitingu hans ef vel ætti að ganga. Fókusinn var klár, prófið skyldi massa. Hann hafði þó ekki tekið með í reikninginn samnemendur sína í næstu röð, annan vel girtan en hinn ekki.

**ERTU** til í að girða þig?“ spurði sá sem var með fullt tungl beint fyrir framan nefið á sér og var greinilega ekki skemmt. Hinn ógirti brást ekki vel við þessum skilaboðum, stóð á fætur og spurði hvað hann ætti eiginlega við. „Ég get ekkert einbeitt mér með þetta fyrir framan mig,“ sagði nemandinn, orðinn pirraður, og endurtók beiðnina um tafarlausa „girðingu“.

**SUMIR** láta engan segja sér hvenær eigi að toga upp buxurnar og þannig var um þennan. Æstust leikar svo mikið að yfirsetukonan góðlega, sem gæti hafa fyllt tíu tugi í aldri, vaknaði af værum blundi og spurði blíðlega: „Strákar, eigum við ekki bara að vera vinir?“

**EKKI** tókst meiri vinskapur með prófþreyturunum en svo að hinn ógirti var fluttur yfir í aðra kennslustofu. Ekki fylgir sögunni hvort hann hafi gripið tækifærið og hulið opinberan hluta rassins í leiðinni. Því fylgir hins vegar sögunni að áhorfandinn, félagi minn, hvort sem plömmernum var um að kenna eða ekki, féll á prófinu.







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AGE OF ADALINE | 5, 8, 10:20 | 12 |
| AVENGERS 2 3D | 2, 7, 10 | 12 |
| MALL COP 2 | 5, 8 | L |
| ÁSTRÍKUR 2D | 2, 4, 6 - ÍSL TAL | L |
| FAST & FURIOUS 7 | 10 | 12 |
| LOKSINS HEIM 2D | 1:50 - ÍSL TAL | L |




**STERKT** Ein af myndunum úr myndaröð Kára.



**FALLEGT** Meistaraverkefni Kára sem hann tók úti í London.

MYND/KÁRI SVERRISSON

# Notar fíkn og fátækt í tískuljósmyndun

Ljósmyndarinn Kári Sverrisson fékk verðlaun frá London College of Fashion fyrir framúrskarandi árangur í mastersverkefni sínu í tískuljósmyndun.

„Ég sótti um þessi verðlaun eða styrk í byrjun janúar á þessu ári, en nemendur í öllum creative-deildum skólanum fá tækifæri til þess að sækja um,“ segir Kári Sverrisson, sem er nýútskrifaður úr mastersnámi í tískuljósmyndun. Umsókn hans var á dögunum valin úr hópi hundraða umsókna, ásamt tveimur öðrum, og hlaut hann í verðlaun peningastyrk frá London College of Fashion.

„Okkur var sagt að valið væri byggt á því hversu sterk umsóknin væri, en í henni áttum við að senda inn tillögu að verkefni sem okkur langaði að vinna, skyldum við verða valin,“ segir Kári.

Hann tók þá ákvörðun að halda áfram að þróa meistaraverkefnið sitt, sem hann skilaði inn í nóvember, en fyrir það fékk hann hæstu mögulegu einkunn í skólanum.

„Fyrir meistaraverkefnið bjó ég til fjórar myndaseríur. Þar nota ég tískuljósmyndun til þess að vekja athygli á viðkvæmum málefnum eins og fátækt og fíkn. Ég skoðaði mikið mitt nánasta umhverfi í London, og hvar heimilislaust fólk og fíklar halda sig,“ segir Kári.

Styrkinn ætlar hann að nýta til þess að þróa verkefnið hér heima, og segir hann það hafa haft mikil áhrif á val dómnefndarinnar. „Þau voru svakalega spennt fyrir því að ég myndi vinna þetta hér heima, enda er þetta allt öðruvísi en úti. Það verður ákveðin áskorun fyrir mig að gera þetta á Íslandi, allt annar vinkill en úti, en mjög gaman.“ Kári segist með þessu ekki vera að reyna að fegra heim fíkla eða heimilislausra.

„Tískuljósmyndun gengur út á það að selja einhverja ímynd, en þarna er ég að sýna að þetta er raunverulegri partur af lífinu en þessi glansímynd sem dregin er upp í tískutímaritum.“

Kári stefnir að því að opna sýninguna í kringum menningarnótt.



**LISTAMAÐUR** Kári hefur vakið mikla athygli fyrir myndirnar sínar. MYND/HEIÐA HB




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE WATER DIVINER | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | |
| AVENGERS 2 3D | KL. 1 - 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 - 11 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:20 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSL TAL | KL. 1 - 3 | L |
| GET HARD | KL. 8 | |
| INSURGENT | KL. 5:30 | |
| CINDERELLA | KL. 3 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 1 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE WATER DIVINER | KL. 10:20 | |
| THE AGE OF ADALINE | KL. 8 | |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 - 11 | |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSL TAL | KL. 4 | L |
| LOKSINS HEIM ÍSL TAL | KL. 3D: 3 2D: 6 | L |
| CINDERELLA | KL. 1 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 1 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| AVENGERS 2 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 3 - 6 - 9 | |
| CHILD 44 | KL. 10:30 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 | |
| GET HARD | KL. 5:40 | |
| CINDERELLA | KL. 2 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 2 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE WATER DIVINER | KL. 3 - 5:30 - 8 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 2 - 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | |
| CHILD 44 | KL. 10:25 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE WATER DIVINER | KL. 8 | |
| AVENGERS 2 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 2 - 5 - 10:25 | |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT




ÁLNAVÖRUBÚÐIN Hveragerði
Þar sem bíltúrinn margborgar sig!
TILBOÐSDAGAR 1.-4.maí
15% - 70% afsláttur
SIXMIX 1058
TILBOÐ: 13.167 kr
SIXMIX 1139
TILBOÐ: 14.442 kr
Jessie Girl
TILBOÐ: 4.671 kr
SIXMIX Espadrillur
TILBOÐ: 9.771 kr
SIXMIX 1096
TILBOÐ: 14.446 kr
SIXMIX 1100 Snake
TILBOÐ: 14.021 kr
Marco Tozzi
TILBOÐ: 7.646 kr
Imac leðurskór
TILBOÐ: 9.342 kr
Bullboxer
TILBOÐ:
13.596 kr
& 15.296 kr
Imac leður
TILBOÐ:
11.892 kr
OPIÐ þann 1.maí frá kl 10-18
100%
VIKING Skagen Gúmmískór
St. 41-46 TILBOÐ: 8.067 kr
VIOX krakkastrigaskór
TILBOÐ: 4.076 kr
fisléttir
North Rock Dúnjakkar 100% ANDARDÚNN
Dömu & herra TILBOÐ: 15.192 kr
VIKING Kicks Gúmmískór
St. 35-42 TILBOÐ: 7.217 kr
liprir...
North Rock TILBOÐ: 6.792 kr
POLLAGALLAR - ST.1-8 ÁRA
VATNS- & VINDHELDIR GALLAR - ST.2-14 ÁRA
8.000 MM VATNSHELDNI TILBOÐ: 9.192 kr
fisléttar
North Rock TILBOÐ: 5.592 kr
LÉTTAR ÚLPUR/JAKKAR - ST.3-12 ÁRA
Við sendum hvert á land sem er!
Við erum á Facebook!
Opið alla daga til kl 18
Sími: 483-4517

# SPORT

## Spá Fréttablaðsins

**PEPSI DEILDIN 2015**
Hefst 3. maí

| | |
|---|---|
| 1. FH | 7. Víkingur |
| 2. KR | 8. Keflavík |
| 3. Stjarnan | 9. Fjölnir |
| 4. Breiðablik | 10. ÍA |
| 5. Fylkir | 11. ÍBV |
| 6. Valur | 12. Leiknir |

## KR HAFNAR Í 2. SÆTI

KR varð síðast meistari fyrir tveimur árum og ætlar sér titilinn í 27. sinn í sumar. Liðið kemur mikið breytt til leiks með nýjan þjálfara, Bjarna Guðjónsson, sem fór ekki vel út úr fyrstu tilraun sinni sem þjálfari í efstu deild. KR missti sterka menn en hefur fengið mjög sterka leikmenn móti og á klárlega að berjast við FH um Íslandsmeistaratitilinn. KR varð bikarmeistari í fyrra.

## ➜ Lykilmaðurinn í sumar

Miklu var til tjaldað hjá KR til að landa **Pálma Rafni Pálmasyni** sem snýr aftur úr atvinnumennsku eftir sjö ár í Noregi. Pálmi er ekki að koma heim á niðurleið, eiginlega þvert á móti. Síðasta tímabil hans í norsku úrvalsdeildinni með Lilleström var hans besta í atvinnumennskunni og því má búast við miklu af þessum frábæra miðjumanni hjá KR. Hann fór í atvinnumennskuna frá Val þar sem hann varð Íslandsmeistari árið 2007.



## ➜ Binni bjartsýni

**Við erum ekki Fram**
Ég tek bara undir með Kristni Kjærnested. Það skiptir engu máli þó Bjarni féll með Fram. Við erum KR og hann veit hvernig hlutirnir virka hjá KR.

## ➜ Siggi svartsýni

**FH er betra lið**
Við erum með góðan mannskap en FH er með sterkari kjarna og betri þjálfara. Við verðum í baráttunni en FH tekur þetta.

## ➜ Nýju andlitin

**Jacob Schoop** OB, Dan.
**Kristinn J. Magnússon** Vík.
**Pálmi Rafn Pálmason** Nor.
**Skúli Jón Friðgeirsson** Sví.
**Sören Fredriksen** AaB, Dan.
**Rasmus Christiansen** Nor.

**Fylgstu með þessum**
**Rasmus Christiansen** er að jafna sig af meiðslum en ætti að styrkja vörn KR mikið ef hann er heill. Var síðast í ÍBV árið 2012 og var þá besti miðvörður deildarinnar.

**EINKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★☆ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★☆☆☆ BREIDDIN ★★★★☆ LIÐSSTYRKURINN ★★★★☆ HEFÐIN ★★★★★

**Gengið síðustu sex tímabil** | **2009** 2. sæti | **2010** 4. sæti | **2011** 1. sæti | **2012** 4. sæti | **2013** 1. sæti | **2014** 3. sæti • **Íslandsmeistari** 26 (síðast 2013) • **Bikarmeistari** 14 (síðast 2014)

## ÚRSLIT

### OLÍSDEILD KVENNA

**UNDANÚRSLIT, 4. LEIKUR**
**STJARNAN - FRAM 26-21**
**Mörk Stjörnunnar:** Sólveig Kjærnested 6/3, Helena Örvarsdóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 4, Nataly Valencia 3, Esther Ragnarsdóttir 3, Hanna Stefánsdóttir 3, Arna Almarsdóttir 1, Guðrún Bjarnadóttir 1, Alina Tamasan 1 (5).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 15/2 (34/4, 44%), Heiða Ingólfsdóttir 3 (5/1, 60%).

**Mörk Fram:** Hulda Dagsdóttir 6, Elísabet Gunnarsdóttir 4/2, Ragnheiður Júlíusdóttir 3, María Karlsdóttir 2, Steinunn Björnsdóttir 2, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 1, Hekla Rún Ámundadóttir 1.

**Varin skot:** Hafdís Lilja Torfadóttir 14 (38/3, 37%), Heiðrún Dís Magnúsdóttir 2 (4, 50%),

*Staðan í einvíginu er 2-2.*

**ÍBV - GRÓTTA 21-34**
**Mörk ÍBV:** Drífa Þorvaldsdóttir 5/2, Ester Óskarsdóttir 5, Sandra Dís Sigurðardóttir 2, Telma Silva Amado 2, Díana Dögg Magnúsdóttir 2, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1, Kristrún Ósk Hlynsdóttir 1, Arna Þyrí Ólafsdóttir 1, Elín Anna Baldursdóttir 1, Vera Lopes 1.

**Varin skot:** Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir 8 (23/1, 35%), Erla Rós Sigmarsdóttir 4 (17, 24%), Sara Dís Davíðsdóttir 3 (9, 33%).

**Mörk Gróttu:** Karólína Bæhrenz Lárudóttir 9, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 7, Sunna María Einarsdóttir 4, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Lovísa Thompson 3, Eva Björk Davíðsdóttir 3/1, Arndís María Erlingsdóttir 2, Þórunn Friðriksdóttir 1, Ásthildur Friðgeirsdóttir 1, Guðný Hjaltadóttir.

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 11/1 (27/3, 41%), Elín Jóna Þorsteinsdóttir 2 (7, 29%).

*Staðan í einvíginu er 2-2.*

### 1. DEILD KARLA

**UMSPILSKEPPNI, ODDALEIKUR**
**VÍKINGUR - FJÖLNIR 26-19**
**Víkingur - Mörk (skot):** Daníel Einarsson 5, Hjálmar Arnarsson 4, Arnar Theódórsson 4/1, Jón Hjálmarsson 3, Hlynur Óttarsson 3 , Jóhann Gunnlaugsson 3, Jónas Hafsteinsson 2, Ægir Jónsson 1, Sigurður Eggertsson 1.

**Varin skot:** Magnús Erlendsson 31/3 (49/5, 63%), 1 (1, 100%), Einar Baldvin Baldvinsson 1 (2, 50%),

**Fjölnir - Mörk (skot):** Kristján Örn Kristjánsson 5, Sveinn Þorgeirsson 4 , Bjarki Lárusson 3, Breki Dagsson 2, Brynjar Loftsson 2/1, Unnar Arnarsson 1, Bergur Snorrason 1, Sigurður Guðjónsson 1/1.

**Varin skot:** Ingvar Kristinn Guðmundsson 10/1.
*Víkingur vann einvígið, 3-2, og fer upp um deild.*

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Sætti mig strax við pressuna

Finnur Freyr Stefánsson er fyrsti þjálfari KR í 47 ár sem hlýtur tvo Íslandsmeistaratitla í röð. Hann segist hafa tekið vissa áhættu í undanúrslitunum gegn Njarðvík og kallar Stefan Bonneau martraðamanninn sinn.

**KÖRFUBOLTI** Finnur Freyr Stefánsson stendur uppi sem sigurvegari eftir langt tímabil með KR sem virtist ætla að taka óvænta stefnu undir lokin eftir mikla yfirburði framan af vetri.

KR tapaði fyrst fyrir Stjörnunni í úrslitaleik bikarsins í lok febrúar á lokamínútunum, eftir að leikstjórnandinn Pavel Ermolinskij fór út af meiddur. KR-ingar þurftu í raun að læra að spila án hans og lentu í kröppum dansi gegn Njarðvík í undanúrslitum úrslitakeppninnar þar sem liðið komst í lokaúrslitin gegn Tindastóli eftir tvíframlengdan oddaleik.

KR-ingar unnu svo Stólana 3-1 í úrslitunum og Finnur Freyr varð um leið fyrsti þjálfari KR sem vinnur tvo Íslandsmeistaratitla í röð síðan Gordon Godfrey gerði það árið 1968.

### Þýðir ekkert að vera hræddur

„Það eru fánar inni í sal og ég var strax byrjaður að pæla í þessu um leið og við unnum síðast. Markmiðið var að ná öðrum strax og það er gríðarlega sætt að það tókst,“ sagði Finnur Freyr í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann er uppalinn í KR og þessi 32 ára þjálfari þekkir vel hvað það þýðir að vera þjálfari meistaraflokks karla.

„Ég ákvað strax og ég tók starfið að mér að sætta mig við pressuna sem því fylgir. Það þýðir ekkert að vera hræddur. Ef maður verður rekinn þá tekur maður því bara. Ég hef fulla trú á því sem ég geri og ef mér tekst að ná mínu fram þá er það frábært. Ef ekki, þá er það bara gott og blessað.“

Í ár fagnaði KR 50 ára afmæli fyrsta Íslandsmeistaratitils síns í körfubolta. Í því liði eru menn sem fylgjast náið með gangi mála í dag og er Finnur þakklátur fyrir það.

„Þetta eru menn sem lögðu grunninn að þessu öllu. Þeir og fleiri sem hafa spilað með KR í gegnum tíðina hafa stutt dyggilega við okkur. Margir þeirra voru fremstu menn í stúkunni í Síkinu og fögnuðu titlinum með okkur. Þannig á það að vera.“

> **Við fundum styrk í áfallinu og það rak okkur áfram.**
>
> *Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari karlaliðs KR.*

### Styrkur í áföllunum

Finnur segir að tapið gegn Stjörnunni í bikarnum og meiðsli Pavels hafi verið áfall fyrir liðið. Áfall sem liðið komst ekki yfir í leiknum sjálfum.

„Auðvitað sat það í manni. Ég lét það samt ekki stoppa mig og við héldum áfram. Án Pavels tók KR miklum framförum – það tók tíma enda getur maður ímyndað sér hvað Tindastóll gerir án Darrels Lewis, Njarðvík án Loga Gunnarssonar og Stjarnan án Justins Shouse? Við fundum styrk í áfallinu og það rak okkur áfram.“

Það gekk svo á ýmsu gegn Njarðvík. Stefan Bonneau, sem Finnur kallar „martraðamanninn sinn“, lék KR grátt og í fjórða leik liðanna rúlluðu Njarðvíkingar yfir þá svarthvítu.

„Ég tók áhættu í þeim leik og lét Michael Craion sitja í síðari hálfleik. Hann var þreyttur og lemstraður eftir síðasta leik á undan og ég tók þessa ákvörðun. Ég fékk mikla gagnrýni fyrir hana og það var erfitt að taka hana en ég er handviss um að hún hafi verið rétt. Hann átti svo stórleik í oddaleiknum,“ segir Finnur Freyr sem lætur sér fátt um finnast þó svo að gagnrýnisraddir láti mikið í sér heyra.

„Ég hlusta á fólkið sem er í innsta hring en mér er svo sama um annað. Þetta snýst ekki um mig heldur erum við ein stór fjölskylda leikmanna og annarra sem störfum í kringum þetta á einn eða annan hátt. Ég væri ekki hér án þeirra allra.“



**MEISTARI** Finnur Freyr Stefánsson með bikarinn sem verður áfram í KR-heimilinu við Frostaskjól næsta árið hið minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Finnur Freyr hefur verið þjálfari hálfa ævina og neitar því ekki að sú tilhugsun heilli að þjálfa sterkt lið í atvinnumannadeild í Evrópu.

„Það væri skemmtilegt en sem stendur er ég einbeittur í því sem ég er að gera hjá mínu félagi. Ég gæti ekki haft það betra en að þjálfa hjá mínu uppeldisfélagi. Það eru forréttindi að vera í þessum hópi og ég hef lært heilmikið af því að vinna með þessum leikmönnum. Maður er alltaf að læra.“

eirikur@frettabladid.is




# Meistarastimpillinn er erfiður

Aðeins eitt lið af síðustu átta hefur staðið undir því að vera spáð titlinum.

**FÓTBOLTI** FH-ingum var í fyrradag spáð sigri í Pepsi-deildinni í sumar en FH-liðið fékk langflest stig í árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna. Fimm síðustu ár og í sjö skipti af síðustu átta hafa meistaraefnin fallið á prófinu og misst af Íslandsmeistaratitlinum um haustið.

Þannig fór fyrir KR-ingum í fyrra sem og í tvö síðustu skipti sem FH-ingum hefur verið spáð titlinum um vorið (2011 og 2013).

FH var líka síðasta liðið sem stóð undir pressunni en FH-ingar urðu Íslandsmeistarar undir stjórn Heimis Guðjónssonar sumarið 2009 eftir að hafa verið spáð titlinum fyrir mótið. FH-liðið frá 2013 er líka eina liðið, frá og með þeim tíma þegar fyrst voru tólf lið í deildinni sumarið 2008, sem tókst að vinna sinn leik í fyrstu umferð eftir að hafa verið spáð meistaratitlinum.

FH hefur sex sinnum áður verið spáð titlinum og staðið undir meistarapressunni í þrjú af þessum skiptum. Liðið kláraði titilinn 2005, 2006 og 2009 en missti af honum 2007, 2011 og 2013.

Það ætti svo sem ekki að koma FH-ingum á óvart að vera spáð Íslandsmeistaratitlinum enda hefur Hafnarfjarðarliðið verið efst í þessari árlegu spá á öllum oddaárum frá og með 2005.

Stjarnan varð Íslandsmeistari í fyrra þrátt fyrir að vera aðeins spáð fjórða sætinu fyrir mótið. Þetta var aðeins í fimmta sinn í þrjátíu ára sögu spárinnar þar sem meistararnir komust ekki inn á topp þrjú í spánni. Stjörnumenn komust þar í hóp með KA (spáð 5. sæti 1989), Víkingi (4. sæti, 1991), ÍA (5. sæti, 2001) og KR (4.sæti, 2002) sem urðu öll Íslandsmeistarar þrátt fyrir að vera neðar en í þriðja sæti í spánni. - óój

**LIÐ SEM SPÁÐ VAR TITLINUM UNDANFARIN ÁTTA ÁR**

| | |
|---|---|
| **2007 - FH** | **Endaði í 2. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** Valur | |
| **2008 - Valur** | **Endaði í 5. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** FH | |
| **2009 - FH** | **Endaði í 1. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** FH | |
| **2010 - KR** | **Endaði í 4. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** Breiðablik | |
| **2011 - FH** | **Endaði í 2. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** KR | |
| **2012 - KR** | **Endaði í 4. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** FH | |
| **2013 - FH** | **Endaði í 2. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** KR | |
| **2014 - KR** | **Endaði í 3. sæti** |
| **Íslandsmeistari:** Stjarnan | |



**ATLI GUÐNASON.**

# TIL HAMINGJU

*Íslandsmeistarar*

## SNÆFELL OG KR

Domino's óskar Snæfelli og KR innilega til hamingju með Íslandsmeistaratitlana í körfuknattleik 2015. Nýbakaðir Íslandsmeistarar, ásamt öllum hinum í Domino's-deildinni, sýndu frábæra takta á spennandi leiktíð.

**Takk fyrir skemmtunina!**







DOMINO'S DEILDIN



2 | 21:00
**X-MEN ORIGINS: WOLVERINE**
Spennandi vísindaskáldsaga sem segir frá uppruna Jarfa eða Wolverine. Myndin gerist tuttugu árum fyrir atburði fyrstu X-Men myndarinnar og áður en Wolverine varð það sem hann er í dag.

SKEMMTILEGT
**FÖSTUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



2 | 18:55
**SIMPSONS FJÖLSKYLDAN**
Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur, ef eitthvað er, aldrei verið uppátækjasamari.



2 | 19:20
**MY GIRL**
Sígild og áhrifamikil fjölskyldumynd um ellefu ára stúlku og pabba hennar sem er séritur ekkjumaður og má ekkert vera að því að sinna henni.



B | 22:00
**THE GRAND BUDAPEST HOTEL**
Grand Budapest Hotel í lýðveldinu Zubrowka má muna fífil sinn fegurri. Með aðalhlutverk fer Ralph Fiennes.



3 | 21:00
**THE LOTTERY**
Spennuþættir sem gerast í heimi í bráðri útrýmingarhættu því konur geta ekki átt börn lengur vegna ófrjóssemi.




G | 21:50
**COLD FEET**
Þriðji og fjórði þáttur um fólk á fertugsaldri sem tekst á við raunir dagsins, hvert með sínum hætti.
Bráðskemmtilegir þættir.



Krakkastöðin | 07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.
Nánari upplýsingar á **365.is**

# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Waybuloo**
**07.20** **Litla stóra Pandan**
**08.45** **Fuglaborgin**
**10.05** **Kalli kanína og félagar**
**10.25** **Tommi og Jenni**
**10.50** **Batman. The Brave and the bold**
**11.15** **The Boy Who Cried Werewolf**
**12.40** **The Middle**
**13.05** **Glee 5**
**13.50** **Last Man Standing**
**14.15** **Heimsókn**
**14.35** **Family Tools**
**15.00** **Super Fun Night**
**15.25** **One Direction Reaching for the Stars**
**16.35** **The Big Wedding**
**18.05** **Simpson-fjölskyldan**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Simpson-fjölskyldan**
**19.20** **My Girl** Sígild og afar áhrifamikil fjölskyldumynd um hana Vöndu sem er ellefu ára og á eftirminnilegt sumar fram undan. Pabbi hennar er séritur ekkjumaður sem rekur útfararþjónustu og má ekki vera að því að sinna henni. Sem betur fer kynnist hún Thomas J. sem reynist henni einstakur vinur.
**21.00** **X-Men Origins: Wolverine**
**22.50** **When the Game Stands Tall** Myndin segir sögu hins stórkostlega fótboltaþjálfara Bobs Ladouceur og liðs De La Salle High School sem hann tók að sér að þjálfa. Á stuttum tíma náði hann að stýra fótboltaliðinu frá botninum til stórbrotinna sigra. Með sigurgöngu liðsins brutu þeir öll fyrri met í amerískrar íþróttasögu.
**00.40** **Midnight in Paris**
**02.15** **Anonymous** Dramatísk mynd frá 2011 með Rhys Ifans, Vanessu Redgrave, Joely Richardson og David Thewlis í aðalhlutverkum. Í þessari mögnuðu mynd er leikið sér með þá tilgátu að það hafi í raun verið Edward de Vare, 17. jarlinn af Oxford, sem skrifaði leikverkin sem kennd hafa verið við Shakespeare. Leikstjóri er Roland Emmerich.
**04.20** **Trespass**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**08.40** **Pepsí deildin 2015 - Upphitun**
**09.50** **San Antonio - LA Clippers**
**11.40** **Snæfell - Keflavík**
**13.00** **Pepsí deildin - Upphitun**
**14.10** **Tindastóll - KR**
**16.00** **Real Madrid - Almeria**
**17.40** **Barcelona - Getafe**
**19.20** **Pepsí deildin - Upphitun**
**20.30** **Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur**
**21.00** **Goðsagnir - Ragnar Margeirsson**
**21.35** **San Antonio - LA Clippers**
**23.25** **UFC Unleashed 2015**
**00.10** **UFC Now 2015**
**01.00** **Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur**
**01.30** **Goðsagnir - Ragnar Margeirsson**
**02.05** **Centers of the Universe: Shaq & Yao**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.20** **Messan**
**11.25** **Football League Show**
**11.55** **Newcastle - Swansea**
**13.45** **Hull - Liverpool**
**15.35** **QPR - West Ham**
**17.15** **Arsenal - Chelsea**
**19.05** **Premier League Review**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Match Pack**
**21.00** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.30** **Everton - Man. Utd.**
**23.10** **Leicester - Chelsea**
**01.00** **Match Pack**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Kling Klang **21.30** Eldhús meistaranna

## STÖÐ 3

**18.40** **Raising Hope**
**19.00** **Junior Masterchef Australia**
**19.50** **Hawthorne**
**20.35** **Community** Fjórða gamanþáttaröðin um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindin sín og neyðist til að setjast á ný á skólabekk. Þar kynnist hann heldur betur skrautlegum hópi samnemenda og nýtir sér óspart alla klækina sem hann hefur lært af lögmannsstarfinu.
**21.40** **True Blood** Sjöunda þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse, vampírurnar Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman, þó ekki alltaf í sátt og samlyndi.
**22.40** **Trust Me**
**23.25** **Raising Hope**
**23.50** **Junior Masterchef Australia**
**00.35** **Hawthorne** Þriðja þáttaröð þessarar vinsælu þáttaraðar þar sem Jada Pinkett Smith leikur aðalhlutverk.
**01.20** **Community**
**01.40** **The Lottery**
**02.25** **True Blood**
**03.25** **Trust Me**
**04.05** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Tommi og Jenni **08.55** UKI **09.00** Kalli á þakinu **09.22** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Víkingurinn Vic **10.00** Stumparnir **10.25** Ævintýri Tinna **10.47** Latibær **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Tommi og Jenni **12.55** UKI **13.00** Kalli á þakinu **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Víkingurinn Vic **14.00** Stumparnir **14.25** Ævintýri Tinna **14.50** Latibær **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Tommi og Jenni **16.55** UKI **17.00** Kalli á þakinu **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Víkingurinn Vic **18.00** Stumparnir **18.25** Ævintýri Tinna **18.50** Latibær **19.00** Hetjur Valhallar - Þór

## GULLSTÖÐIN

**17.40** **Friends**
**18.05** **Modern Family**
**18.25** **New Girl**
**18.50** **The Big Bang Theory**
**19.15** **Arrested Development**
**19.50** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**20.10** **Réttur**
**21.00** **Broadchurch**
**21.50** **Cold Feet**
**22.45** **Cold Feet**
**23.40** **Without a Trace**
**00.20** **Arrested Development**
**00.55** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**01.20** **The Secret Circle**
**02.00** **Réttur**
**02.50** **Broadchurch**
**03.40** **Cold Feet**
**04.30** **Cold Feet**
**05.20** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**08.20** **Sense and Sensibility**
**10.35** **Straight A's**
**12.05** **Gandhi**
**15.10** **Sense and Sensibility**
**17.25** **Straight A's**
**18.55** **Gandhi**
**22.00** **The Grand Budapest Hotel**
**23.40** **Insidious: Chapter 2**
**01.25** **Puncture**
**03.05** **The Grand Budapest Hotel**

## RÚV

**08.00** **Morgunstundin okkar**
**08.01** **Froskur og vinir**
**08.08** **Einar Áskell**
**08.20** **Friðþjófur forvitni**
**08.43** **Franklín og vinir hans**
**09.05** **Kúlugúbbarnir**
**09.28** **Sigga Liggalá**
**09.40** **Robbi og skrímsli**
**10.02** **Drekar: Knapar Birkeyjar**
**10.25** **Ísöld - Risaeðlurnar rokka**
**11.55** **Allslaus – Uden penge**
**12.25** **Alzheimer á Íslandi**
**12.50** **Blóraböggull**
**14.35** **Loch Ness**
**16.10** **Hvellur**
**17.15** **Vinabær Danna tígurs**
**17.30** **Litli prinsinn**
**17.53** **Jessie**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Viðtalið**
**18.50** **Landakort**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.40** **Drekasvæðið** Ný íslensk gamanþáttaröð. Ari Eldjárn úr Mið-Íslandi og Baggalútarnir Bragi Valdimar Skúlason og Guðmundur Pálsson koma saman ásamt öflugum leikhópi í nýjum rammíslenskum gamanþáttum. Góðlátlegt grín og frumstæður fíflagangur.
**20.10** **Séra Brown**
**21.00** **Viltu dansa?** Mynd byggð á sannsögulegum atburðum með Antonio Banderas í aðalhlutverki. Danskennari er fenginn til að kenna vandræðaunglingum dans. Baráttan við brotna sjálfsmynd þeirra og viðhorf annarra í þeirra garð flækir verkefnið til muna.
**22.55** **Läckberg: Týnda barnið**
**00.30** **Indiana Jones og kóngsríki kristallshöfuðkúpunnar**
**02.30** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**14.35** **Cheers**
**15.00** **Royal Pains**
**15.45** **Once Upon a Time**
**16.30** **Beauty and the Beast**
**17.10** **Agents of S.H.I.E.L.D.**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Talk**
**19.10** **Secret Street Crew**
**19.5** **Parks & Recreation**
**20.15** **The Voice**
**21.45** **The Voice**
**22.30** **Sex & the City**
**22.55** **Californication**
**23.25** **Law & Order: SVU**
**00.10** **The Affair**
**01.00** **Necessary Roughness**
**01.50** **The Borgias**
**02.40** **Sex & the City**
**03.05** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.10** Inside The PGA Tour **08.35** World Golf Championship **14.35** PGA Tour **19.15** Golfing World **20.05** Champions Tour Highlights **21.00** World Golf Championship

## HRINGBRAUT

**10.00** Þjóðbraut **11.00** Sjónarhorn **11.30** Lífsins list **12.00** Þjóðbraut **13.00** Sjónarhorn **13.30** Lífsins list **14.00** Þjóðbraut **15.00** Sjónarhorn **15.30** Lífsins list **16.00** Þjóðbraut **17.00** Sjónarhorn **17.30** Lífsins list **18.00** Þjóðbraut **19.00** Sjónarhorn **19.30** Lífsins list **20.00** Fólk með Sirrý **21.00** Kvennaráð **21.30** Mannamál **22.15** Lífsins list **22.45** Eðaltónar **23.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# OKKAR VERÐ

## OPIÐ Í DAG
## 1. MAÍ 13-16







# NÝJAR VÖRUR
# SUMAR 2015

**VERÐDÆMI**

### Börn

| | |
|---|---|
| Flíspeysur | 2.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,-. |
| Softshell buxur | 5.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.490,-. |
| Isotex 10000 jakkar | 7.990,-. |
| Core stretch peysur | 4.490,-. |
| Core stretch buxur | 3.490,-. |
| Skór | 7.490,-. |
| Svefnpokar | 4.990,-. |
| Smávara ofl. | |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 2.490,-. |
| Skyrtur | 2.990,-. |
| Flíspeysur | 3.990,-. |
| Softshell peysur | 5.990,-. |
| Core stretch peysur | 5.490,-. |
| Core stretch buxur | 3.990,-. |
| Buxur | 4.990,-. |
| Softshell buxur | 8.490,-. |
| Zip off buxur | 8.990,-. |
| Kvart buxur | 6.990,-. |
| Stretch buxur | 7.990,-. |
| Regnbuxur | 1.990,-. |
| Regnjakkar | 2.990,-. |
| Kápur | 8.990,-. |
| Skór | 7.490,-. |
| Bakpokar | 4.990,-. |
| Svefnpokar | 6.490,-. |
| Dýnur | 2.990,-. |
| Tjöld | 13.990,-. |
| Smávara ofl. | |

**OPIÐ**

**Virka daga 11-18**
**Laugard. 11-16**
**Sunnud. 13-16**





REGATTA GREAT OUTDOORS®

CRAGHOPPERS

DARE 2b

ÚTIVIST & SPORT 20

1995 - 2015



Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Það er Proud Mary. Þegar þetta lag fer af stað getur maður einfaldlega ekki annað en hrist á sér rassinn og dottið í stuð.“**

Bryndís Ásmundsdóttir leikkona

# Leitinni að Reyni Pétri lauk hjá togarasjómanni við Grænlandsstrendur í gærdag

### Mikil gleði greip um sig á Sólheimum þegar í ljós kom að styttan af Reyni Pétri hefði fundist heil á húfi.

„Ég fer í bæinn og sæki mig,“ sagði göngugarpurinn Reynir Pétur Ingvarsson þegar símtalið barst, um miðbik dagsins í gær. Hafði Reynir þá leitað logandi ljósi að styttu sem mótuð var af honum fyrir um þrjátíu árum í tilefni göngu hans hringinn í kringum landið. Reynir, í samstarfi við Valgeir Fridolf Backman, félagsmálafulltrúa á Sólheimum, setti inn fésbókarfærslu þar sem upplýsinga um styttuna var óskað. Slóð hennar virtist með öllu hulin en vinir Reynis tóku við sér og deildu færslunni af öllum mætti. „Tæpum tíu klukkustundum síðar er hringt í okkur utan af Grænlandshafi þar sem núverandi eigandi styttunnar lét okkur vita hvar hún væri niðurkomin,“ segir Valgeir. Var það Jónas Hallur Finnbogason togarasjómaður sem var á línunni með þessar gleðifréttir og sagðist glaður vilja senda Reyni Pétur í sumardvöl á Sólheima til hins raunverulega Reynis Péturs. „Við munum því gera okkur bæjarferð í næstu viku og sækja styttuna, sem er staðsett í Borgartúninu á skrifstofu Jónasar,“ segir Valgeir og bætir við: „Reynir hafði strax orð á að hann langaði mikið til að gefa Jónasi kaffi til að mýkja hann svolítið upp.“

Styttan, sem er um metri á hæð, var smíðuð af listakonunni Ríkeyju á sínum tíma. Lengi vel var hún í glugga Ríkeyjar á Hverfisgötunni. Mun hún verða til sýnis á Sólheimum í sumar. - ga








# Útlendingapössun á börum borgarinnar

### Reykjavík Rocks tekur að sér að sinna forríkum ferðamönnum sem vita ekki aura sinna tal, en þrá að kynnast íslensku næturlífi. Bandaríkjamenn í meirihluta.

„Ég var með hóp ekki alls fyrir löngu sem eyddi rúmlega tveimur og hálfri milljón, á þremur klukkustundum, á skemmtistað hérna í miðborginni, á sunnudagskvöldi,“ segir Unnar Helgi Daníelsson, eigandi Reykjavík Rocks. Gefur fyrirtækið sig meðal annars út fyrir að taka á móti erlendum ferðamönnum sem vilja kynna sér næturlífið á Íslandi gaumgæfilega. „Við tölum stundum um að við sérhæfum okkur í útlendingapössun,“ segir Unnar og bætir við að kúnnahópurinn samanstandi aðallega af bandarískum karlmönnum sem vinna í tölvubransanum, svo sem Facebook og Foursquare. Auk þess séu ríkir Rússar að sækja í sig veðrið, en þeir tali lítið og eyði miklu í vín.

Unnar segir týpurnar sem nýti sér þjónustuna þó eins ólíkar og þær eru margar: „Við sníðum þetta bara eftir þeim sem koma hverju sinni, en ég tek vissulega eftir mynstri þar sem hingað koma margir ríkustu menn heims eða lið sem hafa náð langt í sínum greinum.“

#### Vinsælustu staðirnir

Spurður um hvaða staðir séu vinsælastir meðal ferðamannanna, stendur ekki á svörum og segir hann B5 og Loftið laða að, en séu tónlistarmenn meðal viðskiptavina sé Kaffibarinn iðulega vænlegur til vinnings.

„Þeir sem við höfum fengið til okkar fara héðan elskandi íslenska næturlífið, og menninguna hérna almennt. Ísland trónir á toppi eftirsóttustu landa í Evrópu í augum þeirra sem ætla að halda almennileg steggjapartí og ég finn mikið fyrir því í þessu fagi.“



**TÖFF BRANSI** Unnar lagar þjónustu sína að þörfum viðskiptavina, með skrautlegum afleiðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

#### Klikkað lið

Unnar segir Reykjavík Rocks leggja allt í sölurnar til að uppfylla kröfur viðskiptavina sinna, sem oftar en ekki séu villtari en gengur og gerist. „Þegar finnski ökuþórinn Kimi Raikkonen vildi komast sem næst tunglinu valdi hann að ferðast til Íslands,“ segir Unnar og undirstrikar þannig ákveðna stemningu í hópnum. „En ætli það fáránlegasta hafi ekki verið þegar við urðum að sjá til þess að einn kúnni okkar gæti riðið, á nærbuxunum einum fata, um leið og hann lenti á skerinu og beinustu leið ofan í Bláa lónið,“ segir hann og skellir upp úr.

Unnar segist lengi hafa verið talsmaður þess að markaðssetja næturlífið á Íslandi markvisst í tengslum við ferðaþjónustuna. „Mér sýnist samt að það hafi nánast markaðssett sig sjálft undanfarin ár, svona miðað við hvaða fólk er að heimsækja landið,“ skýtur hann að í lokin. gudrun@frettabladid.is


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


# Hlakkar til að sjá Wu-Tang Clan

### Ósk Gunnarsdóttir tók við stöðu kynningarstjóra Secret Solstice fyrir skemmstu.

Útvarpskonan Ósk Gunnarsdóttir er nýr kynningarstjóri tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice. „Aðstandendur hátíðarinnar höfðu samband við mig í mars, en mér fannst þetta frábært tækifæri til þess að fá að vinna með frábæru fólki og listamönnum á hátíðinni. Svo eru það hlutir sem fylgja eins og að fara í þyrluflug með Blaz Roca og drekka kampavín, það gerist ekkert á hverjum degi,“ segir hún hress. Ósk hefur þó alls ekki sagt skilið við útvarpið og sjónvarpið, enda er starf kynningarstjórans aðskilið frá þessu tvennu. „Það er bara eitt orð sem skiptir máli og það er skipulag. Þetta er krefjandi vissulega, en sonur minn Benjamín, kærasti, fjölskylda og vinir eru í fyrsta sæti og þau eru ástæðan fyrir því að ég get gert það sem ég er að gera.“



**NÆSTUM UPPSELT** Ósk segir að eins og staðan sé núna, þá verði uppselt á Secret Solstice. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Secret Solstice fer fram í júní, og lítur allt út fyrir að uppselt verði á hátíðina. „Við komum 10.000 manns á svæðið í ár og núna lítur út fyrir að það verði uppselt. Við erum gríðarlega þakklát fyrir þær móttökur sem við höfum fengið.“ Sjálf segist Ósk spenntust fyrir Wu-Tang Clan. „Ég ólst upp við að allur sjöundi bekkur í skólanum mínum hittist hjá skólabróður okkar í Wu Wear og hlustaði á Wu-Tang Forever. Það var ekkert betra.“ - asi

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


OPIÐ FÖSTUDAGINN 1. MAÍ Í ÖLLUM BÚÐUM!
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM*
TILBOÐIN GILDA AÐEINS FRAM Á SUNNUDAG 3. MAÍ
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
Allir hægindastólar
25%
afsláttur
Frábært úrval af efnum
Öll efni
25%
afsláttur
Allar útidyramottur
20%
If you're rich good looking & single I'm home
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR 01.05 - 03.05

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spurn eftir sjörunum

„Ég er í þessum töluðu orðum að brjóta saman kjóla í ferðatöskur,“ segir **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**. Hún og vinkonur hennar, Edda Hermannsdóttir og Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, ætla að selja flíkur úr fataskápum sínum í Kolaportinu á sunnudag.



„Við ætlum að mæta með troðfullar ferðatöskur af alls konar sjónvarpsfötum og ritstjórafötum og ég veit ekki hvað og hvað.“ Ragnhildur segir þetta vera í fjórða skipti sem hún fer í Kolaportið með fötin sín. „Ég held að við séum komin með fastakúnna sem bíða fyrir utan þegar opnar,“ segir hún.

- jhh

### Sýnir í sama leikhúsi og Amy Poehler

**Steiney Skúladóttir** heldur út til New York í lok júní ásamt spunaleikhópnum Improv Iceland: The Entire Population of Iceland, til þess að taka þátt í Del Close-maraþonspunahátíðinni. Steiney birti á Twitter-síðu sinni að hún hefði áttað sig á að hópur leikkonunnar Amy Poehler væri að sýna í sama leikhúsi, á sama tíma og þau. „Hún er svo æðisleg, hún er það fyndnasta sem ég veit! Við erum að vona að við fáum að hitta hana, það væri rosalegt.“ Hópurinn kemur fram í einu stærsta leikhúsi New York-borgar 26.-28 júní.



- asi

## Mest lesið vísir

1 „Hafið þið hjónin þá ekki lagt fram kæru á Kaupþingsmenn fyrir skjalafals?“
2 Gagnrýna að dæmdur skattsvikari annist akstur fatlaðra og kæra Strætó
3 Indland: Fjórtán ára stúlku hent úr strætisvagni og hún lést
4 Víðir hættir hjá Almannavörnum
5 Íslendingur fékk fjögurra ára dóm fyrir fíkniefnasmygl í Svíþjóð

## VINNAN

tímarit ASÍ fylgir blaðinu í dag





